

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Samantekt úrskurða 2000

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 3/2000
M (bóndi/eigandi hross)
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðar

Umferðaróhapp er ekið var á hross á Ólafsvíkurvegi 25.08. 1999.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 04.01. 2000.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Frásögn málskotoaðila.
4. Frásögn ökumanns bifreiðarinnar dags. 01.10. 1999.
5. Afrit blaðs sem geymir svör málskotsaðilans við spurningum v/atvika máls þessa.
6. Yfirlýsing málskotsaðilans um kröfu vegna máls þessa.
7. Afrit hluta reglugerðar nr. 325/1995 um girðingar með vegum og vegalaga nr. 45/1994.
8. Upplýsingar sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dags. 18.09. 1988.
9. Ljósmyndir af aðstæðum (ástandi girðinga).
10. Fylgiseðill vátryggingafélagsins dags. 10.01. 2000 þar sem hjálagt fylgdu ljósmyndir af aðstæðum.
11. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1323/1999.

Málsatvik.

Viðkomandi bifreið var ekið á hross í eigu málskotsaðilans. Álitafnið er hvort ökumaður bifreiðarinnar beri bótaábyrgð vegna tjónsáburðar máls þessa.

Málskotsaðilinn getur þess m.a. að hrossið hafi ásamt fjórum öðrum hrossum sloppið út af túni þar sem girðing er bæði fjárheld og hrossheld.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðstæður á vettvangi þ. á m. um ástand girðinga og viðhorf aðila þ.e málskotsaðilans og ökumanns bifreiðarinnar.

Lögreglan getur vettvangs og afstöðu aðila. M.a. kemur fram að bifreiðin hafi verið mikið skemmd að framan og óökuhæf og að sögn málskotsaðilans hafi hesturinn farið ásamt fleirum út um opið hlið sem er á veginum heim að bænum.

Fram kemur að öll lausaganga hrossa er bönnuð á þessu slóðum.

Vátryggingarfélagið hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að málskotsaðilinn hafi ekki sýnt fram á að vörslur umræddra hrossa hafi verið fullnægjandi með tilliti til banns við lausagöngu hrossa. Vegna þessa þykir rétt að fella niður bótarétt málskotsaðilans með vísan til heimildar 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Niðurstaða.

Bótaréttur málskotsaðilans er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. febrúar 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 4/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðar
og
Vátryggingafélagið Y v/bensínafgreiðslu

Umferðaróhapp við bensínafgreiðslu á Blönduósi þann 18.10. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 04.01. 2000.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Bréf málskotsaðilans til vátryggingafélags Y dags. 03.11. 1999.
4. Bréf vátryggingafélags Y til nefndarinnar dags. 17.01. sl. þar sem hjálaga fylgdi afrit ódagsettrar yfirlýsingar starfsmanns bensínafgreiðslunnar.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 1265/1999.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum varð tjón á umræddri bifreið og bensíndælu er ökumaður bifreiðarinnar ók af stað án þess að búið var að aftengja bensíndælu við bifreiðina. Fyrirbyggjandi gögn geta samskipta aðila þ.e. ökumanns og starfsmanns bensínafgreiðslunnar.

Málskotsaðilinn telur að áfylling sé hluti af þeirri þjónustu sem fylgir bensínkaupum og að tjón vegna máls þessa megi rekja til starfsmanns bensínafgreiðslunnar en ekki ökumannsins. Fram kemur m.a. “þegar ég hef greitt fyrir bensínið og þjónustuna sem er innifalin í verði bensínsins tel ég að afgreiðslu og viðskiptunum sé lokið”. Fram kemur að “þegar bensínafgreiðslumaðurinn segir mér að dælan sé tengd bílnum mínum segir hann mér það svo lágt að ég heyri ekki hvað hann segir, auk þess sem hann er byrjaður að afgreiða aðra konu þannig að það er alls ekki greinilegt að hann sé að tala til mín. Sem ég taldi að hann væri ekki að gera.”

Umræddur afgreiðslumaður lætur þess getið m.a. að hann hafi fyllt á bílinn og “lét viðkomandi borga, og bað hana jafnframt að fara ekki af stað því ég ætti eftir að taka byssuna úr stútnum, en sennilega hefur hún ekki heyrt það eða gleymt því” með umræddum afleiðingum.

Vátryggingafélag Ísland hf. telur að sök liggja alfarið hjá ökumanninum, hann hafi ekið af stað án þess að viðhafa eðlilega aðgát. Hann hefði átt að gæta þess hvort búið var að aftengja bensíndæluna.

Álit.

Nefndin telur að tjónsatburð máls þessa megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar. Það var óvarlegt af ökumanninum að aka af stað án þess að gæta þess hvort búið var að aftengja bensíndæluna við bifreiðina. Unnt er að fallast á það sjónarmið að áfylling sé hluti af þeirri þjónustu sem fylgir bensínkaupum en ekki er unnt að taka undir það sjónarmið að tjón vegna máls þessa megi rekja til starfsmanns bensínafgreiðslunnar en ekki ökumanns bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar ber ábyrgð á tjónsatburði máls þessa. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð starfsmanns þeirrar bensínafgreiðslu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. febrúar 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðný Björnsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 6/2000

M v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur v/verktakans B.

Umferðaróhapp 08.11. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 07.01. 2000.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Yfirlit vátryggingafélagsins (“tjónstilkynning”) sem getur niðurstöðu Tjónanefndar.
4. Greinargerð verktakans til vátryggingafélagsins ásamt afstöðuteikningu varðandi merkingar um framkvæmdir.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 21.01. 2000.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1315/1999.
7. Bréf úrskurðarnefndar til vátryggingafélagsins dags. 02.02. 2000 þar sem óskað var viðbótarupplýsinga, afriti sent málskotsaðila. Ítrekun send með bréfi dags. 29.02. 2000.
8. Bréf lögmans verktakans dags. 08.03. 2000 þar sem veittar eru viðbótarupplýsingar.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var tilkynnt um tjón á A sem hlaust við það þegar bifreiðinni var ekið suður aðreinina frá Reykjanesbraut að Fífuhvamsvegi. Fram kemur að báðir hjólbarðar A hafi sprungið að framan og aftan hægra megin og felgur beyglast. Á vettvangi áttu sér stað framkvæmdir og af þeim sökum var búið að færa akstursleiðina utarlega í beygju aðreinarinnar. Lögreglan getur þess að mikill mismunur var “á hægri brún vegar og vegarakslar, 14 cm þar sem hæst var. Vegurinn mældist 2.10 m á breidd og því erfitt að aka veginn í myrkri án þess að eiga í hættu að aka af kantinum.” Lögreglan getur ekki frásagnar aðila. Fram kemur að “kærandi hafði samband við” B (verktakann) og fékk þar upplýsingar að fyrirtækið væri með vátryggingu hjá umræddu vátryggingafélagi.

Málskotaaðilinn A telur að merkingar hafi ekki verið í lagi. Engin lýsing hafi verið á vettvangi og að lögreglan láti þess getið að erfitt hafi verið að aka veginn án þess að eiga á hættu að aka fram af kantinum. Að engin merking hafi verið “við sjálfa holuna sem var það djúp að vera til þess fallin að valda miklu tjóni.” Hann telur það saknæma vanrækslu af hálfu starfsmanna verktakans sem verktakinn beri húsbóndaábyrgð á. Fram kemur að a.m.k. ein önnur bifreið hafi lent í tjóni á sama stað og að “ökumaður þeirrar bifreiðar var atvinnubílstjóri.”

B getur aðstæðna á vettvangi í fyrirbyggjandi greinargerð. Fram kemur m.a. að um vinnusvæði er að ræða og þar gildi ákveðnar reglur hvað varðar rampann frá Reykjanesbraut að Fífuhvamsvegi í vestur. Umferðarmerkjum hafi sérstaklega verið komið fyrir á þessu svæði. Hann telur það dapurlega staðreynd að lítið hlutfall ökumanna virðir slíkar merkingar og “fátt sem getur komið í veg fyrir að ökumenn skapi tjón á bifreiðum sínum ef ekki er farið eftir þeim varúðarráðstöfunum sem komið er fyrir ökumönnum til leiðbeiningar.” Hann telur ekki vera um vanrækslu verktakans að ræða heldur “aðgæsluleysi ökumanna.”

Vátryggingafélagið telur að tjónsatburð máls þessa verði ekki rakinn til mistaka starfsmanna B eða annarra orsaka sem leiði til skaðbótaábyrgðar ábyrgðartryggjanda.

Fulltrúi B lætur þess getið í viðbótarupplýsingum til nefndarinnar að unnið hafi verið við breikkun Reykjanesbrautar frá Breiðholtsbraut að Hagasmára og breytingar á römpum og öðrum tengivegum. Er tjónið varð hafi allt svæðið verið verið framkvæmdasvæði með greinargóðum merkingum um að þar stæðu yfir framkvæmdir. Þar voru áberandi skilti er greindu að vinnusvæði

væri framundan og að hámarkshraði væri þar 30 km/klst. Fram kemur og að “við breytingar á akrein þar sem tjónið varð þurfti að færa umferð utar í akreinina. Vegna slæms veðurs var ekki unnt að malbika á þessu tíma og var í samráði við verkkaupa ákveðið að leggja fyllingu upp að malbikaðri akrein. Hæðarmunur hefur líklega orðið vegna þjöppunar efnis í fyllingu. Vegna þeirra aðstæðna þ.e. þar sem malbikuð akrein var þröng og hætta á brún milli malbiks og fyllingar, var svæðið sérstaklega merkt og athygli ökumanna skýrt vakin á því að hámarkshraði á svæðinu væri 30 km á klukkustund.” B telur að ökuhraði A hafi verið meiri en leyfilegt var og að “sú staðreynd hafi valdið tjóni hennar.” Hann telur ámælisvert að ekki liggur fyrir skýrsla lögreglu um hversu hratt A ók. Hann telur engan vafa leika á því að tjón hefði ekki orðið á bifreiðinni ef leyfilegum hámarkshraða hefði verið fylgt. Hann telur að hann hafi farið í einu og öllu að reglum um merkingar á vinnusvæðinu og telur örökstutt að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi starfsmanna B.

Álit.

Fullvíst má telja að vegi hafi verið raskað í skilningi 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Álitaefni máls þessa er hvort þær varúðarmerkingar sem starfsmenn B settu hafi verið fullnægjandi í skilningi nefndrar greinar og/eða hvort ökumaður bifreiðarinnar beri ábyrgð á því tjóni sem varð að hluta eða öllu leyti.

Lögreglan getur þess að “mikill mismunur var á hægri brún vegar og vegarakslar, 14 cm þar sem hæst var” og “því erfitt að aka veginn í myrkri án þess að eiga í hættu að aka af kantinum.”

Nefndin telur ósannaða þá fullyrðingu B að engin vafi leiki á því að tjón hefði ekki orðið á bifreiðinni ef leyfilegum hámarkshraða hefði verið fylgt.

Óupplýst er hversu lengi umræddar aðstæður voru fyrir hendi á vettvangi máls þessa.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum getur nefndin ekki fallist á að fullnægjandi hafi verið staðið að merkingum. Þær aðstæður voru fyrir hendi, líklega vegna þjöppunar efnis í fyllingu, að nauðsynlegt hefði verið að grípa til fyllri ráðstafana en þeirra að hafa merki um vegaframkvæmdir og 30 km hámarkshraða.

Nefndin telur að B beri ábyrgð á þeirri hættu sem fyrir hendi var og getið er í skýrslu lögreglu. Hún getur ekki fallist á að vettvangur hafi verið merktur á fullnægjandi hátt í skilningi 86. gr. umferðarlaga.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðarinnar, þrátt fyrir að óupplýst sé um ökuhraða bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. mars 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 10/2000

**M og
Vátryggingafélagið V v/áb.tr. Kópavogsbæjar.**

Slys í Sundlaug Kópavogs þ. 11.7.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.1.2000. ásamt skýrslu v. slyss og bréfi dags. 10.10.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 1312/1999
3. Lögregluskýrsla dags. 11.7.1999.
4. Bréf V dags. 23.11. 1999 og 18.1.2000.
5. Bréf v. Sundlaug Kópavogs dags. 6.9. og 23.11.1999.
6. Yfirlýsing 3 sundlaugargesta dags. 10.10.1999.
7. Ljósmyndir á tölvudisklingi.

Málsatvik.

M fór í sund í Sundlaug Kópavogs og síðan í útisturtu og þaðan í útiskýli til að þurrka sér og klæða, en þegar M kom að skýlinu rak hún fæturnar í mottu á gólfinu og datt, en M segir að mottur sem eru á gólfinu hafi lagst á víxl upp á hvor aðra og það hafi valdið því að hún féll og lærbrotnaði. Skv. lögregluskýrslu sagðist M hafa dottið þegar hún var að þurrka sér eftir sundið. V hafnar bótaábyrgð og telur aðstæður á slystað óaðfinnanlegar og megi rekja slys M til óvarkárni hennar sjálftrar. Í bréfi frá Sundlaug Kópavogs segir, að M hafi sagt á laugarverði á vettvangi að hún hefði dottið og hafi hann kannað hvort eitthvað hálkumyndandi væri á gólfinu, en svo hafi ekki verið. Í vottorði 3. sundlaugargesta segir, að þeir hafi oft komið að útiskýlinu þannig að mottur hafi legið á misvíxl.

Álit.

Þrátt fyrir það, að mottur þær, sem að M segist hafa dottið um hafi legið á misvíxl svo sem M heldur fram, þá leiðir það ekki til bótaskyldu í máli þessu. Sundlaugargestir vita og mega vita, að gæta þarf ítrustu varkárni á sundstöðum sérstaklega við sundlaugar og í og við búningsklefa og sturtur. Af þeim ástæðum m.a. verður að gera þær kröfur til sundlaugargesta, að þeir hafi varan á gagnvart minniháttar frávikum eins og um var að ræða í því tilviki sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

Bótaskylda V er ekki fyrir hendi í máli þessu.

Reykjavík 8.2.2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 11/2000

M

og

Líftryggingarfélagið X v/sjúkra- og slysátryggingar (hóprýggingar)

Ágreiningur um hvort váttryggingavernd hafi verið í gildi á tjónsdegi 15.08. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.01. 2000.
2. Váttryggingarskírteini dags. 20.07. 1998.
3. Váttryggingarskilmálar.
4. Bréf váttryggingafélagsins dags. 29.07. 1999, 23.10. 1999, 06.01. 2000 og 03.02. 2000 þar sem hjálaga fylgdi afrit váttryggingaumsóknar M dags. 09.06. 1998 og samantekt félagsins til Tjónanefndar váttryggingarfélaganna dags. 15.11. 1999.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila dags. 28.10. 1999.
6. Yfirlit lífeyrissjóðs dags. 21.12. 1999 og 13.10. 1999 og yfirlýsing dags. 22.12. 1999.
7. Læknisvottorð.
8. Mál úrskurðarnefndar nr. 49/1995.
9. Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-4939/1995.
10. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna nr. 445/1999.

Málsatvik.

Ágreiningur aðila er um hvort bótaábyrgð vegna hóprýggingar hafi verið fallin niður er M slasaðist þann 15.08. 1999. Málsatvik er óþarft að rekja ítarlega, en eftirfarandi skal getið.

M keypti umrædda hóprýggingu sem í boði var í tengslum við tiltekið verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóð. Hún tók gildi þann 24.06. 1998. Skyldi iðgjaldið innheimtast af inneign í séreignardeild lífeyrissjóðsins skv. sérstöku samkomulagi lífeyrissjóðsins/verðbréfafyrirtækisins og váttryggingafélagsins. Váttryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu vegna þess að iðgjald hafi verið í vanskilum. Váttryggingin hafi verið felld niður með bréfi félagsins til M dags. 29.07. 1999.

M heldur því fram m.a. að hann hafi ekki vitað um nákvæma greiðslustöðu iðgjalda vegna þess greiðslufyrirkomulags sem viðhaft var. Hann kveðst ekki hafa fengið tilkynningu frá váttryggingafélaginu um brottfall váttryggingarinnar (dags. 29.07. 1999) eða innheimtubréf á "meintum vanskilum eða viðvaranir um niðurfellingu tryggingarinnar eða önnur yfirlit um stöðu mála hvorki frá lífeyrissjóðnum eða tryggingafélaginu." Fram kemur að hann hafi greitt þann 30.12. 1998 kr. 50.000,00 inn til lífeyrissjóðsins án þess að gerð væri grein fyrir sundurgreiningu og fjárhæð iðgjalds eða uppsöfnun í sjóði. Hann vekur athygli á því að samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti sjóðsins megi sjá að greitt var iðgjald vegna tímabilsins 01.08. 1998 – 01.02. 1999 þann 10.03. 1999 eða tæpum 1½ mánuði eftir lok tímabilsins (gjald dagar voru tveir á ári þ.e. 1. febrúar og 1. ágúst). M kveðst engu hafa ráðið um það hvenær greiðsla frá lífeyrissjóðnum barst tryggingafélaginu, samningur hafi verið þeirra í milli um það. Hann telur að samkomulag lífeyrissjóðsins (f.h. sjóðsfélaga) og váttryggingafélagsins hafi verið sérstakt samkomulag um gjalddaga iðgjalda þannig að reglur váttryggingarskilmála um brottfall tryggingar vegna vanskila eigi ekki við en fyrirkomulag innheimtunnar var þannig að iðgjaldakrafan var send viðkomandi lífeyrissjóði er sá um greiðslu iðgjalds "væri inneign sjóðfélaga næg, annað hvort að hluta eða öllu leyti." Að brottfall váttryggingar vegna vanskila eigi ekki við þar sem um annað hafi verið samið. Þessu til stuðnings vísar hann til álits Úrskurðarnefndar í máli 49/1995 og Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4939/1995. Hann telur að gera verði stangar kröfur til váttryggingafélaga í

Þessu efni þar sem um mikilsverð réttindi sé að ræða, ekki síst þegar litið er til innheimtuferilsins sem fer fram í gegnum þriðja aðila skv. sérstökum samningi þar að lútandi. Hann telur að umrædd slysatrygging hafi verið í gildi á slysdegi og henni hafi ekki verið sagt upp eða felld niður í samræmi við lög eða gildandi váttryggingarsamning.

Váttryggingafélagið hafnar sjónarmiðum M. Það telur að ábyrgð vegna váttryggingarinnar hafi verið fallin niður á tjónsdegi vegna vanskila á greiðslu iðgjalds. Það leggur áherslu á að M krefur um bætur úr hóptryggingu fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum, en hann hafði gerst aðili að þeim sjóði. Að verðbréfafyrirtækið, sem starfrækir sjóðinn, sé váttryggingartaki og greiði iðgjald til félagsins, M sé hins vegar váttryggður. Að með aðild að sjóðnum sé gert ráð fyrir því að sjóðfélagi greiði reglulega (mánaðarlega) í sjóðinn. Iðgjaldið skuli greiða reglulega af sjóðsinneign viðkomandi. Igjaldskröfum hafi með réttu verið beint til verðbréfafyrirtækisins sem váttryggingartaka. Verði misbrestur á greiðslu iðgjalda, líkt og í þessu tilviki, leiði það til þeirra réttaráhrifa sem váttryggingarsamningurinn kveður á um og eftir atvikum lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. “Undan því verður ekki vikist”. Getið er m.a. að váttryggingartaki hafi verið krafinn um iðgjald á öðrum gjalddaga 1. febrúar 1999, og að inneign hafi ekki verið nægileg “til frekari greiðslu iðgjalda. Vanskilin leiddu til þess að váttryggingin féll niður sbr. bréf til málskotsaðila dags. 29.07. 1999. Niðurfelling tryggingarinnar er í fullu samræmi við fyrirmæli 15. gr. laga 20/1954 um váttryggingarsamninga.” M hafi mátt vera ljóst að langvarandi greiðslufall í lífeyrissjóðinn myndi leiða til slíkrar niðurstöðu “enda dlar forsendur fyrir áframhaldi tryggingarinnar löngu brostnar.” Félagið mótmælir staðhæfingu M um að samkomulag aðila um gjalddaga iðgjalda hafi þau áhrif að reglur váttryggingarskilmála um brottfall váttryggingar vegna vanskila eigi ekki við. Fram kemur að í samkomulagi aðila komi skýrt fram sbr. bréf félagsins dags. 06.01. 2000, að ef næg innstæða reynist ekki vera fyrir hendi fyrir öllum gjaldföllum iðgjöldum á öðrum gjalddaga eftir að vanskil urðu, þá falli váttryggingin úr gildi. Félagið telur að niðurstaða Úrskurðarnefndar í máli 49/1995 og Héraðsdómur Reykjavíkur í máli E-4939/1995 eigi við í þessu tilviki. Félagið hafi sent M bréf dags. 29.07. 1999 á uppgefið heimilisfang hans og að hann hafi áður fengið póstsend gögn á það heimilisfang þ. á m. váttryggingarskírteini. Afrit af umræddu bréfi liggi fyrir og ekki sé ástæða til að ætla annað en að það hafi verið sent. Ef M ætli að halda öðru fram þá hafi hann sönnunarbyrði um það sbr. dóm Hæstaréttar 1986 bls. 1121. Félagið getur þess að váttryggingunni hafi ekki verið sagt upp á grundvelli gagnkvæms uppsagnarréttar skv. 1. gr. váttryggingarskilmála, heldur hafi hér verið um að ræða að váttryggingin féll niður vegna greiðslubrests á iðgjöldum. Váttryggingin hafi því ekki verið í gildi þegar M slasaðist.

Álit.

Gera verður auknar kröfur til aðila þegar greiðslur iðgjalda fara í gegnum þriðja aðila skv. sérstökum samningi þar að lútandi. Umræddur lífeyrissjóður og vörsluaðila hans, eiga að gæta hagsmuna váttryggðra m.a. með greiðslu iðgjalds. Þeir bjóða þjónustu sína, líkt og váttryggingafélagið, á grundvelli sérþekkingar sinnar. Þeir taka á sig víðtækar skyldur og bera um leið aukna ábyrgð. Virðist hafa skort á fagleg vinnubrögð aðila, fullvíst má telja að betur hefði mátt standa vörð um hagsmunum váttryggðs t.d. með fyllri upplýsingagjöf um réttaráhrif vanskila. Álitefnið er m.a. hvort vinnubrögð aðila hafi sérstök réttaráhrif eða hvort leggja skuli til grundvallar það samkomulag aðila sem kveður m.a. á um réttaráhrif vanskila.

Lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, hafa ekki sérstök ákvæði um hóptryggingar. Þegar gerður er samningur um hóptryggingu er mikilvægt að kveða á um réttindi og skyldur aðila þ.e. váttryggingafélagsins, váttryggingartaka (oftlega nefndur fulltrúi hópsins) og váttryggðra. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að váttryggingataki hafi verið krafinn um greiðslu iðgjalds vegna M og að greiðslur hafi verið í vanskilum. Í samkomulagi aðila er skýrt kveðið á um réttaráhrif vanskila. Nefndin telur að eftir því samkomulagi skuli farið. Váttryggingatímabilið var hálf ár í senn frá 1. febrúar til 31. júlí og 1. ágúst til 31. janúar ár hvert. Átti váttryggingartaki að greiða “iðgjaldið fyrir hönd allra tryggðra sem samningur þessi nær til. Ef innstæða hins tryggða

nægir ekki fyrir iðgjaldi á gjalddaga færast innheimta þess til næsta gjalddaga. Ef ekki reynist næg innstæða við þann gjalddaga fyrir öllum gjaldföllum iðgjöldum, fellur tryggingin úr gildi.” Vátryggingafélagið upplýsir að það hafi kafið vátryggingartaka um greiðslu iðgjaldsins en innstæða hafi ekki verið fyrir hendi og því hafi vátryggingin verið felld úr gildi. Réttaráhrif vanskila séu þau að vátryggingaverndin hafi verið fallin niður á tjónsdegi. Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin að bótaréttur sé ekki fyrir hendi samkvæmt umræddri vátryggingu vegna vanskila á greiðslu iðgjalds. Fullvíst má telja að skort hafi á upplýsingagjöf aðila en jafnframt hefði M mátt kynna sér greiðslustöðu sína og hvaða áhrif vanskil kynnu að hafa. Samkomulag aðila kveður afdráttarlaust á um réttaráhrif vanskila og nefndin telur að eftir því samkomulagi skuli farið varðandi réttarstöðu M gagnvart vátryggingafélaginu.

Niðurstaða.

Bótaréttur er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi vátryggingu.

Reykjavík 22. febrúar 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðný Björnsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 26/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á þakrennu af völdum snjóþunga þann 12.12.1999.

Gögn.

1. Málskot móttækið 26.1.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 30/2000.
3. Tjónstilkynning, dags. 14.12.1999.
4. Bréf X, dags. 9.2.2000.
5. Skilmálar fasteignatryggingar.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu gaf þakrenna sig af völdum snjóþunga á bílskúr við húseign M í Reykjavík. Í málskoti lýsir M atvikum nánar á þann veg að snjór og klaki hafi safnast á þak og sligað niður þakrennu og þakrennubönd af þunganum. Krefst hann bóta úr snjóþungatryggingu sem er innifalin í fasteignatryggingu sem hann hefur keypt hjá tryggingafélaginu. Félagið hefur hins vegar hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum fyrir téða snjóþungatryggingu segir að vátryggingin bæti “tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar.” Eins og að ofan greinir lýsir M atvikum svo að snjór og klaki hafi safnast á þak bílskúrsins. Þakrenna og þakrennubönd hafi svo sligast undan þunganum. Af lýsingu þessari verður ekki ráðið að skyndilegur snjóþungi hafi sligað þak bílskúrsins umrætt sinn. Ekkert liggur heldur fyrir í málgögnum um að snjóþunga hafi verið slík áður en þakrennan brast að ætla megi að skyndilegur snjóþungi hafi sligað hana og þakrennubönd. Tjón M telst því ekki vera bótaskyld úr snjóþungatryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr snjóþungatryggingu fasteignatryggingar hans hjá X.

Reykjavík, 29. febrúar 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 46/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vélgröfu.

Óhapp er útveggur bogaskemmu hrundi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.2.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 69/2000.
3. Tjónstilkynningar, dags. 21.11.1999.
4. Útskrift úr tjónsannál X þann 23.11.1999.
5. Útskrift af tölvupósti, dags. 25.11.1999 og 20.12.1999.
6. Upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins um jarðirnar B og C.
7. Ljósmyndir.
8. Skilmálar.
9. Skýrsla bæjartæknifræðings, dags. 10.2.2000.
10. Skýrsla stjórnanda vélgröfu, dags. í febrúar 2000.
11. Bréf X, dags. 3.1.2000 og 22.2.2000.
12. Bréf úrskurðarnefndar til málskotsaðila, dags. 14.3.2000.
13. Bréf málskotsaðila til nefndarinnar, dags. 20.3.2000.

Málsatvik.

Þann 21.11.1999 var unnið við að grafa fyrir svokallaðri drenlögn meðfram grunni bogaskemmu við bæinn C í sveitarfélaginu S. Skemman mun vera í eigu málskotsaðila M, en við gröftinn var notuð vélgrafa í eigu A, bróður M, og stjórnaði hann gröfunni. Munu þeir bræður hafa unnið að verkinu í sameiningu, en A lagt á ráðin hversu djúpt var grafið. Svo virðist sem A hafi grafið um 20 cm niður fyrir grunninn samkvæmt ráðgjöf sem hann hafði fengið um gröft fyrir drenlögn við íbúðarhús. Þar sem skurður endaði hafi þurft að beita skóflu gröfunnar þvert á vegginn. Hafi þá e.t.v. verið “tekið of nærri honum” og skóflan rekist eitthvað í vegginn. Þar hafi byrjað að hrynja úr veggnum. Kvaðst A hafa lokið greftrinum og verið að setja sand við austurhluta veggisins þegar hann hafi sprungið fram.

Umræddri skemmu er í gögnum málsins lýst þannig að um sé að ræða gamalt fjárhús sem hafi verið tekið til nota sem vélageymsla. Þarna hafi verið um 130 til 150 cm djúpur áburðarkjallari. Grindur hafi verið fjarlægðar og síðan steipt í gólfið, en það ekki bundið út í veggina. Þegar húsið var byggt mun engin “kaka” hafa verið undir og lítil eða engin járnabinding í veggjum.

Bæjartæknifræðingur hjá S var fenginn til að skoða vegginn. Samkvæmt skýrslu hans mun steypujárn hafa verið sjáanlegt efst og neðst í veggnum, en að öðru leyti hafi ekki verið unnt að meta hversu mikið járn var í honum. Þá segir að við eðlilegar aðstæður ætti veggur að standa þótt grafið sé frá honum, en allir veggir leiti út vegna þrýstings frá þaki.

A keypti frjálsa ábyrgðartryggingu hjá X. Í sérstakri skýrslu A segir að hann telji sig bera ábyrgð á því hvernig tókst til, þar sem hann hafi stjórnað verkinu. Það hafi farið þannig fram að hann hafi mokað uppgreftrinum upp á sturtuvagn sem M hafi svo ekið á brott. Á meðan hafi hann grafið og einnig ákveðið hversu djúpt var grafið. Þá taldi A að veggurinn hafi gefið sig við það að grafan rakst í hann.

Í tjónsannál X segir að það sé skoðun þeirra sem fóru á vettvang að óvarlegt hafi verið að moka frá öllum veggnum og þar að auki niður fyrir hann og “vera svo að bröлта með gröfu við vegginn sem orsakar titring og jafnvel högg í hann.” Í bréfi félagsins til úrskurðarnefndar er því haldið fram að þeir M og A búi á sömu jörð, nýti sömu útihús, séu að hluta með sameiginlegan búskap

og vinni saman við búið. Þá hafi svo nán samvinna verið með þeim A og M við verkið og umgjörð þess að ekki verði skilin í sundur ábyrgð þessara aðila og því verði ekki gerður greinarmunur á ábyrgð hvors um sig. Verkið hafi þeir A og M unnið sameiginlega í þágu þeirra beggja og verkstjórn hafi verið í beggja höndum. Af þeirri ástæðu geti A ekki borið ábyrgð umfram M. Þá er því haldið fram af félaginu að ábyrgðartrygging A nái ekki til tjónsins með vísan til 5. gr. skilmála, þar sem skemman og þar með téður veggur hafi verið í vörslu vátryggðs, þ.e. A, og tjónið verði af verkinu eða við verkið, sbr. Hrd. 28.10.1999 í máli nr. 189/1999.

Álit.

Í máli þessu reynir á hvort A hafi með saknæmum hætti valdið því eða verið meðvaldur þess að veggur skemmunnar hrundi þannig að M eigi bótarétt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem A hafði keypt hjá X. Kemur hér einkum til skoðunar hvort A hafi grafið of djúpt niður með skemmuveggnum eða rekið skóflu gröfunnar í vegginn og með því valdið því að hann hrundi. Þá er ennfremur til skoðunar hvort ábyrgðartrygging A taki til þess tjóns sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt 2. tl. 5. gr. í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar tekur vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem vátryggður hefur að láni, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans. Skv. 3. tl. sömu greinar tekur vátryggingin heldur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. A vann ásamt M við að grafa fyrir drenlög meðfram vegg skemmunnar. Verður ekki á það fallist að veggurinn hafi verið í vörslum A eða hann hafi með einum eða öðrum hætti verið að vinna við sjálfan vegginn, þegar tjónið varð. Það verður því ekki undanþegið úr vátryggingunni með vísan til 5. gr. skilmálanna. Ennfremur hefur ekki verið sýnt fram á af X að umrædd skemma hafi að einhverju leyti verið í sameign A og M eða tilheyrt sameiginlegum búrekstri þeirra.

Eins og áður greindi virðist af fyrirliggjandi gögnum mega ráða að skemman hafi í fyrstu verið notuð sem fjárhús og undir henni hafi verið áburðargeymsla. Notkun skemmunnar hafi svo verið breytt í vélageymslu. Af málgögnum má ennfremur ráða að járnabinding í veggnum hafi verið áfátt og fær það stoð í umsögn bæjartæknifræðings í S. Þá virðist engin binding hafa verið á milli skemmugólfs og veggjar. Ætla verður að bæði A og M hafi vitað eða mátt vita um hið bága ásigkomulag skemmunnar að þessu leyti. Virðist reyndar ekki vera ágreiningur um það með aðilum. Við þessar aðstæður verður að telja að varasamt hafi verið að grafa fyrir drenlög meðfram veggnum á þann hátt sem þeir A og M gerðu. Verður og að telja að þeir hafi báðir átt að gera sér grein fyrir því. Sýndu þeir báðir gáleysi við verkið og eiga báðir sök á því hvernig fór. Hins vegar verður að telja ósannað að A hafi rekið skófluna í vegginn af því afli eða á einhvern þann hátt að rekja megi hrúnið sérstaklega til þess. Að framangreindu virtu verður sök A metin að hálfu á móti eigin sök M. Ber A því ábyrgð á tjóninu að hálfu. Þrátt fyrir skyldleika A og M er ekki annað komið fram en A hafi unnið við gröftinn sem eigandi gröfunnar og í það nánnum tengslum við rekstur hans á gröfunni að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingunni að því marki sem A ber ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 2. gr. skilmálanna.

Niðurstaða.

Tjón M skal bætast að hálfu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 53/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/A

Umerðaróhapp á þjóðvegi nr. 1, Vesturlandsvegi, við Móa á Kjalarnesi þann 28.12.1998.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22.2.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1224/1999.
3. Lögregluskýrsla ásamt vettvangsuppdrætti.
4. Bréf eiganda hross, dags. 7.11.1999.
5. Bréf X, dags. 15.12.1999 og 13.3.2000.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M, var ekið suður Vesturlandsveg. Skammt vestan við afleggjara að bænum Móum skall hross í eigu G framan á bifreiðinni. Mikið tjón varð á A og hesturinn mun hafa verið felldur eftir atvikið. X bætti tjón G úr ábyrgðartryggingu A.

Í málskoti kemur fram að yfir því sé kvartað af hálfu M að það telji slysið megi alfarið rekja til stórkostlegs gáleysis vörslumanns og eiganda hestsins og hann eigi því ekki að bætast úr ábyrgðartryggingu A hjá X, þvert á móti eigi eigandi hestsins að bæta tjónið á A. Á það hafi félagið ekki fallist.

Í bréfi X, dags. 13.3.2000, segir að það hafi bætt tjón eiganda hestsins í samræmi við niðurstöðu tjónanefndar. Þrátt fyrir það sé það afstaða þess er undirritar bréfið fyrir hönd félagsins að hrossið hafi ekki verið í öruggri vörslu og því beri eiganda þess að bæta það tjón sem varð á A.

Álit.

Ofangreint bréf X frá 13.3.2000 verður ekki skilið á annan veg en þann að það sé afstaða félagsins að eiganda hestsins beri að bæta tjónið sem varð á A. Er því ekki ágreiningur með M og X um bótaskyldu í málinu. Upplýst er í málinu að G er ekki með neinar tryggingar varðandi hesta sína. Í máli þessu verður því ekki leyst úr ágreiningi milli M og vátryggingafélags. Samkvæmt

1. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 336/1996, fjallar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli neytenda og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Þar sem M á ekki í ágreiningi við vátryggingafélag ber að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 28. mars 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 67/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar oliufélags.

Slys á þvottaplani við bensínstöð þann 7.7.1999.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6.3.2000 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1176/1999.
3. Tjónstilkynning ódags.
4. Ljósmyndir af vettvangi.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 8.8. og 13.10.1999
6. Bréf X, dags. 8.8., og 24.9.1999 og 15.3.2000.

Málsatvik.

M var að aðstoða við að þvo bifreið á þvottaplani O. Rann hún þá á járnplötu á þvottaplaninu og ökklabrotnaði á hægri fæti. Járnplatan mun vera lok yfir yfir eins konar tank eða þró fyrir sand og olíu frá planinu.

Af hálfu M eru aðstæður sagðar hafa verið með þeim hætti að yfirborð þvottaplansins halli að rennu við enda þess. Umrædd járnplata sé eggslétt og þegar hún blotni verði hún mjög hál og erfitt að greina hana frá steypu planinu. Í umrætt sinn hafi hún gengið meðfram hægri hlið bifreiðarinnar (farþegamegin) og engum togum skipt að hún hafi skyndilega misst fótanna á hálli járnplötunni. Kveður M frágang plansins hafa verið alls ófullnægjandi hvað varðar yfirborð járnplötunnar.

Álit.

Ekki er um það deilt í máli þessu að umrædd plata var blaut af völdum vatnsrennslis í tengslum við bifreiðapvott á planinu. Í málinu liggur ekki fyrir eigin frásögn M um það hvernig slysið bar að höndum. Ekki verður séð að komast hefði mátt hjá því að hafa lausar og færanlegar plötur yfir tönkum eða þróm undir planinu, sem jafnframt væru nægilega tryggar að gefa sig ekki undan þunga bifreiða eða annarra ökutækja sem kann að vera ekið ofan á þeim. Telja verður að gera megi allnokkrar kröfur um aðgæslu til þeirra sem þvo bifreiðir á þvottaplönnum eins og hér um ræðir. Ekki þykir nægilega í ljós leitt að slysið megi rekja til þess að frágangur þvottaplansins og járnplötunnar hafi verið með þeim hætti að virt verði eiganda þess til sakar. Honum verður því ekki gefin sök á slysi M.

Niðurstaða.

Tjón M telst ekki bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 18. apríl 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar útgerðarfélags.

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna vinnuslyss um borð í skipi þann 28.04. 1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.03. 2000.
2. Málskjöl og ljósmyndir og myndbandsspóla sem getið er í málskotseyðublaðinu merkt nr. 1 – 23.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 23.03. 2000 vegna málskotsins.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1102/1998.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ágreiningur er um hvort bótaábyrgð sé fyrir hendi vegna vinnuslyss sem hásetinn M varð fyrir um borð í umræddu skipi þann 28.04. 1997, er hann var við vinnu sína á millidekki að taka pönnur úr frystitæki og slá úr þeim. Hann tók pönnu úr efstu röð frystitækisins og ætlaði að slá úr henni á þar til gerðu úrsláttarborði. Hann hóf pönnuna upp á loft en rann til á hálu gólfinu og missti jafnvægið, en þegar hann ætlaði að losa sig við pönnuna var hann fastur með fingurna við pönnuna. Féll fram fyrir sig og lenti á brún afláttarborðsins með öxl og háls þannig að meiðsl hlutust af. Hann telur að ástæðan fyrir því að hann gat ekki losað sig við pönnuna hafi verið sú að handföng pönnunnar, sem tekið er undir, “voru verulega aflöguð og því illmögulegt að losa sig við pönnuna nema með nokkrum tilfæringum.”

Í málskotinu og fyrirliggjandi gögnum er getið frásagna aðila sem þekktu til aðstæðna á vettvangi. Efnislega koma fram þau sjónarmið að eðlilegu viðhaldi á umræddum pönnum hafi verið ábótavant þar sem til stóð að breyta skipinu “og eðlilegt viðhald í algeru lágmarki. Oft hafi verið kvartað við yfirmenn skipsins og óskað eftir úrbótum.” Fram kemur m.a. að sjómennska sé hættuleg atvinnustarfsemi og að gera verði þá kröfu til útgerðar að aðbúnaður sé með þeim hætti að dregið sé úr slyshættu. M telur að útgerðinni hafi borið að sjá til þess að vinnuumhverfi áhafnarinnar væri þannig úr garði gert að fyllsta öryggis væri gætt en svo hafi ekki verið. Hann telur að rekja megi slysið til sakar útgerðarinnar vegna skorts á almennt umhirðu og vanbúnaðar á tækjum. Hann eigi því rétt til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu útgerðarinnar.

Vátryggingafélagið telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar skipsins eða annarra aðstæðna sem útgerðin ber ábyrgð á og að vinnuaðstæður hafi ekki verið verri en almennt á fiskiskipum. Fram kemur m.a. að “alkunna er að hálka getur myndast á þilförum skipa eða í nánd við frystitæki og hætta skapast því samfara, sérstaklega þegar frost er úti.” Tjónþola og öðrum skipverjum hafi verið þetta ljóst skv. vitnaskýrslum “enda vanur sjómaður og hefði því átt að grípa til viðeigandi ráðstafana eða haga störfum sínum þannig, að slys hlytist ekki af. Enda þótt fallast megi á að ekki sé hægt að ætlast til þess að almennt skipverjar sinni meiriháttar viðgerðum um borð, verður að gera þá kröfu til þeirra að þeir sinni eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi í því skyni að minnka slyshættu eða a.m.k. að taka úr notkun áhöld og tæki, sem þeir telja ónothæf eða hættuleg.” Félagið telur að rekja megi slysið “einkum til óhappatilviljunar eða eigin sakar tjónþola sjálfs.” Ekki sé því tilefni til að leggja skaðabótaábyrgð á vátryggingartaka.

Álit.

Nefndin telur að nægjanlega hafi verið upplýst að eðlilegt viðhald á umræddum pönnum hafi verið ábótavant ellegar í algeru lágmarki, líkt og haldið er fram í málskotinu. Þeirri fullyrðingu hefur og ekki verið hrundið um að oft hafi verið kvartað við yfirmenn skipsins og óskað eftir úrbótum en þeim ekki sinnt. Líkt og fram kemur í málskotinu þá er sjómennska hættuleg atvinnustarfsemi og fallast verður á það sjónarmið að gera verði kröfu til útgerðar að aðbúnaður sé með þeim hætti að dregið sé úr slysaþættu eftir því sem unnt er. Varúðarráðstöfunum var ábótavant í þessu tilviki sem útgerðin ber halla af. Fyllsta öryggis var ekki gætt. Vegna þessa er fallist á bótaábyrgð samkvæmt fyrirbyggjandi ábyrgðartryggingu.

Telja verður að M hafi verið kunnugt um aðstæður á vettvangi þ. á m. að pönnum hafi verið ábótavant og hversu hált gat verið. Hann hefði þurft að gæta aukinnar aðgæslu við þann starfa að losa fisk úr umræddum pönnum. Með hliðsjón af framanrituðu telur nefndin að slysið megi að nokkru rekja til eigin sakar M.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum á M rétt á bótum samkvæmt ábyrgðartryggingu útgerðarinnar sem nemur 2/3 hutum, en M verður sjálfur að bera 1/3 vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðarinnar sem nemur 2/3 hlutum, en hann ber sjálfur 1/3 vegna eigin sakar.

Reykjavík 18. apríl 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 72/2000

M og
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar Ú h.f.

Slys um borð í togara þ. 1.4.1998.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 8.3.2000 ásamt greinargerð lögmanns M og málskjöllum 1-17
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 1102/1998.
3. Ljósmyndir
4. Bréf V dags. 27.3.2000.

Málsatvik.

Í greinargerð lögmanns M segir, að M hafi verið við vinnu á millidekki togarans þ. 1.4.1998 og verið að taka pönnur úr frystitæki í nokkrum sjó og hafi þá skotist nokkrar pönnur í einu lagi úr frystitækinu og hafi M reynt að víkja sér undan pönnunum, en tóks það ekki og lenti ein pannan á hné M. Í greinargerðinni segir að framan á fyrstitækinu hafi átt að vera listi sem náði upp fyrir brún hillu þess þannig að hak myndaðist svo að pönnurnar gætu ekki farið út úr hillu nema þeim væri lyft, en í þetta skipti hafi þetta vantað eða þá að listarnir ekki verið í lagi. Ekki var skráð um slysið í dagbók skipsins. Skipstjóri tilkynnti um slysið á M þ. 4.5.1998. M segir við yfirheyrslu hjá lögreglu, að í umrætt sinn hafi hann verið að taka pönnu sem hafi verið efst í frystitæki nr. 4, en lýsir síðan málavöxtum svo sem greinir í greinargerð lögmanns hans.

Í bréfi til útgerðarstjóra Ú þ. 27.9.1998 segist vélaeftirlitsmaður hafa skoðað ástand lista framan á frystitækjunum í umræddu skipi þ. 25.9.1998 og hafi listarnir verið í lagi á einu tækinu, á öðru hafi tveir neðarlega verið í lélegu ástandi og á hinum tveimur hafi þrír listar verið bilaðir og þar af einn á hvoru brotnir þannig að endapönnur hafi verið lausar. Útgerðarstjórinn segir að Ú hafi látið setja listana en þeir hafi ekki fylgt tækjunum frá framleiðanda. Útgerðarstjórinn segir í bréfi þ. 29.9.1998 það verk þeirra sem vinna við tækin að biðja um viðgerð á þeim úti sjó en ekki biða þess í margar vikur að gert verði við hlutina í landi.

Í vitnaskýrslum hjá lögreglu yfir skipverjum og skipstjóra kemur fram hjá mörgum skipverjum, að þeir hafi vitað af slysi M og telja aðstæður á millidekki hafi verið slæmar og oft komið fyrir að pönnur rynnu úr frystitækjunum í veltingi, en þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir hafi ekki fengist úrlaun. Vélstjóri skipsins segir í yfirheyrslu hjá lögreglu, að læsingar á frystitækjum hafi viljað bila en reynt hafi verið að gera við þær eins og hægt hafi verið en það hafi viljað koma fyrir, að pönnurnar hafi runnið fram á gólf í miklum veltingi. Matsmaður á skipinu segir við yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann muni eftir slysinu á M, sem hafi orðið vegna þess að læsingar vantaði eða verið bilaðar. Skipstjóri skipsins segir við yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann hafi ekki vitað af slysi M fyrr en í næstu veiðiferð á eftir en þá hafi M hringt í sig og sagst ekki getað komið vegna slyssins. Skipstjórinn segir að það hafi viljað koma fyrir í miklum veltingi að pönnur hafi skutlast út á gólf.

V hafnar bótaskyldu og telur að slysið á M verði ekki rakið til vanbúnaðar um borð í umræddu skipi eða annarra aðstæðna sem útgerð þess beri ábyrgð á. Þá bendir V á, að enginn annar en M sé til frásagnar um tildrög slyssins. Þá bendir V á að M sé vanur sjómaður og í umrætt sinn hafi verið 9 vindstig og veður sérlega slæmt. Þá segir V, að ekki hafi verið sýnt fram á lélegt ástand lista framan á frystitækjunum þegar slysið átti sér stað og gera megi ráð fyrir að M hafi verið fullkunnugt um það. V telur, að slysið verði eingöngu rakið til óhappatilviljunar eða eigin sakar

M. Loks bendir V á, að M hafi ekki tilkynnt yfirmönnum sínum um slysið fyrir en um mánuði eftir að það átti sér stað og með því hafi hann komið í veg fyrir að hægt væri að skoða aðstæður á vettvangi og framkvæma aðra rannsókn.

Álit.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt miðað við framburð skipverja, skipstjóra og vélaeftirlitsmanns, að listar þeir, sem settir voru fyrir framan pönnur í frystitækjum til að varna því að pönnur rynnu út úr þeim, hafi verið farnir að gefa sig og hafi þessi vanbúnaður leitt til þess, að M slasaðist með þeim hætti sem haldið er fram. Þá er einnig talið nægjanlega í ljós leitt með framburði skipverja, að M hafi slasast svo sem hann heldur fram í umrætt sinn. Brýnt er að útgerð skipa gæti þess, að tæki sem sett eru upp í öryggisskyni séu í lagi, en á það skorti í umræddu tilviki, að eðlilegt eftirlit og viðhald væri með þeim öryggistækjum, sem sett höfðu verið upp til að varna því að pönnur rynnu úr frystigeymslum í veltingi. Þrátt fyrir að M hafi ekki tilkynnt um slysið fyrir en um mánuði eftir að það varð, þá verður ekki fallist á það með V, að það hafi komið í veg fyrir að hægt væri að kanna aðstæður á vettvangi. M tilkynnir um slysið í byrjun maí 1998, en ekki verður séð af málgögnum að nokkur skoðun fari fram af hálfu Ú fyrir en í lok september sama ár eða rúmum 4 mánuðum eftir að skipstjóri tilkynnti um slysið. Samkvæmt framansögðu verður slys M rakið til vanbúnaðar og/eða ónógs viðhalds á tækjum í umræddu skipi, sem útgerð skipsins ber fulla bótaábyrgð á. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðarinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðar togarans hjá V.

Reykjavík 18.4. 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 86/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ferðarofstryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu ferðarofstryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.03. 2000.
2. Beiðni um bætur vegna ferðarofs vátryggðra og ljósrit af kostnaði sem þeir urðu fyrir.
3. Staðfesting fararstjóra dags. 14.01. 2000 á veikindum vátryggðra.
4. Bréf frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur dags. 14.01. 2000.
5. Greinargerð vátryggðs til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 04.02. 2000.
6. Læknisvottorð dags. 23.02. 2000.
7. Bréf vátryggingafélagsins til vátryggðs dags. 15.03. 2000.
8. Vátryggingarskilmálar og bæklingur vátryggingafélagsins um viðbrögð í kjölfar tjóns.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 27.03. 2000.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 331/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggðu M og eiginkona hans kvarta vegna neitunar vátryggingafélagsins um greiðslu bóta vegna ferðarofs í orlofsferð til Kanaríeyja í desember 1999. Þar veiktust þau af salmonellusýkingu, kölluðu til lækni á Þorláksmessu en tóku þá ákvörðun vegna mikilla veikinda Þórlaugar að halda heim til Íslands á annan dag jóla. Vátryggingafélagið hafi greitt ferðakostnað vegna eiginkonu M en þar sem þau veikust bæði telja þau að M eigi einnig að fá bætur vegna máls þessa, þó veikindi Þórlaugar hafi verið öllu alvarlegri en hans. Þau telja að ferðarofstrygging félagsins eigi að bæta tjónið þar sem þau hafi skilað fullnægjandi gögnum til félagsins. Vátryggingafélagið neiti að greiða farseðil M. Þau telja sannanir fyrir veikindum þeirra eins fullkomnar og á verður kosið. Þau vísa til 7. gr. vátryggingaskilmála ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar máli sínu til stuðnings varðandi endurgreiðslu orlofsferðar. Í nefndri 7. gr. er þess getið að sé dvöl vátryggðs rofin samkvæmt fyrirmælum læknis um flutning heim á fyrri hluta dvalartímans eða legu á sjúkrahúsi a.m.k. helming dvalartímans greiðir félagið verð það sem vátryggður greiddi fyrir ferð sína áður en hún hófst.

Vátryggingafélagið vísar til 5. – 7. gr. sömu vátryggingaskilmála. Það telur veikindi Baldvins, miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram, ekki það alvarleg að réttlæti greiðslu bóta, en veikindi Þórlaugar virðist hafa verið mun alvarlegri. Félagið kveðst hafa túlkað vátryggingarskilmála “að öllu leyti tjónþolum í hag” í máli þessu.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum ferðarofstryggingar um endurgreiðslu orlofsferðar er þess getið að sé dvöl vátryggðs rofin samkvæmt fyrirmælum læknis um flutning heim á fyrri hluta dvalartímans eða legu á sjúkrahúsi a.m.k. helming dvalartímans greiðir vátryggingafélagið verð það sem vátryggður greiddi fyrir ferð sína áður en hún hófst. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum þ. á m. afstöðu vátryggingafélagsins er ekki unnt að fallast á að M eigi kröfu til endurgreiðslu orlofsferðar sinnar. Skilyrði bótaskyldu samkvæmt nefndu ákvæði skilmála eru ekki fyrir hendi.

Nefndin mun ekki fjalla um þá ákvörðun váttryggingafélagsins að greiða bætur í tilviki eiginkonu M. Nefndin gerir ekki athugasemd við þá ákvörðun váttryggingafélagsins að fylgja afdráttarlausu orðalagi váttryggingaskilmála um skilyrði endurgreiðslu orlofsferðar og hafna endurgreiðslu orlofsferðar M.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu til greiðslu bóta samkvæmt váttryggingaskilmálum Fjölskyldutryggingar.

Reykjavík 26. apríl 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 90/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna þjófnaðar á æðardúni.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.3.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 329/2000.
3. Lögregluskýrsla.
4. Bréf málskotsaðila, dags. 16.2. og 23.3.2000.
5. Bréf X, dags. 16.3. og 4.4.2000.

Málsatvik.

Þann 7.1.2000 var brotist inn í bílskúr í nágrenni Reykjavíkur og stolið þaðan talsverðu magni af æðardúni, sem þar var til hreinsunar, þ. á m. 17 kg af hreinsuðum æðardúni í eigu M, sem búsettur er í Reykjavík. Kvað M dúninn hafa verið tímabundið í umræddum bílskúr til hreinsunar. Verðmæti dunsins hafi verið kr. 799.000,-. Dúnninn hafi komið úr æðarvarpi sem M og fjölskylda hans hafi nýtt um árabíl. Sé nýting þess hluti af fjölskyldu- og heimilisstarfi. Engin atvinnurekstur sé í tengslum við nýtingu dunsins og hann sé nýttur “almennt í innbú svo sem í sængur, hlífðarfatnað, til gjafa o.fl.” Við töku fjölskyldutryggingarinnar hafi verið getið munnlega ákveðinna lausafjármuna tryggingartaka, svo sem málverka, pelsa, æðardúns o.fl. Þá hafi tryggingafélagið boðið að bæta tjónið með kr. 250.000,- og telji því að tjónið sé bótaskyldt en að krafan hafi verið of há.

Af hálfu tryggingafélagsins er talið að umrætt magn æðardúns geti ekki talist til innbús vátryggingartaka eða til búsmuna í skilningi vátryggingaskilmála. Þá er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að þess hafi verið getið við töku vátryggingarinnar að æðardúnn væri meðal lausafjármuna í eigu vátryggingartaka. Ennfremur hafnar félagið að bótatilboð þess feli í sér viðurkenningu á bótaskyldu.

Álit.

Í 2. gr. skilmála fyrir innbústryggingu M hjá félaginu segir að vátryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna vátryggðu. Að því marki sem þýðingu hefur í máli þessu þá segir í skilmálum að með almennu innbúi sé átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín, svo og almennan viðlegubúnað og tómstundaáhöld. Með sérgreindu innbúi sé átt við málverk, listaverk, myndavélar, heimilistölvur o.fl. tæki sem eru tæmandi talin í skilmálanum ásamt fylgihlutum við þau. Einnig teljast til sérgreinds innbús peningar, verðbréf, handrit frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Af upptalningu þessari verður að telja ljóst að æðardúnn í eigu M í því magni, sem hvarf við innbrotið, getur ekki talist til innbúsmuna sem vátryggingin tekur til. Þá verður og að telja ósannað að sérstaklega hafi verið um það samið við töku tryggingarinnar að hún skyldi taka til æðardúns. Ekki verður heldur talið að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu með því að hafa boðið M bætur að tiltekinni fjárhæð.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 92/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

Ágreiningur um kröfu um bætur fyrir missi framfæranda.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24.03. 2000.
2. Málskjöl sem fylgdu málskotinu merkt 1 - 14.
3. Símbref lögmanns málskotsaðila til nefndarinnar dags. 04.04. 2000.
4. Bref vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 05.04. 2000 þar sem hjálagt fylgdu viðbótargögn þ.e. bref Félagsmálastofnunar Reykjavíkur dags. 27.02. 1998, og greinargerð stofnunarinnar dags. 16.09. 1998, úrskurður Sýslumanns Reykjavíkur dags. 05.01. 1999, dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28.11. 1996, bref málskotsaðilans dags. 25.04. 1997, ódagsett bref málskotsaðilans til vátryggingafélagsins og upplýsingar úr þjóðskrá. Jafnframt bref vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 28.04. 2000 þar sem hjálagt fylgdi afrit af brefi fiskvinnslu dags. 18.04. 2000 og launaseðils. Jafnframt bref félagsins til nefndarinnar dags. 02.05. 2000 þar sem hjálagt fylgdi afrit af yfirlýsingu aðila dags. 01.05. 2000.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 167/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur sig eiga rétt til greiðslu skaðabóta skv. 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, fyrir missi framfæranda. Hann telur að gögn málsins beri ótvírætt með sér að hann og R, sem lést 16.09. 1996, hafi verið í sambúð og að hann njóti réttarstöðu maka skv. 13. gr. skaðabótalaga. Því er haldið fram í gögnum málsins m.a. að umræddir aðilar hafi byrjað í sambúð á árinu 1994 og að þau hafi eignast barn í febrúar 1996. Vísað er til fyrirliggjandi gagna sem óþarft er að endursegja. Vátryggingafélagið telur að ekki liggi fyrir áreiðanlegar sannanir fyrir því að hin látna og M hafi í reynd búið saman sem hjón. Félagið hefur því hafnað kröfu M um bætur fyrir missi framfæranda.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum máls þessa telur nefndin nægjanlega í ljós leitt að M eigi rétt á bótum skv. 13. gr. skaðabótalaga. Gögn málsins bera eindregið með sér að M og hin látna hafi verið í sambúð í skilningi skaðabótalaga er hún lést.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu skaðabóta fyrir missi framfæranda.

Reykjavík 5. maí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 94/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar S

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla við æfingu þann 28.02. 1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.03. 2000.
2. Málskjöl sem fylgdu málskotinu merkt 1 – 12 þ. á m. skýrslur lögreglu, bréf Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar dags. 14.04. 1997 og vátryggingaskilmálar.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 25.04. 2000 þar sem hjálagt fylgdi yfirlýsing framkvæmdastjóra S dags. 05.01. 2000.
4. Bréf úrskurðarnefndar til lögmanns M dags. 05.05. 2000 þar sem óskað var viðbótarupplýsinga. Afrit sent vátryggingafélaginu með bréfi dagsettu sama dag.
5. Bréf lögmanns M til nefndarinnar dags. 15.05. 2000, þar sem hjálagt fylgdi tölvupóstur frá umboði vátryggingafélagsins á Akureyri dags. 10.05. 2000.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 137/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var í líkamsræktarstöð á Akureyri þann 28.02. 1997, sem rekin er af S. M slasaðist er hún hoppaði í miðja dýnu sem notuð var við æfingar en dýnan lagðist við það saman í miðjunni. M mun hafa verið 83 kg að þyngd þegar slysið varð.

M telur að rekja megi slysið til þess að líkamsræktarstöðin hafi notað dýnu sem hafi verið ónothæf og að mati Heilbrigðiseftirlitsins hafi verið eðlilegt að skipta um dýnu eftir slysið. M var að gera æfingu sem fólst í því að hún stökk á dýnuna en við það gaf dýnan of mikið eftir, þannig að meiðsl hlutust af. M telur að um skipulegan æfingartíma hafi verið að ræða og að tjón hennar falli undir skilmála umræddrar ábyrgðartryggingar. M gerir kröfu til þess að S beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og að það falli undir umrædda ábyrgðartryggingu.

Starfsmaður Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar lætur þess getið að við skoðun á dýnunni hafi komið í ljós að svampur hennar hafi verið mjög sprunginn í miðju hennar en minna út við brúnir. Við hopp M hafi dýnan lagst saman í miðjunni. Heilbrigðiseftirlitið taldi eðlilegt að dýnunni yrði skipt út fyrir nýja dýnu.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að þeir íþróttakennarar sem voru leiðbeinendur í umrætt sinn séu “verktakar hjá S varðandi líkamsþjálfun.....námskeið þeirra standi frá september til maí og hafi gert öll árin” síðan 1992.

Vátryggingafélagið telur að slysið hafi ekki orðið með þeim hætti að lögð verði skaðabótaábyrgð á S. Ekki hafi verið um venjulegan líkamsræktartíma að ræða heldur hafi þetta verið frjáls tími og þátttakendum frekar leikur en þjálfun. Staðfest hafi verið að umrædd dýna sé í eigu Akureyrarbæjar til afnota fyrir leikfímikennslu skólabarna. Það telur að leiðbeinendum hafi ekki verið kunnugt um ástand dýnnar. Slysið verði alfarið rakið til óhappatilviks og ekki til þess fallið að baka vátryggingartaka bótaskyldu.

Álit.

Umrætt námskeið var haldið á vegum S. Breytir ekki framanrituðu þó viðkomandi leiðbeinendur hafi starfað hjá S sem sjálfstæðir verktakar.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum þ. á m. áliti Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar, telur nefndin að það hafi verið óvarlegt að nota umrædda dýnu og að rekja megi slysið til vanrækslu leiðbeinenda og um leið S. M mátti treysta því að S myndi eingöngu notast við fullnægjandi áhöld við æfingarnar. Nefndin telur því að bótaábyrgð sé fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi ábyrgðartryggingu. Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaréttur M er fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 23. maí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 99/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu launþega vegna slyss þann 21.12.1989.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.4.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1054/1999.
3. Tilkynning um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 3.9.1995.
4. Beiðni lögmanns M um læknisvottorð, ódags.
5. Læknisvottorð heilsugæslulæknis, dags. 9.2.1998.
6. Vottorð sama læknis um skráningu í sjúkraskrá málskotsaðila þann 21.12.1989.
7. Örorkumat, dags. 2.6.1998.
8. Bréf lögmanns M, dags. 16.6.1998.
9. Bréf X, dags. 25.3., 6.5. og 8.7.1998 og 12.4.2000.

Málsatvik.

Þann 21.12.1989 mun M hafa verið við störf hjá S og þá runnið til og fallið aftur á bak og lent á bakinu. Samkvæmt frásögn M, sem eftir henni er haft í örorkumati, mun hún strax hafa fundið fyrir verkjum í baki en þó hafa haldið áfram vinnu, en nokkrum tímum seinna verið orðin miklu verri og farið heim til sín. Hún hafi ekki treyst sér á heilsugæslustöð og því fengið lækni heim til sín. Við skoðun þann dag hafi komið í ljós að hún hafi verið mjög slæm í baki og stíð og átt í erfiðleikum með að standa. Hafi eymslin aðallega verið vinstra megin í baki. Hún hafi verið rúmleggjandi heima í þrjár vikur og hafið störf að nýju þann 22.1.1990 eða mánuði eftir slysið. Hún hafi verið í hálfu starfi fyrstu fjóra dagana, en eftir það verið í fullri vinnu hjá fyrirtækinu til ársins 1995. Hún hafi farið í sjúkraþjálfun stuttu eftir slysið og verið síðan áfram í sjúkraþjálfun eitthvað eftir að hún hóf störf aftur. Þrátt fyrir það hafi einkenni haldið áfram og hún orðið að hlífa sér við mörg störf þótt hún hafi haldið áfram í fullri vinnu.

Í nótu í sjúkraskrá M á heilsugæslustöð frá 21.12.1989 segir að hún hafi runnið til í vinnu umræddan dag og fundið smell í bakinu. Hafi hún fengið verki í bakið sem hafi ágerst og leitt niður að hné. Á tímabili hafi hann leitt niður í tær, en óljóst hvoru megin. Hún hafi ekki getað sofist og ekki staðið upp. Við skoðun hafi hún verið aum vinstra megin í bakinu við þreifingu. “Lasegue” hafi verið jákvæður vinstra megin við 40°, en neikvæður hægra megin. Þá hafi hún verið aum í 45° hægra megin við “activa” lyftingu. Fullir kraftar og enginn dofi. Henni var ráðlögð rúmlega og bólgueyðandi og verkjastillandi lyf.

Álit.

Af hálfu M var tryggingafélaginu fyrst tilkynnt um slysið í mars 1998 eða rúmum 8 árum eftir tjónsatburð. Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi verið til lækni meðferðar af nokkru tagi allt frá því er slysið varð að undanskilinni læknisvitjuninni sjálfan slysdaginn. Engar skýringar liggja fyrir hvers vegna dróst úr hömlu að tilkynna félaginu um slysið eða gera reka að því að koma bótakröfum á framfæri.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga fyrnast kröfur, sem rísa af vátryggingarsamningi, á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju sína

og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta fynast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því váttryggingarburðurinn gerðist.

Einkenni, sem M telur sig búa við af völdum slyssins þurftu að því er virðist ekki lækni meðferðar við. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á með skýrum rökum að líkamstjón hennar af völdum slyssins hafi ekki verið orðið varanlegt á fyrstu fjórum almanaksárunum eftir slysið eða að á sama tíma hafi ekki mátt meta afleiðingarnar og krefjast bóta úr slysatryggingunni. Fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 29. gr. laga nr. 20/1954 hóf því að líða í það minnsta frá árslokum 1993. Samkvæmt því var krafa M fyrnd, er félaginu var tilkynnt um tjónið á árinu 1998. Þegar af þessari ástæðu á M ekki kröfu á hendur félaginu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 107/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ lögboðinnar ábyrgðartryggingar HK-811

Ágreiningur um niðurfellingu vátryggingar vegna vanskila.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.04.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í málinu nr. 254/2000.
3. Bréf Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi til málskotsaðila, dags. 02.11.1999.
4. Reikningsyfirlit frá Sparisjóði vélstjóra.
5. Bréf málskotsaðila og H til X, dags. 08.02.2000.
6. Bréf X til lögmanns málskotsaðila, dags. 06.03.2000.
7. Bréf X til lögmanns málskotsaðila, dags. 17.03.2000.
8. Bréf Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi til úrskurðarnefndar, dags. 14.04.2000.
9. Bréf X til úrskurðarnefndar, dags. 18.04.2000.
10. Tölvuútskrift af lista Skráningarstofu 26.03.1999.
11. Ljósrit af tilkynningu um eigandaskipti, 26.03.1999.
12. Greiðsluáskorun, dags. 13.04.1999.
13. Tilkynning til lögreglustjóra, dags. 21.04.1999.
14. Lögregluskýrsla, dags. 21.08.1999.
15. Staðfesting umferðardeildar Lögreglunnar í Reykjavík, dags. 01.09.1999.
16. Bréf X til Tjónanefndar, dags. 18.02.2000.

Málsatvik.

Þann 21. ágúst 1999 varð árekstur með bifreiðunum A og B og var ágreiningslaust að ökumaður A, málskotsaðili, hefði átt alla sök á árekstrinum.

Með bréfi Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi var málskotsaðili endurkrafinn um kr. 269.000.-, sem greiddar voru vegna skemmda á B, með vísan til þess að A hafi reynst óvátryggð á tjónsdegi og reglugerðar nr. 556/1993 um lögmæltar ökutækjatrýggingar.

A hafði verið vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá X en vátryggingin verið þar felld niður vegna vanskila. Ágreiningur er um heimild félagsins til að fella vátrygginguna niður.

Þann 26.03.1999 var tilkynnt um eigendaskipti að A til Skráningarstofunnar hf. Tilkynninguna undirritar málskotsaðili sem seljandi og H sem kaupandi og málskotsaðili jafnframt sem meðeigandi. Eigendaskiptin voru skráð í ökutækjaskrá í samræmi við efni tilkynningarinnar. X var á tilkynningu tilgreint sem vátryggingafélag nýs eiganda en málskotsaðili hafði áður haft bifreiðina vátryggða hjá því sama félagi. Iðgjöld af þeirri vátryggingu voru greidd Sparisjóði vélstjóra samkvæmt samningi málskotsaðila við hann um greiðsluþjónustu.

Lögboðin ábyrgðartrygging á nafni málskotsaðila var felld niður með hliðsjón af lista skráningarstofu um eigendaskipti og útgefin ný trygging á nafn H. Á listanum kom ekki fram að málskotsaðili yrði meðeigandi bifreiðarinnar. Þann 13. apríl 1999 var send greiðsluáskorun til H og þess krafist að iðgjald yrði greitt þegar í stað og eigi síðar en 7 dögum eftir dagsetningu bréfsins. Jafnframt er þess getið að verði iðgjaldið ekki greitt fyrir lok þess frests verði vátryggingin umsvifalaust felld úr gildi með heimild í 5. gr. reglugerðar nr. 556/1993 um

lögmahtar ökutækjatrýggingar og lögregluembættinu tilkynnt um niðurfellinguna. Engin tilkynning mun hafa verið send málskotsaðila.

Þann 21. apríl 1999 var tilkynnt til lögreglu um að ábyrgðartrygging fyrir ökutækið sé fallin úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi. Leiðrétting á iðgjaldi 04.05.1999, endurgreiðsla frá X, var send greiðsluþjónustu Sparisjóðs vélstjóra.

Álit.

Í 2. mgr. 5. gr. rgl. nr. 556/1993 um lögmahtar ökutækjatrýggingar segir:

Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka, t.d. símleiðis eða skriflega, er váttryggingarfélaginu heimilt að skora á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði váttryggingartaki ekki við slíkri áskorun er váttryggingarfélaginu heimilt að fella váttrygginguna strax úr gildi, þrátt fyrir ákvæði 14. gr. Skal þá váttryggingarfélagið tilkynna váttryggingartakanum þá ákvörðun skriflega, jafnframt því að senda tilkynningu til lögreglustjóra um lok váttryggingarinnar.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. er undantekningarákvæði og ber sem slíkt að skýra þröngt samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Samkvæmt tilkynningu um eigendaskipti og skráningu í ökutækjaskrá var málskotsaðili meðeigandi að A en hann hafði áður verið einn eigandi bifreiðarinnar og váttryggingartaki. Verður að skýra 2. mgr. 5. gr. á þann veg að þegar svo háttar verði váttrygging ekki felld niður án tilkynningar eða áskorunar til meðeiganda. Samkvæmt því er talið að félaginu hafi þegar af þeirri ástæðu verið óheimilt að fella váttrygginguna úr gildi. Þótt telja verði að eigendur bifreiðarinnar hafi sýnt af sér nokkurt tómlæti þykir það eigi breyta þeirri niðurstöðu að ábyrgðartrygging bifreiðarinnar hafi enn verið í gildi á tjónsdegi.

Niðurstaða.

Ábyrgðartrygging A var í gildi á tjónsdegi 21. ágúst 1999.

Reykjavík 17. maí 2000.

Rúnar Guðmundsson

Guðný Björnsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 111/2000

M (lánasjóður)

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar fasteignasala

Ágreiningur um bótaábyrgð í tengslum við verðmat sem framkvæmt var á árinu 1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.04. 2000.
2. Málskjöl sem fylgdu málskotinu merkt 1 – 14 þ. á m. verðmat fasteignasölnunnar dags. 17.04. 1997, álit samskiptanefndar Félags fasteignasala dags. 02.07. 1998, veðskuldabréf og vátryggingarskilmálar og bréfaskrif aðila.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 12.05. 2000 þar sem hjálagt fylgdi afrit af bréfi fasteignasölnunnar til samskiptanefndar Félags fasteignasala dags. 12.05. 1998 og bréf lántaka dags. 20.05. 1998 til fasteignasölnunnar og þinglýsingarvottorð.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1263/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Mál þetta varðar mögulega bótaábyrgð fasteignasölu gagnvart M vegna verðmats sem framkvæmt var af starfsmanni fasteignasölnunnar. Álitafnið er m.a. hvert sé gildissvið lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.

Af hálfu M er krafist bóta fyrir tjón sem hann varð fyrir vegna lánveitinga vegna byggingarframkvæmda. Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr fyrirliggjandi starfsábyrgðartryggingu. Það telur að fasteignasalinn beri ekki skaðabótaábyrgð. Það telur að M hafi ekki sýnt eðlilega aðgæslu við lánveitingar. Gera verði ríkari kröfur til sjóðsins varðandi aðgæslu og sjálfstætt mat þar sem lánastarfsemi sé á sérsviði hans. Þegar af þeirri ástæðu eigi M ekki bótarétt á hendur fasteignasalanum sem hafði enga vitneskju um framkvæmd verðmatsins. Félagið vekur athygli á niðurstöðu samskiptanefndar Félags fasteignasala þar sem fram kemur að starfsmaður fasteignasölnunnar hafi með framkvæmd verðmatsins farið langt út fyrir starfsvið sitt án vitundar vátryggðs, þ.e. fasteignasalans. Þá vekur félagið m.a. athygli á því að á þinglýsingarvottorðum komi skýrt fram að fokeldisvottorðum fyrir eignirnar hafði ekki verið þinglýst.

Vátryggingafélagið telur að þótt um ábyrgð fasteignasalans væri að ræða þá félli hún ekki undir gildissvið lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans. Það telur að ráða megi af 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, sem voru í gildi á árinu 1997, sbr. og reglugerð nr. 520/1987 um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala og rgl. nr. 161/1994, að störf og starfskyldur fasteignasala felist milliganga um kaup og sölu fasteignar en ekki útgáfa verðmata af því tagi sem hér er til umræðu. Í vátryggingaskilmálum sé þess getið að vátryggt sé gegn bótaskyldu sem fellur á vátryggingartaka sem fasteignasala þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanns hans. Þá taki vátryggingin ekki til ábyrgðar sem rakin verði til þess að vátryggingartaki tekur á sig ábyrgð sem er viðtækari en almenn bótaskylda hans sem fasteignasala. Félagið telur að ábyrgð skv. vátryggingunni sé vegna starfa við milligöngu um kaup og sölu eigna. Hugsanleg ábyrgð vegna kostnaðarmats, sem hvorki tengist sölu eða fyrirhugaðri sölu á fasteign, falli því utan gildissvið vátryggingarinnar. Það telur að M geti ekki talist viðskiptavinur fasteignasölnunnar í skilningi nefndra réttarheimilda og vátryggingaskilmála.

Málskotsaðilinn telur að útgáfa verðmata sé snar þáttur í starfsemi fasteignasala. Að skýra verði skilmála tjónþola í hag ef ágreiningur er um efni þeirra. Vátryggingaskilmálar taki til tilfella er snerta vátryggingartaka sem faseignasala. Verðmöt séu undirstöðugagn í allri meðferð á fasteign ef selja á hana. Efnislega telur hann að fallast eigi á bótaábyrgð samkvæmt fyrirbyggjandi starfsábyrgðartryggingu. Hann telur að verðmöt séu eðlilegur hluti af störfum fasteignasala og samofin öðrum störfum þeirra. “Verðmats er aflað í fjölda annarra tilfella en þeirra, sem enda með sölu fasteignar.” Verðmat í tengslum við lánveitingu sé ekki frábrugðið. Hann telur að til ábyrgðar fasteignasalans komi ef þeir sýni af sér ásetning eða gáleysi, þeir séu sérfræðingar á þessu sviði og hvað hæfastir til að veita þessi mót. Að “fasteignasalinn sem verðmatið veitti er ekki löggiltur fasteignasali, heldur skrifstofustjóri á viðkomandi sölu” dragi ekki úr ábyrgð fasteignasalans. Lögmaður M lætur þess og m.a. efnislega getið að M sé umfangsmikill lánveitandi og hafi vissar aðgæsluskyldur í sambandi við veitingu lána. Hann vekur athygli á því að lánþakandi hafi óskað eftir verðmatinu í tengslum við lántöku hjá M og að það sé ekki aðgæsluleysi hjá M að “fara fram á og byggja á vermati fasteignasölu, sem segir áætlað verð á húsum vera kr. 8.500.000,00 hvort um sig.” Hann telur að fasteignasalanum hafi mátt vera “vel kunnugt um að viðkomandi hús var ekki risið af grunninum og er það vitandi eða óafvitandi til þess fallið að bekkja” M. Fasteignasalanum (starfsmanninum) hafi borið skylda til að fara á staðinn og sannreyna hvert hafi verið ástand bygginganna. “Ásetningur hans hefur af þeim sökum staðið til þess að blekkja M til þess að halda að bygging faseignanna væri vel á veg komin. Hér er um stórkostlega vítaverða háttsemi að ræða, sem miðar af því, vitandi eða óafvitandi, að svíkja út fé út úr lánastofnun.” Hann telur að tjón sem rekja megi til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis faseignasölunnar eigi að bæta samkvæmt þeirri starfsábyrgðartryggingu sem hér um ræðir. Hann vekur athygli á því að í vátryggingaskilmálum komi fram endurkröfuréttur vegna tjóns sem rekja megi til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Að öðru leyti er vísað til fyrirbyggjandi gagna sem óþarft er að rekja efnislega.

Álit.

Útgáfa verðmata er eðlilegur hluti af störfum fasteignasala þ.á m. í tengslum við lánveitingu. Ekki er unnt að fallast á að skýra eigi réttarheimildir um starfsemi fasteignasala það þröngt að vátryggingin taki eingöngu til starfsemi þeirra við kaup og sölu fasteigna.

Fyrirliggjandi starfsábyrgðartrygging vátryggir gegn bótaskyldu er fellur á vátryggingartaka sem fasteignasala, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanns hans.

Nefndin telur að mistök við framkvæmd verðmats geti leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt lögboðinni starfsábyrgðartryggingu fasteignasala.

Umrætt verðmat var framkvæmt af starfsmanni vátryggðs og í nafni fasteignasölunnar og á ábyrgð Fasteignasalans/sölunnar. Verðmatið getur þess að starfsmaðurinn hafi “í dag skoðað og verðmetið” umræddar eignir og að “umbeðið mat fór fram á sama grundvelli og um væri að ræða eign til sölumeðrferðar á skrifstofu vorri” sbr. nánar verðmatið.

Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna er ljóst að verðmatið er afar ófullkomið og að verið er að meta verð eignar miðað við teikningar. Virðist M ekki hafa athugað raunverulega byggingarstöðu eignanna sem að verðmatið fjallar um. Þá kröfu verður að gera til lánastofnunar, líkt og M, að hún gæti aðgæslu og afli sjálf trúnaðarupplýsinga um eign og hvað ætla megi að eign geti selst fyrir. Misbrestur varð á nauðsynlegri aðgæslu af hálfu M. Telur nefndin því að M verði að bera sjálfur áhættu af lánveitingum sínum í máli þessu. Vinnubrögð M voru slík, þrátt fyrir vanrækslu starfsmanns fasteignasölunnar, að ekki er unnt að fallast á að hann eigi rétt til greiðslu bóta úr fyrirbyggjandi starfsábyrgðartryggingu. Nefna má að þau veðskuldabréf sem um ræðir eru hvert að fjárhæð kr. 1.500.000.- og er 3 slíkum þinglýst á hvora eign eða samtals kr. 4.500.000.- Bréfin eru dags. 16.01. 1997, 18.02. 1997 og 20.02. 1997. Verðmatið sem hér um ræðir er dags. 17.04. 1997 eða tæpum 2 mánuðum eftir að síðasta bréf M var gefið út. Það liggur því fyrir að það var ekki

vegna verðmatsins eða á grundvelli þess sem M tók ákvörðun um lánveitingu til viðkomandi fyrirtækis.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum á M ekki rétt á greiðslu skaðabóta samkvæmt fyrirbyggjandi starfsábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt á grundvelli fyrirbyggjandi starfsábyrgðartryggingar.

Reykjavík 23. maí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 125/2000

M
og
Vátryggingafélagið X

Vinnuslys þann 20.8.1996.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.5.2000 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1256/1999.
3. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 13.11.1996
4. Skýrsla vitnis, dags. 22.10.1999.
5. Bréf lögmanns M, dags. 10.8., 23.9. og 29.10.1999
6. Bréf X, dags. 13.10. og 6.12.1999 og 19.5.2000.

Málsatvik.

M var við störf í V, er unnið var við að flytja troll á milli tveggja tromla. Önnur tromlan, svonefnd innri tromla, var í bremsu og við það myndaðist átak, er hin tromlan tók í. Slitnaði þá kaðall sem slóst í hendi M svo hann slasaðist.

Í skýrslu vitnis, dags. 22.10.1999, segir að slysið hafi gerst með þeim hætti að verið var að hífa flottroll á milli tromla með mjög lélegum spottum sem voru margsamansettir og gamlir. Spottinn hafi slitnað og farið í handlegg M. Eftir slysið hafi nýtt tóg (ofurtóg) verið sett á milli tromlanna.

Í bréfi tryggingafélagsins, dags. 13.10.1999, er haft eftir sjónarvotti að M hafi átt að taka trollið út þegar búíð var að hífa og það sé mat sjónarvottsins að M hafi staðið á röngum stað, er verið var að hífa trollið, og hann hafi mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem í því fólst.

Álit.

Gögn um tildrög slyssins slyssins eru mjög takmörkuð. Lögregla virðist ekki hafa verið kvödd á vettvang, er slysið varð og rannsókn á vegum Vinnueftirlitsins virðist heldur ekki hafa farið fram. Engar skýrslur liggja fyrir frá V, verkstjóra eða öðrum sem borið geta um málsatvik. Þá liggur ekki fyrir skýrsla frá sjónarvotti þeim, sem getið er um í bréfi tryggingafélagsins, eða lýsing á því hvernig M átti að hafa staðið á röngum stað, er kaðallinn slitnaði. Lýsingu vitnis á bágu ástandi kaðalsins hefur hins vegar ekki verið andmælt. Þykir mega leggja til grundvallar að umræddur kaðall hafi verið lélegur og gamall og því verið mikil hætta á að hann slitnaði, er önnur tromlan stöðvaðist og átak kom á kaðalinn. Eins og hér stendur á verður V að bera fébótaábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir í umrætt sinn. Ósannað er að M hafi staðið á röngum stað eða á annan hátt sýnt af sér sagnæma háttsemi. Ber því V óskipta ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

Líkanstjón M er að fullu bótaskyld.

Reykjavík, 6. júní 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 126/2000

M

og

Vátryggingafélagið V v/fjölsk.tr. og húseigendur að X, Kópavogi

Tjón vegna vatsnflóðs í íbúð í kjallara hússins X, Kópavogi þ.5.2.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.5.2000.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 1033/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.2.1999.
4. Bréf lögmanna M ódags. 1999 og dags. 18.6.1999 og 28.4.2000.
5. Bréf V dags. 29.6, 8.9. og 25.11.1999 og 15.5.2000.

Málsatvik.

M keypti kjallaraíbúð að X í Kópavogi og fékk lykla afhenta þ. 4.2. 1999. Daginn eftir þegar komið var að íbúðinni var vatn yfir öllum gólfum í íbúðinni og virtist það koma upp í kjallaratröppum utan íbúðarinnar og renna inn með útihurð hennar. S sameigandi M að X skrúfaði frá vatnskranu í þvottahúsi hússins um morgunin til að fá vatn á bílskúr sinn, sem það gerði. S fór síðan, en gætti þess ekki, að vatn kom einnig í næsta bílskúr og átti greiða leið niður í sökkul bílskúrsins og virðist að því er segir í lögregluskýrslu hafa runnið í jörðu og komið fram í kjallaratröppum og runnið inn í kjallaraíbúðina. Lögmaður M gerir kröfu á hendur V vegna tjónsins úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S, en lögmaður M heldur því fram, að S hafi sýnt af sér bótaskylda vanrækslu þar sem S hafi skrúfað frá vatninu áður en hann fór til vinnu og komið til baka fyrst 6 stundum síðar. V hafnaði bótaskyldu og benti á 5. gr. skilmála ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar sem segir, að vátryggingin bæti ekki tjón sem fellur á vátryggingu sem eiganda húseignar eða húseignarhluta. Í bréfi sínu þ. 15. 5. s.l. segir V. að afstaða félagsins byggist á, að ósannað sé að S hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn enda hafi hann mátt gera ráð fyrir að framkvæmdum væri lokið á næsta bílskúr og verði því tjónið rakið til frágangs verktaka á lögnum og krönum en ekki þess, að vátryggingartaki skrúfaði frá vatninu.

Álit.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að S hafi kannað aðstæður eða ráðfært sig við sameigendur sína áður en hann skrúfaði frá vatninu að morgni 5.2.1999 skömmu áður en hann yfirgaf vettvang og kom ekki til baka fyrr en 6 stundum síðar. Með þessu sýndi S af sér alvarlegt gáleysi sem leiðir til bótaskyldu hans. Ekki verður séð, að 5. gr. skilmála ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar eigi við í málinu. Af þeim sökum á M rétt á bótum frá V úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S. hjá V. Bent er á að gögn málsins eru mjög takmörkuð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V.

Reykjavík 6.6.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 132/2000

M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bónda

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið þann 18.01. 2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 08.05. 2000.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 17.05. sl. þar sem hjálagt fylgdi í afriti tjónstilkynning dags. 21.01. sl., tjónsannáll dags. 02.02. sl, teikning af aðstæðum, yfirlýsing umboðsmanns félagsins dags. 15.05. sl., afrit bréfs félagsins til Tjónarnefndar vátryggingarfélaganna dags. 15.02. sl.
3. Niðurstaða Tjónarnefndar vátryggingarfélaganna nr. 322/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Umræddri bifreið var lagt í stæði við íbúðarhús. Fram kemur að bóndinn hafi skilið hlið eftir opið þannig að hross sluppu út sem “nöguðu” bifreiðina.

Málskotsaðilinn lætur þess getið að bílastæðið sé afgirt og í eigu bóndans. Bóndinn sé og eigandi þeirra hrossa sem hér um ræðir og að hann hafi átt að sjá til þess að þau væru innan girðingar.

Samkvæmt tjónstilkynningu var verið að vinna við lagfæringar á bænum. Er málskotsaðilinn kom út varð hann var við tjónið á bifreiðinni. Fram kemur að “hestarnir voru í girðingu við bæinn en gleymst hafði að loka hliðinu og þeir komist út.”

Vátryggingafélagið telur að ekki sé vitað hvort eða hver gæti hafa skilið hlið girðingarinnar eftir opið og að ekki hafi verið sýnt fram á bótaábyrgð vátryggingartaka (bóndans). Fullyrðing tjónþola í málskotinu að “Jón hafi gleymt hliði á hrossagirðingunni opnu” eigi ekki við rök að styðjast.

Álit.

Undirrituð tjónstilkynning vátryggingartaka verður ekki skýrð á annan veg en þann að gleymst hafi að loka hliðinu á girðingunni og hestarnir því komist út. Í framhaldi þessa varð tjónið á bifreiðinni. Nefndin telur að leggja verði tjónstilkynninguna til grundvallar og að vátryggingartaki verði að bera halla af því að óupplýst er hver skildi hliðið eftir opið. Tjónsannáll er misvísandi. Fram kemur m.a. “er ljóst að hestarnir komust út og að bílnum og telji hann sig ábyrgan á því (þ.e. vátryggingartaki – innskot nefndarinnar), enda hafi hann ekki sérstaklega gætt að hliðinu í þetta sinn, sem hann hefði betur gert.” Miðað við fyrirliggjandi gögn telur vátryggingartaki sig bera ábyrgð vegna máls þessa. Að teknu tilliti til framanritaðs og atvika allra er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu málskotsaðila vegna eigin sakar. Ekki liggur fyrir að ökumaðurinn hafi lagt bifreiðinni óvarlega.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 6. maí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 133/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B
og
Vátryggingarfélagið Y v/bifreiðarinnar A

Árekstur á Hverfisgötu þann 12.04. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.05. 2000.
2. Tjónstilkynning.
3. Lögregluskýrsla (vitnisburður) dags. 26.04. 2000.
4. Bréf tjónafulltrúa X til lögreglustjóra dags. 13.04. 2000.
5. Bréf lögmans X dags. 23.05. 2000.

Málsatvik.

Bifreiðunum var báðum ekið austur Hverfisgötu og var B ekið á eftir A. Þegar bifreiðarnar nálgudust gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar logaði grænt ljós fyrir umferð austur Hverfisgötu. Bifreið A stöðvaði hinsvegar þar á gatnamótunum til að hleypa farþega út úr bifreiðinni. Bifreið B ók þar aftan á bifreið A.

Ökumaður B kveður ökumann A hafa stöðvað á grænu ljósi að tilefnislausu og hleypt farþega út úr bifreiðinni.

Vitni gaf skýrslu fyrir lögreglu þann 26.04. 2000. Vitnið kveðst hafa séð bifreið A ekið að umræddum gatnamótum en bifreiðinni hafa þá verið stöðvað skyndilega til að hleypa farþega úr bifreiðinni. Í sama mund hafi bifreið B verið ekið aftan á bifreið A. Vitnið kveður grænt ljós hafa logað á götuvitanum gegnt ökumanni A.

Álit.

Upplýst telst að ökumaður bifreiðar A hafi skyndilega stöðvað á umræddum gatnamótum til að hleypa út farþega, þrátt fyrir að grænt ljós hafi logað fyrir umferð austur Hverfisgötuna. Með þessu háttalagi telst ökumaður A hafa valdið óþarfa hættu vegna bifreiðanna sem á eftir komu og braut gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ökumanni B tókst ekki að afstýra árekstri við framangreindar aðstæður sem gefur til kynna að hann hafi ekki haft nægilegt bil á milli sinnar bifreiðar og bifreiðar A sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Ber ökumaður B því einnig sök á árekstrinum. Að þessu virtu þykir hæfilegt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík, 21. júní 2000

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 137/2000

M og
Vátryggingafélagið V v/ábtr. H.

Vinnuslys þegar sagarblað fór í hönd starfsmanns þ. 4.3.1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.5.2000. ásamt skjölum 1-12 sbr. bréf lögmanns M þ. 4.5.2000.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 252/2000.
3. Tjónstilkynning dags. 18.11.1998
4. Tjónstilkynning dags. 8.9.1999
5. Bréf V h.f. dags. 22.5.2000.

Málsatvik.

Lögmaður M segir að slysið hafa orðið með þeim hætti, að M hafi verið að saga plöturenning í plötusög á vegg og hafi M haldið við renninginn með vinstri hendi, þar sem að stuðningsrima vantaði í bakgrind sagarinnar. Hafi M sagað í gegnum renninginn og hafi hann þá fallið í gólfið og sagarblaðið niður á vinstri hönd M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M segir í lögregluskýrslu að hann hafi staðið framan við sögina og hafi í fljótfærni teygt vinstri hendina á bak við sögina og ætlaði að halda borðinu sem hann var að saga, síðan segir M að hann muni hafa ýtt söginni niður, en finnst þó að hún hafi jafnvel sjálf fallið eitthvað niður. Í lögregluskýrslu segir rekstrarstjóri H, að M hafi teygt sig aftur fyrir sögina til að halda við tréplötu sem hann hugðist saga en rekið framhandlegg í sögina með þeim afleiðingum að M slasaðist. Vitni að atburðinum segir í lögregluskýrslu, að hann hafi beðið M um að sinna sér, en M sagt bíddu og síðan hafi vitnið ekki vitað fyrir en M hafi togað sögina niður og um leið kipt að sér vinstri hendi og rokið fram. Vitnið segir, að einungis hann og M hafi verið viðstaddir þegar þetta gerðist. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins segir að skv. sögn M þá vinni hann að öllu jöfnu ekki við umrædda sög, en orsök slyssins er skv. umsögninni það að um hafi verið að ræða röng vinnubrögð bæði vegna mikils erils og álags á starfsmenn auk þess sem að M hafi að öllu jöfnu ekki unnið við umrædda vél. Skv. eftirlitsskýrslu Vinnueftirlits ríkisins frá 16.6.1999 segir að plötusög sé innsiglið og öryggisbúnaður á söginni sé algjörlega óviðunandi og sögin mjög hættuleg í notkun, þá segir að bakgrind við sögina sé ekki í lagi. Í bréfi til lögmanns M dags. 15.10.1999 segir Vinnueftirlit ríkisins, að öryggisútbúnaður sagarinnar hafi verið ófullnægjandi þegar M slasaðist með sama hætti og rakið er í bréfi Vinnueftirlitsins frá 16.6.1999. Í bréfi dags. 4.1. 2000 gerir Vinnueftirlitið nánari grein fyrir nokkrum atriðum m.a. að öryggishlíf sagarinnar hafi staðið á sér þannig að hlífin hafi alltaf verið í opinni stöðu og því ekkert sem hindraði snertingu við sagarblaðið, þá hafi rofi vélarinnar verið mjög stífur og staðið á sér sam hafi einnig skapað slysa-hættu og þá hafi vantað stuðningsrima í bakgrindina við sögina, þannig að sá sem var að saga með vélinni varð að halda við efnið sem hann var að saga. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu H, hjá V og byggir á því, að meginorsök slyssins hafi ekki verið ófullnægjandi öryggisútbúnaður vélsagarinnar eða annars búnaðar á vinnustað sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. V heldur því fram, að M hafi ekki sýnt af sér eðlilega aðgæslu í umrætt sinn miðað við menntun og fyrri störf og því hafi höfuðorsök slyssins verið vítavert gáleysi M sjálfs

Álit.

Fallast má á það með V, að M hafi í umrætt sinn ekki sýnt þá aðgæslu sem eðlilegt var miðað við aðstæður, aldur hans og fyrri störf. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því, að öryggisbúnaði vélsagarinnar var verulega ábótavant og aðstaðan þannig, að Vinnueftirlit ríkisins bannaði notkun hennar af öryggisástæðum þar sem Vinnueftirlitið taldi öryggisútbúnaðinn

algjörlega óviðunandi. Með vísan til umsagnar Vinnueftirlitsins er talið, að öryggisbúnaði vélsagarinnar hafi verið svo áfátt, að það sé samverkandi ástæða þess slyss, sem M hlaut í umrætt sinn og þykir því rétt, að V bæti M tjón hans að hálfu, en M beri sjálfur helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

V bæti M tjón sitt að hálfu en M ber helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 21.6. 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 139/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/útgerðar S.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna banaslyss um borð í skuttogaranum S þann 11.12.1996.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.5.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 168/2000.
3. Ljósrit úr sjóferðadagbók S frá 11.12.1996
4. Skýrslur lögreglu teknar 12.12.1996.
5. Endurrit sjóprófa sem haldin voru við héraðsdóm þann 12.12.1996.
6. Teikningar.
7. Álit rannsóknarnefndar sjóslysa.
8. Álitsgerð lögmanns, dags. 31.1.2000.
9. Bréf lögmanns M, dags. 31.3.1999,
10. Bréf X, dags. 8.12.1999 og 26.5.2000.

Málsatvik.

Að morgni 11. desember 1996 var skuttogarinn S að loðnuveiðum út af Austfjörðum með flotvörpu. Slíkt veiðarfæri hafði verið notað um borð í skipinu við loðnuveiðar í janúar 1996 og um rúmlega mánaðarskeið er það slys varð sem mál þetta snýst um. Veður var norðan 7 vindstig og fór vaxandi. Verið var að taka inn veiðarfærin. Til að dæla upp úr vörpunni þurfti að koma belg og poka fram með stjórnborðssíðu skipsins. Hluti vörpunnar var hífdur inn um skutrennu og var þá skipinu haldið upp í vind og sjó. Þegar vængendar komu upp var svokölluðu rússatógi lásað úr og lá það fram með stjórnborðssíðu skipsins og inn um blökk í gálga á stjórnborðssíðunni. Þá var tekinn stjórnborðshringur og um leið og það var gert var híft eða tekinn slaki af rússatóginu sem lá niður í fremri hluta pokans í svokallaða rússagjörð, en þessi hluti pokans var hífdur upp í gálga miðskips á stjórnborðssíðu. Er því var lokið var rússatógið lásað úr og tengt annað tóg, svonefndur stertur, sem liggur í gegnum forgálga, snurpugálga á stjórnborðssíðu, og híft þar inn til að ná upp neðri hluta pokans.

Þegar híft var í stertinn, kom í ljós að það var óklárt, endinn á pokanum náðist illa þar sem hann var brugðinn fyrir belginn á trollinu. Í framhaldi af þessu var lásað úr og átti að freista þess að ná stertinum klárum með því að bregða honum milli poka og belgs, þegar slaki kom á veiðarfærin. Tveir menn, A og B, stóðu sitt hvoru megin við gálgann miðskips stjórnborðsmeginn og hjálpuðust að við að taka stertinn milli belgsins og pokans. Tókst að snúa niður af honum í þrjú eða fjögur skipti og ein bugt virtist vera eftir utan um belginn. A og B voru með hendur á mótí hvor öðrum og átti annar að taka við stertinum úr hendi hins. Fór þá að strekkjast í pokanum og belgnum og virðist sem hönd A hafi klemmst á milli pokans og belgsins með þeim afleiðingum að hann dróst út fyrir. Er slaknaði á pokanum og belgnum virtist sem A hafi losnað, klifrað upp eftir pokanum og tekið höndum um rússagjörð, sem lá í gegnum blökkina, en skall svo af miklu afli upp í blökkina og varð þar á milli með með höfuð og efri hluta. Féll A svo í sjóinn. Er hann náðist upp var hann látinn. Hann hafði hlaut mikla höfuðáverka að öllum líkindum við það er hann skall upp í blökkina. Er talið að hann hafi látist af þeim áverkum.

Þegar slysið varð, var híft í belginn af fullu átaki, en vinda sú er notuð var við hífinguna var ekki nógu öflug til að halda uppi þeim þunga sem verið var að hífa þrátt fyrir að full orka hafi verið á

spilinu. Háseti sá er stjórnaði spilinu kvaðst hafa séð er A fór fyrir borð, en ekki er hann festist og skall svo upp í blökkina. Nokkrum mínútum eftir að A féll útbyrðis var belgnum svo slakað út.

Málskotsaðili, sem er eftirlifandi eiginkona A heitins, hefur krafist dánarbóta úr hendi útgerðar skipsins og váttryggingafélags þess. Er á því byggt að um nýtt veiðarfæri hafi verið að ræða og verklag ekki verið nægilega vel undirbúið. Beitt hafi verið hættulegu verklagi og með lítilli fyrirhöfn og nær engum tilkostnaði mátti hafa annan hátt á. Eftir slysið hafi verklagi verið breytt til að koma í veg fyrir þá hættu sem A varð að leggja sig í, er slysið varð. Þá er á því byggt að spilmaður hafi ekki brugðist rétt við, er A fór útbyrðis, þar sem hann hætti ekki skilyrðislaust að hífa. Ennfremur er á því byggt að spil hafi verið illa staðsett, þar sem illa hafi sést til manna sem voru að vinna við gálgann. Þá hafi enginn verið til að segja spilmanninum til og skipstjóri hafi ekki fylgst nægilega vel með hífingunni. Loks er á því byggt að vinda sú er notuð var við hífingu veiðarfæranna hafi ekki verið nógu öflug ásamt því að stertur hafi verið fulllangur, veiðarnar stundaðar í of vondu veðri o.fl. Um síðastgreind atriði er vísað til álits Rannsóknarnefndar sjóslysa.

Af hálfu útgerðar og tryggingafélags þess hefur bótaskyldu verið hafnað, þar sem talið sé ósannað að slysið verði rakið til sakar starfsmanna útgerðarinnar, vanbúnaðar um borð eða annarra atvika eða aðstæðna sem útgerðin beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Flottroll hafði verið notað við loðnuveiðar um borð í S um tiltölulega skamma hríð, er slysið varð. Það hafði ekki gerst oft áður að veiðarfærið varð óklárt með þeim hætti sem varð í umrætt sinn. Þótt nokkur hætta hafi verið samfara því verklagi sem beitt var verður ekki séð að í því hafi falist meiri hætta en almennt má búast við um borð í fiskiskipum. Þótt síðar hafi komið til annað verklag sem jafnvel hefur dregið úr þeirri hættu sem dró A til dauða verður ekki eins og hér stóð á unnt að virða það skipstjórnarmönnum eða útgerð til sakar að öðru verklagi hafi verið beitt, þegar slysið varð. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hversu langur tími leið nákvæmlega frá því A festist milli belgs og poka uns hann skall upp í blökkina. Þó má ráða að það hafi gerst á mjög skömmum tíma þannig að afar erfitt hefur verið um vik að bregðast við með því að stöðva hífingu áður en A lenti í blökkinni. Í ljósi þessa og þar sem spilmaðurinn sá ekki hvernig það bar að höndum að A fór útbyrðis verður slysið ekki rakið til mistaka við stjórn tók spilsins. Þá verður heldur ekki talið að slysið verði rakið til þess að spilmanninum hafi ekki verið sagt til eða nægilegt eftirlit hafi ekki verið með hífingunni. Þótt spil skipsins hafi ekki haft næga orku til að halda veiðarfærunum föstum í blökkinni hefur ekki verið sýnt fram á að um sé að ræða vanbúnað sem leiði til þess að útgerðin beri ábyrgð á slysinu. Þá er ósannað að sterturinn, sem verið var að laga þegar slysið varð, hafi verið of langur. Ábyrgð verður því ekki felld á útgerðina af þeim sökum. Að endingu verður ekki talið að veður hafi verið svo vont í umrætt sinn að ekki hafi mátt taka upp veiðarfæri. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að útgerð skipsins beri ábyrgð á því slysi sem varð A að fjórtjóni. Tjón eftirlifandi maka og barna hins látna fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu skipsins.

Niðurstaða.

Tjón málskotsaðila og barna hennar vegna dauða A bætist ekki af útgerð S eða úr ábyrgðartryggingu skipsins.

Reykjavík, 27. júní 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 143/2000

M og
Vátryggingafélagið V v/slysátryggingar.

Líkamstjón við störf um borð í skipi þ. 30.6.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2000.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 205/2000.
3. Tjónstilkynning móttakin 2.9.1999.
4. Læknisvottorð dags. 19.1.2000.
5. Úr skipsdagbók.
6. Bréf V h.f. dags. 30.5.2000.

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu um borð í togara í umrætt sinn og hafi hann verið að störfum í lest neðanþilja við annann mann og hafi þurft að færa færiband og hafi hann tekið undir lausa endann á færibandinu með vinstri hendi og hafi hann fundið mikinn verk þegar hann hafi verið kominn með handlegginn í beina stöðu. M segist hafa gert þetta oft áður án nokkurra vandkvæða. Í skipsdagbók segir að M hafi verið að lyfta færibandi og fengið þá skyndilega verk í öxlina, sem hafi liðið fljótt hjá en aukist síðan aftur. Í læknisvottorði segir að við skoðun hafi verið merki um bólgur í supraspinatus sin. V hafnar bótaskyldu og heldur því fram, að ekki sé um slys að ræða eins og það hugtak sé skilgreint í skilmálum félagsins, en slys sé þar skilgreint sem skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Álit.

Fallist er á það með V, að M hafi í umrætt sinn ekki orðið fyrir slysi eins og það hugtak er skilgreint skv. vátryggingaskilmálum félagsins. Bótaskylda V er því ekki fyrir hendi

Niðurstaða.

Bótaskylda V hf. er ekki fyrir hendi

Reykjavík 21.6.2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 144/2000

M
og
Vátryggingafélagið X

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkra- og slysátryggingu

Gögn.

1. Málskot móttakið 16/5 2000.
2. Bréf X til Úrskurðarnefndar, dags. 26.05.2000.
3. Niðurstaða tjonanefndar í málinu nr. 1180/1999.
4. Niðurstaða tjonanefndar í málinu nr. 792/1999.
5. Bréf lögmans málskotsaðila til X, dags. 08.10.1999.
6. Bréf X til Tjonanefndar vátryggingafélaganna, dags. 22.10.1999.
7. Vátryggingarumsókn, dags. 20.02.1999.
8. Sjúkra- og slysátryggingarskilmálar.
9. Lífeyrissjóður, vátryggingayfirlit, dags. 23.02.1999.
10. Símbref X til vátryggingamiðlara, dags. 05.03.1999.
11. Tölvupóstsendingar 05.03.1999, 29.04.1999 og 04.05.1999.
12. Bréf frá X til málskotsaðila, dags. 16.04.1999.
13. Lögregluskýrsla, dags. 06.06.1999.
14. Læknisvottorð, dags. 22.06.1999.
15. Tjónstilkynning – slys, dags. 06.07.1999.
16. Bréf X til málskotsaðila, dags. 09.07.1999.
17. Bréf X til málskotsaðila, dags. 19.07.1999.
18. Bréf lífeyrissjóðs til málskotsaðila, dags. 05.08.1999.
19. Bréf X til umboðsmans málskotsaðila, dags. 09.08.1999.
20. Símbref frá vátryggingamiðlara til lögmans málskotsaðila, dags. 24.09.1999.
21. Bréf vátryggingamiðlara til X, dags. 14.10.1999.
22. Skattframtal 1999.
23. Launaseðlar.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu féll málskotsaðili þann 06.06.1999 af vélhjólum sem hann ók á mótorkrossbraut austan við Bláfjallaveg. Við fallið slasaðist hann á fæti og var fluttur með sjúkrabifreið á Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur til aðhlyningar.

Málskotsaðili tilkynnti X um slysið með tilkynningu dags. 06.07.1999. Með bréfi X dags. 19.07.1999 var hafnað bótakröfum málskotsaðila úr sjúkra- og slysátryggingu sem málskotsaðili hafði sótt um þann 20.02.1999. Bar X fyrir sig að vátryggingarsamningur um sjúkra- og slysátrygginguna hafi ekki komist á þar sem nauðsynlegar upplýsingar um laun málskotsaðila hafi ekki legið fyrir. Þá sé í skilmálum fyrir sjúkra- og slysátrygginguna undanskilin hvers konar slys, er verði í akstursípróttum.

Með umsókn dags. 20.02.1999 sótti málskotsaðili eins og fram er komið um sjúkra- og slysátryggingu hjá X. Var það gert fyrir milligöngu solumanns hjá vátryggingamiðlaranum Y. Á umsóknareyðublaði var eigi útfyllt hvenær óskað væri að vátryggingin tæki gildi. Hins vegar var þar óskað eftir að sjúkdómatrygging sem þar var einnig sótt um tæki gildi um leið og umsókn

væri samþykkt af félaginu. Samkvæmt umsókninni skyldu fjárhæðir slysabóta vera örorkubætur kr. 8.000.000 og dagpeningar á viku kr. 40.000 með 4 vikna biðtíma og 48 vikna bótatíma. Óútfyllt var hver væru heildarárslaun málskotsaðila síðasta ár. Í umsókninni kom fram að málskotsaðili stundaði mótorkross. Iðgjöld af váttryggingunni skyldu greiddast af lífeyrissjóði. Umsóknin var undirrituð af málskotsaðila og sölumanni þeim sem milligöngu hafði.

Samkvæmt símbréfi X til Y dags. 05.03.1999 er tilkynnt um vöntun upplýsinga um árstekjur málskotsaðila og að hann virðist vera að sækja um of háa dagpeninga. Samþykkt var hins vegar sjúkdómatrygging sem sótt var um samtímis sjúkra- og slysatryggingunni. Þann 16.04.1999 ritaði X málskotsaðila bréf þar sem óskað var upplýsinga um heildartekjur síðasta árs. Þar segir að viðbótarupplýsingar séu forsenda þess að hægt sé að taka endanlega afstöðu til umsóknar og gildistaka tryggingarinnar tefjist þar til þessar upplýsingar hafi borist og verið metnar fullnægjandi. Bréf þetta mun hafa verið sent á rangt heimilisfang og ekki hafa borist málskotsaðila.

Þann 29.04 sendir Y til X tölvupóst þar sem upplýst er að samkvæmt símtali við sambýliskonu málskotsaðila megi lækka dagpeninga í umbeðnum tryggingum þeirra beggja miðað við laun. Þann 04.05.1999 staðfestir X í tölvupósti til Y að beiðni um lækkun dagpeninga sé móttekin.

Málskotsaðili hefur krafist bóta úr sjúkra- og slysatryggingunni. Í rökstuðningi með málskoti er af hans hálfu byggt á því að eftir samskipti hans við sölumann þann sem seldi honum trygginguna, hafi hann verið þess fullviss að tryggingin væri í fullu gildi, enda hafi honum aldrei verið tilkynnt um annað. Hann hafi haft ástæðu til að ætla að allt yrði eins og til hafði verið stofnað og hann ekki aðgætt sérstaklega hvernig og hvenær iðgjaldið reiknaðist með afteknu lífeyrissjóðsframlagi, enda ekki talið það ekki í sínum verkahring þar sem sölumaðurinn hefði tjáð honum að það gengi allt sjálfkrafa fyrir sig. Þá er á því byggt að undanþága varðandi slys sem verða í akstursíþróttum eigi ekki við enda sé þeirrar áhættu getið í umsókn sem einnar helstu ástæðu tryggingarkaupanna. Ef tryggingafélagið teljist ekki ábyrgt hljóti tryggingarsalinn að verða það. Þá segir að endingu að slysið hafi ekki orðið í svokölluðu mótorkross, þannig að þrátt fyrir að tillit væri tekið til mótbáru um trygginguna eins og sótt var um hana, ætti tryggingin allt að einu að gilda um slys það sem varð.

Af hálfu X er eins og fram er komið á því byggt að váttryggingarsamningur um sjúkra- og slysatrygginguna hafi ekki komist á þar sem nauðsynlegar upplýsingar hafi ekki legið fyrir. Þá sé í skilmálum fyrir sjúkra- og slysatrygginguna undanskilin hvers konar slys, er verði í akstursíþróttum og því sé ljóst að umrætt slys hefði ekki fengist bætt, jafnvel þótt tryggingin hefði verið í gildi.

Álit.

Málskot þetta varðar ágreining um hvort sjúkra- og slysatrygging sem málskotsaðili sótti um hjá X fyrir milligöngu Y, sem hefur starfsleyfi til váttryggingamiðlunar, hafi verið í gildi þegar hann féll af vélhjólí og slasaðist þann 06.06.1999 og hvort greiðsluskylda úr tryggingunni sé fyrir hendi.

Ekki verður talið að umsókn málskotsaðila hafi verið samþykkt af váttryggafélaginu fyrir slysið þann 06.06.1999. Samningur hafi því ekki verið kominn á um váttrygginguna þegar slysið varð. Staðfestingu sem send var Y þann 04.05.1999 á tölvupósti um að móttekin væri ósk um lækkun dagpeninga er eigi unnt að skoða sem samþykki á umsókn málskotsaðila gegn andmælum X.

Til álita kemur hvort félagið kunnir að bera ábyrgð enda þótt umsóknin hafi ekki enn verið samþykkt þegar slysið varð. Af hálfu félagsins er á því byggt að ekki hafi verið unnt að taka

afstöðu til umsóknarinnar þar sem skort hafi nauðsynlegar upplýsingar um launamál málskotsaðila.

Í 1. gr. váttryggingarskilmála segir að váttryggingin gildi frá þeim tíma, sem greindur er í skírteininu en eins og fram er komið hafði ekkert skírteini hafði verið gefið út þegar málskotsaðili slasaðist. Þá var eigi tilgreint í umsókn hans hvenær óskað væri eftir að tryggingin tæki gildi.

Í 11. gr. laga um váttryggingasamninga segir um upphaf ábyrgðar félags þegar eigi er um annað samið:

“Nú hefur váttryggingarsamningur verið gerður, en eigi á það kveðið, hvenær ábyrgð félagsins skuli hefjast, og telst hún þá hefjast, þegar félagið eða váttryggingartaki sendir frá sér orðsendingu um, að hann samþykki tilboð hins”.

Með hliðsjón af málsatvikum eins og þau birtast í gögnum málsins og því sem að framan er rakið um ástæður tafa og reglur um upphaf ábyrgðar váttryggingafélags í skilmálum og lögum um váttryggingasamninga nr. 20/1954 þykja eigi nægar forsendur til að fallast á greiðsluskyldu X úr sjúkra- og slysatryggingu þrátt fyrir þann langa tíma sem leið frá því að umsókn málskotsaðila barst félaginu þar til slysið varð.

Málskotsaðili sótti um sjúkra- og slysatrygginguna hjá X fyrir milligöngu Y, sem hefur leyfi til váttryggingamiðlunar. Um leyfisveitingar, starfsemi og starfskyldur váttryggingamiðlara fer eftir IX. kafla laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Það fellur eigi undir verksvið nefndarinnar að fjalla um hugsanlega bótaábyrgð váttryggingamiðlara án tengsla við greiðsluskyldu úr váttryggingu.

Niðurstaða.

X er ekki skylt að greiða bætur vegna slyss málskotsaðila.

Reykjavík 4. júlí 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Guðný Björnsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 149/2000

M og
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar.

Tjón þegar maður féll af hesti vegna ágangs graðhests þ. 18.6.1995.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.5.2000 ásamt greinargerðum.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 599/1999
3. Lögregluskýrsla dags. 19.6.1995.
4. Bréf lögmanna M dags. frá 1995 til 2000.
5. Bréf lögmanna V dags. 25.7.1995
6. Bréf V dags. 1996-2000.

Málsatvik.

M segist hafa verið í landi Svarfhóls, í Borgarfirði og segist hafa átt leið um hólfið, sem M segist hafa þurft að fara um til að komast leiðar sinnar að sumarbústað foreldra sinna, en er hann reið hesti sínum um hólfið hafi verið þar graðhestur í merahópi og hafi hann ærst og sótt að reiðhesti M þannig að hestur M fældist og féll M af baki og segist hafa fest annan fótinn í ístað og dregist með hestinum nokkurn spöl, en síðan losnað og þá lent í gaddavír. Lögmenn M gera kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu eiganda graðhestsins og benda á, að graðhesturinn hafi verið utan tryggs girðingarhólfs sem bændum sé skylt skv. lögum að hafa um graðhesta og graðnaut. Lögmaður eiganda graðhestsins segir að hesturinn hafi verið í sinni vörslugirðingu og hafi girðingin verið nægjanlega traust. Þá segir lögmaðurinn það óskiljanlegt af hverju M hafi valið þá leið, sem hann fór þ.e. um girðingu, þar sem hann hafi vitað eða mátt vita af graðhestum auk þess sé M einn til frásagnar um málsatvik. V hafnar bótaábyrgð og segir ósannað að slysið hafi orðið með þeim hætti að leiði til skaðabótaábyrgðar vátryggingataka sem landeiganda eða vörslumanns graðhestsins og hafi M auk þess vitað eða mátt vita að stóðhestur væri í girðingunni og hafi átt kost á annarri leið til að komast á áfangastað. M hafi því ekki átt nauðsynlegt erindi innan girðingarinnar og telur V. að tjónið verði rakið til eigin sakar M.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það, að graðhestur sá, sem um ræðir í máli þessu hafi ekki verið í öruggri vörslu innan girðingar. M tók áhættu þegar hann valdi að ríða hrossi sínu innan girðingar. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda og/eða vörslumanns graðhestsins.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu eiganda/vörslumanns graðhests.

Reykjavík 4.7. 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 153/2000.

M

og

Vátryggingafélagið X vegna ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys 16.12.1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.05.2000.
2. Tjónstilkynningar til X, Vinnueftirlits ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins.
3. Lögregluskýrslur dags. 16.12.1997, 12.01.1998 og 15.01.1998.
4. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 16.12.1997.
5. Bréf X til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar.
6. Umboð M til síns lögmanns dags. 31.01.2000.
7. Bréf X til lögmannsstofu.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 511/2000.

Málsatvik.

M slasaðist þann 16.12.1997 við vinnu sína á vegum verktakafyrirtækis við Skautahöllina í Laugardal. Slysið átti sér stað þegar verið var að hífa einangrunarplötur í þak nýbyggingarinnar með krana af gerðinni Link Belt. Plöturnar voru festar í þar til gerðan klafa, sem festur var í krók kranavirsins með 16 mm. nylontógi. Plöturnar eru 240x60 cm og 15 cm á þykkt og veга 70 kg. Þegar einni plötunni hafði verið lyft í u.þ.b. tveggja metra hæð losnaði festingarhnútur nylontógsins á klafanum og féll platan niður og á M sem var við vinnu sína. Í gögnum málsins kemur fram að ekki er vitað hver batt hnút þann sem gaf sig.

M kveðst hafa verið að vinna við að bora og húkka í einangrunarplötur sem fara áttu á þak byggingarinnar. Hann kveðst hafa verið kominn undir plötuna sem verið var að hífa heldur fljótt til þess að bora næstu plötu og það hafi verið skýringin á því að hann hafi orðið undir plötunni. M telur kranamanninn hafa verið heldur seinan til að hífa plötuna sem hafi átt þátt í því hvað hann var kominn fljótt undir plötuna.

Vitnið C sem var við vinnu á krananum í umrætt sinn segist hafa verið búinn að biðja starfsmenn um að fara ekki undir plöturnar á meðan verið væri að hífa þær upp. Verkstjórinn D á staðnum kveður það hafa verið reglu að brýna það fyrir starfsmönnum að standa ekki undir hlutum sem verið væri að hífa upp.

Að álit Vinnueftirlits ríkisins voru ástæður slyssins einkum þær tvær að ásláttarbúnaður hafi verið ófullnægjandi og að unnið hafi verið undir byrði sem verið var að hífa.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að ásláttarbúnaði sem notaður var við að hífa upp einangrunarplöturnar í umrætt sinn var verulega ábótavant og telst það vera höfuðorsök slyssins. Vinnuveitandi tjónþola ber bótaskyldu vegna þessa. Tjónþola mátti hins vegar vera ljós sú hætta sem af því gat stafað að hefja vinnu undir þeirri plötu sem verið var að hífa upp með krana, og verður ekki séð að nauðsyn hafi borið til þess. Tjónþoli verður því að bera ¼ hluta tjónsins sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Tjón M vegna vinnuslyss þann 16.12.1997 er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu að $\frac{3}{4}$ hlutum, en $\frac{1}{4}$ hluta tjónsins ber M sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík, 11. júlí 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 155/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/V.

Vinnuslys í eldhúsi hjá V þann 17.5.1993.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.5.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 555/2000.
3. Bréf F, dags. 12.7.1999, ásamt tjónstilkynningu, dags. 7.7.1999.
4. Bréf lögreglustjóra, dags. 13.1.2000, ásamt skjölum nr. 1-8.
5. Þrjú læknisvottorð, dags. 17.11.1999, 7.1.2000 og 1.3.2000.
6. Bréf lögmanns M, dags. 25.2.2000.
7. Bréf X, dags. 25.4., 5.5. og 6.6.2000.

Málsatvik.

M var við störf í svo kölluðu grænmetisherbergi í eldhúsi hjá V. Hún var að útbúa samlokur við vinnuborð sem hafi verið í tveimur mismunandi hæðum. Hafi hún staðið við lægri hluta þess. Á gólfinu hafi verið stórar rauðbrúnar flísar og telur M gólfið hafa verið þurrt. Langt hafi verið liðið á vaktina. Hún hafi verið í sérstökum sjúkraskóm, opnum og með hælbandi. Þeir hafi verið riflaðir til að vera stöðugir í hálfu. Fætur hennar hafi verið á nokkurri hreyfingu til að draga úr þreytu. Við slíka hreyfingu telur M að hún hafi stigið á vínberjaklasa á gólfinu og tekist á loft og fallið í gólfið með vinstri hlið. Hún mun ekki hafa orðið vör við vínberjaklasann á gólfinu fyrir en eftir byltuna og ekki séð neitt annað sem hafi getað valdið hálfu á gólfinu. Hún leitaði til læknis daginn eftir slysið vegna verkja yfir lend- og spjaldhrygg, sérstaklega vinstra megin. Hún gekkst undir aðgerðir á baki síðari hluta árs 1993. Frá júní 1999 hefur hún notið fullra örorkubóta vegna bakeinkenna sem hún rekur til slyssins. Slysið var á sínum tíma ekki tilkynnt lögreglu eða Vinnueftirlitinu.

Ein samstarfskona M kvaðst muna eftir að M hafi sagt frá atvikinu strax eftir að það gerðist og að hún hafi óvart stigið á vínber við vinnu sína. Verkstjóri í eldhúsinu kvaðst hafa heyrt að M hafi dottið í grænmetisherberginu, en muni lítið hvernig eða hvenær hún hafi fengið vitneskju um slysið. Í tjónstilkynningu V kemur fram að umrætt atvik hafi ekki verið tilkynnt til yfirmanna og því hafi ekkert verið vitað um það.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir af hverju vínberjaklasi sá, sem M telur að hafi valdið byltunni, lá á gólfinu í umrætt sinn. M virðist ekki hafa látið yfirmenn sína vita um slysið strax og það gerðist þótt tilefni hafi verið til þess. Það breytir því ekki sönnunarstöðu í málinu þótt rannsókn slyssins hafi farið fram mörgum árum síðar. Verður ekki séð að það hafi gerst vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna V eða á annan hátt þannig að V geti borið ábyrgð á slysinu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 11. júlí 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 156/2000

M og

Vátryggingafélagið V v/áb.tryggingar og eigendur X og Z.

Tjón þegar fiskkör lentu á bifreiðum 30.3.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 29.5.2000.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 498/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 30.3.
4. Bréf Vátryggingafélagsins R dags. 14. og 20.6.2000 ásamt ljósmyndum.
5. Yfirlýsing dags. 14.4.2000.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu féll fiskkarastæða ofan á tvær bifreiðar sem stóðu við gafl húss Fyrirtækis, kyrrstæðar og mannlásar, en eigendurnir voru við vinnu hjá fyrirtækinu. Fram kemur í lögregluskýrslu, að enginn hafi rekið sig á körin, en hvöss norðaustan átt hafi verið þannig að körin hafi líklega fokið til og ofan á bifreiðarnar.

Álit.

Óvarlegt var að raða fiskkörum svo sem gert var í námunda við svæði þar sem bifreiðum er lagt. Ekki liggur fyrir, að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að varna því, að þau fiskkör, sem raðað var í 6 hæðir fylkju til þrátt fyrir að hvassvirði hafi verið þann dag sem óhappið varð. Miðað við ofangreint er rétt, að eigendur X og Z fái bætt tjón sitt úr ábyrgðartryggingu Fyrirtækisins.

Niðurstaða.

Tjón X og Z bætist úr ábyrgðartryggingu Fyrirtækisins hjá V.

Reykjavík 4.7. 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 166/2000

M. og Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar.

Ágreiningur um réttarstöðu vegna vatnstjóns sem varð þann 31.12. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 02.06. 2000.
2. Bréf málskotsaðila til úrskurðarnefndar dags. 25.05. 2000 þar sem hjálagt fylgdi yfirlýsing pípulagningarmanns dags.08.03. 2000.
3. Bréf málskotsaðila til vátryggingafélagsins dags. 06.01. 2000, 27.01. 2000, 23.03. 2000.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 17.01. 2000, 10.02. 2000, 31.03. 2000, 28.01. 2000.
5. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar dags. 15.06. 2000 þar sem hjálagt fylgdi símbréf félagsins dags. 09.02. 2000, bréf félagsins til tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 28.01. 2000, vátryggingarskilmálar húseigendatryggingar og teikningar frá tæknideild Kópavogsbæjar.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 132/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vatn flæddi um gólf húsnæðis M í Kópavogi vegna bilaðra brunndæl sem áttu að taka við og flytja utanaðkomandi vatn frá húsinu. Þegar tjónið varð var mikið snjómagnt og mikil rigning og asahláka.

Vátryggingafélagið telur, með vísan til gr. 917.20 í skilmála vatnstjónstryggingar húseigendatryggingar, þá falli tjón vátryggingartaka utan verndar vátryggingarinnar. Um sé að ræða vatn sem þrýstist upp úr frárennislögnum. Samkvæmt gr. 917.20 bætir vátryggingin ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst.

Málskotsaðilinn telur að tjónið sé bótaskyld, þar sem það megi rekja til þess að lagnakerfi hússins hafi bilað. Hann telur að brunndælur séu hluti af lagnakerfi hússins. Hann vísar til yfirlýsingar pípulagningarmanns sem telur brunndælur vera hluta af lagnakerfi þess. Málskotsaðilinn telur að ákvæði 916.10 í vátryggingarskilmálum eigi við, en þar komi fram að vátryggingin bætir skemmdir sem verða á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan útveggja þess og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum og skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.

Álit.

Nefndin telur að umrætt tjón sé undanskilin áhætta skv. fyrirliggjandi skilmálum. Grein 917.20 á við í máli þessu en þar kemur fram að vátryggingin bætir ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst. Nefndin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að umrædd grein eigi ekki við.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi skv. fyrirliggjandi húseigendatryggingu.

Reykjavík 18. júlí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 172/2000.

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.
og
Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

Umferðaróhapp á Arnarnesvegi á móts við Faxaholt þann 25.04.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 07.06.2000.
2. Fjórar lögregluskýrslur vegna málsins dags. 25.04.2000, 02.05.2000 og 04.05.2000.
3. Skýrsla rannsóknarlögreglumanns dags. 03.05.2000 ásamt ljósmyndum af vettvangi.
4. Bréf Vátryggingarfélagsins X til úrskurðarnefndar dags. 27.06.2000.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 625/2000.

Málsatvik.

A var ekið austur Arnarnesveg en hrossi var riðið norður reiðveg að Arnarnesvegi. Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Arnarnesveg á 30-40 km/klst. Hann kvaðst hafa séð hvar hrossinu er riðið norður reiðveginn að Arnarnesvegi. Hann kvað hrossið skyndilega hafa fælst og það hafi hlaupið á bifreiðina og við það hafi knapinn fallið af baki og lent á veginum. Ökumaður kveður þetta hafa gerst svo snögg að hann hafi ekki haft neinn möguleika á að koma í veg fyrir slysið.

Knapinn, sem er 14 ára stúlka kvað hrossið hafa tekið á rás út á Arnarnesveginn og þá lent á eða fyrir A sem var ekið austur Arnarnesveg í sama mund. Hún kveðst ekki hafa getað stoppað hestinn þar sem hann hafi verið heimfús, hún hafi reynt að kalla til bifreiðarinnar, en kveðst ekki hafa séð að ökumaður bifreiðarinnar yrði var við hana fyrir en um það leyti sem hesturinn stökk yfir bifreiðina.

Vitni að óhappinu segir m.a. svo frá í lögregluskýrslu að A hafi verið ekið á rólegri ferð austur Arnarnesveg en vitnið hafi ekki veitt því athygli hvort ökumaður A hefði hægt ferðina er hann nálgast gatnamótin þar sem akbrautin og reiðgatan mætast. Vitnið segir að sér hafi virst sem knapinn hafi ekki haft stjórn á hestinum þar sem hann nálgast gatnamótin.

Þar sem umrætt óhapp átti sér stað er hámarks hraði 30 km/klst. Samkvæmt lögregluskýrslu eru þar einnig umferðarmerki sem sýna hross og þrengingu á vegi og er vegurinn verulega þrengdur þar sem reiðgatan og akbrautin mætast og eru þarna einnig gulmálaðir steinar og staurar meðfram Arnarnesvegi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 1. mgr. 90. gr. sömu laga ber skráður eða skráningarskyldur eigandi ökutækis fébótaábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur vegna munatjóns má lækka ef tjónþoli var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, en bætur vegna líkamstjóns verða því aðeins lækkaðar eða felldar niður ef tjónþoli var meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. og 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Skilyrði bótaréttar úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar er m.a. að sýnt sé fram á að vátryggður hafi sýnt af sér gáleysi sem leitt hafi til tjónsins. Knapinn í máli þessu viðurkennir að hafa ekki haft stjórn á hestinum í umrætt skipti, en það þykir ekki eitt og sér fela í sér sönnun þess að knapinn hafi sýnt af sér gáleysi, en ýmsar ástæður geta leitt til þess að knapinn missir stjórn á hestinum, þ.á.m. geta hestar fælst skyndilega vegna bifreiðaumferðar. Engin frekari gögn er að

finna í málinu sem leiða líkur að gáleysislegri hegðun knapans og telst því ekki sannað að knapinn hafi sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn.

Samkvæmt framansögðu telst hlutlæg ábyrgðarregla 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga eiga við í máli þessu. Verður því eigandi bifreiðarinnar einn að bera fébótaábyrgð á tjóni því sem hlaust í umræddu umferðaróhappi.

Niðurstaða.

Eigandi bifreiðarinnar A ber fébótaábyrgð á tjóni því sem hlaust í umferðaróhappinu og á ekki bótarétt vegna tjóns á bifreiðinni A úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá váttryggingarfélaginu X.

Reykjavík, 11. júlí 2000.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 179/2000

M og Vátryggingafélagið V v/slysatryggingar launþega.

Slys í frítíma þegar M var við vinnu í eigin fyrirtæki, þ. 10.9.1994.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.6.2000 ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 376/2000.
3. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 4.7., 26.7. 27.7., 28.7. og 17. 8. ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M var verkstjóri hjá K og var í frítíma sínum að vinna við að koma upp vélum í húsnæði þar sem hann hugðist reka gúmmívinnslufyrirtæki. M prófaði svonefndan valsara og setti í vélina gúmmímottu, en þá varð það slys, að hendi M fór í valsarann og M slasaðist á hægri hendi. M var tryggður sem starfsmaður K skv. kjarasamningi allan sólarhringinn fyrir dauða eða varanlegri örorku. Lögmaður M heldur því fram, að svonefndir U tryggingarskilmálar hafi gilt um tryggingu M og beri V að bæta M tjónið þrátt fyrir að M hafi verið að vinna við eigin fyrirtæki í frítíma sínum. V bendir á, að orðalagið “gildir allan sólarhringinn” hafi frá upphafi verið skilið á þann veg, að utan vinnu sé um að ræða venjulega frítíma áhættu. Þá bendir V á að áhættusjónarmið leiði til þess, að bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

Álit.

Lögmaður M heldur því fram, að svonefndir U tryggingarskilmálar hafi gilt varðandi tryggingu M. V segir um þetta atriði eftir að Úrskurðarnefndin hafði sérstaklega farið fram á að fá afstöðu V til þess hvaða tryggingarskilmálar giltu um þetta tilvik og gögn þar að lútandi; “Vátryggingaskilmálar sem leggja skal til grundvallar er skilmáli fyrir slysatryggingu launþega en hann er bara einn. Allar slysatryggingar launþega eru í raun hefðbundnar aðeins er um að ræða mismunandi tryggingarfjárhæðir svo og hvort tryggingin gildir allan sólarhringinn eða ekki.” Síðan segir; “Það eru orðin mörg ár síðan K tók slysatryggingu launþega hjá félaginu og við athugun á fyrstu tölvufærslu tryggingarinnar þá er hún frá 1987, en tryggingin er þó eldri en það. Félagið er þess fullvisst að á sínum tíma hafi K verið sendur skilmáli fyrir slysatryggingu launþega og þá með viðeigandi áletrun vegna frítíma.” Skv. því sem hér kemur fram og að öðru leyti í bréfi V. þá getur félagið ekki með óyggjandi hætti gert grein fyrir því hvaða vátryggingaskilmálar hafi verið í gildi. V hefur því ekki þrátt fyrir beiðni frá Úrskurðarnefndinni sýnt fram á að aðrir vátryggingarskilmálar hafi gilt en þeir sem lögmaður M heldur fram, að hafi gilt um tilvik þetta þ.e. slysatrygging launþega, vátryggingarskilmálar frá 17.7.1989 og verða þeir vátryggingarskilmálar því lagðir til grundvallar í málinu. Skv. þeim skilmálum er ekkert ákvæði sem kveður á um að vátryggingin bæti ekki tjón sem vátryggður verður fyrir í frítíma sínum þrátt fyrir það, að hann sé að vinna við eigin atvinnurekstur. Ekki hafa verið lögð gögn fyrir Úrskurðarnefndina, sem sýna, að um áhættubreytingu hafi verið að ræða hjá M. Miðað við framlögð gögn er því tjón M bótaskyldt skv. þeirri slysatryggingu launþega sem virðast hafa gilt í tilvik hans. Ekki liggur fyrir framburður M í málinu eða framburður vinnuveitanda M, en M verður ekki látinn bera halla af því. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 5.9.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 192/2000

M og Vátryggingafélagið V v/fjölskyldutryggingar.

Slys um borð í togara þegar sjómaður féll í stiga þ. 22.11.1996 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.7. 2000. ásamt meðfylgjandi gögnum nr. 1-8.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 747/2000.

Málsatvik.

M sem er sjómaður og háseti á togara féll í stiga um borð í skipinu og fótbrotnaði þ. 22.11.1996, en þegar slysið varð var M ekki á vakt. M hafði keypt heimilistryggingu hjá TM og er vísað til ákvæðis í tryggingaskilmálum sem segir, að tryggingin gildi ífrístundum vátryggðs. Lögmaður M bendir á, að M hafi ekki verið á vakt og því hafi frístundatrygging hans gilt í umrætt sinn. V hafnar kröfu M um að hann fái greiddar bætur úr slysatryggingarþætti fjölskyldutryggingar og bendir á 27. gr. skilmála í því sambandi.

Álit.

Í tryggingarskilmálum M, segir í 3. gr. að slysatryggingin nái til slysa sem verði í frítíma hinna vátryggðu. Í 27.gr. segir, að vátryggingin gildi aðeins í frístundum vátryggðs og síðan segir að vátryggingin nái ekki til slysa sem vátryggðir verða fyrir í starfi hvort sem um sé að ræða launað starf eð arðbært starf í eigin þágu, sem atvinnuslysaþætti fylgir. Ekki virðist ágreiningur um það að þegar slysið varð var M ekki á vakt. M var því um borð í skipinu í frítíma sínum og þar sem M var ekki við störf í umrætt sinn verður ekki fallist á annað miðað við orðalag tryggingarskilmála M, en að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingarþætti fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna slyssins úr slysatryggingarþætti fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 8.8. 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 197/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar skólabarna.

Ágreiningur um réttarstöðu í tengslum við slys sem varð í skólaferðalagi 30.05. 1996.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.07. 2000.
2. Vátryggingaskilmálar og skírteini
3. Bréf föður hins slasaða dags. 26.11. 1996.
4. Reikningar.
5. Bréf lögmanns hins slasaða dags. 11.12. 1996, 14.04. 1997, 16.01. 1998, 05.04. 2000, 09.04. 2000 og símbref dags. 22.06. 2000.
6. Ódagsett bréf vátryggingafélagsins og bréf þess dags. 23.01. 1998 og 22.06. 2000.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 19.07. 2000.
8. Tilkynning um slys og skýrsla.
9. Áverkavottorð.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 644/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ágreiningur aðila er um bótafjárhæðir. Vátryggingafélagið hefur samþykkt að úrskurðarnefndin úrskurði um bótafjárhæðir í máli þessu. Ágreiningur er um hvað falli undir slysakostnað skv. fyrirliggjandi skilmálum þ.e. hvort flutningur slösuðu fellur þar undir og hvaða fjárhæð skuli leggja til grundvallar og um vexti og lögmannskostnað.

Málskotsaðilinn telur að hvergi sé skýrt í skilmálum hvað falli undir slysakostnað. Ætla verði að vátryggingin eigi að bæta allan nauðsynlegan slysakostnað og ráðstafanir sem rétt og hæfilegt er að grípa til til að koma slasaða undir læknishendur og lækni meðferðina sjálfa að svo miklu leyti sem vátryggingafjárhæðin hrekkur til. Hann telur að flutningur (akstur með) slösuðu falli hér undir með sama hætti og skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Hann telur að umkrafinni fjárhæð sé stillt í hóf. Ferðakostnaður sé miðaður við kílómetragjald sem í öllum tilvikum sé sanngjarnt gagnvart vátryggingafélaginu. Fram kemur að faðir slösuðu hafi ekið henni og tafist frá bústörfum. Kröfu vegna annars ferðakostnaðar sé stillt í hóf. Varðandi kröfu um bótafjárhæð er vísað til 1. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Fram kemur að krafa um lögmannskostnað sé reist á skaðabótasjónarmiðum, vegna neitunar tryggingafélagsins á greiðslu bótakröfu hafi slösuðu og lögráðamanni hennar verið nauðsynlegt að leita aðstoðar lögmanns til að ná fram rétti sínum.

Vátryggingafélagið vísar til skilmála slysátryggingar þar sem rétt er um slysakostnað og að þar sé átt við beinan útlagðan kostnað við lækni meðferð. Það telur að óhjákvæmilegur ferðakostnaður vegna slyssins falli hér undir. Í þessu máli sé deilt um hvaða fjárhæð eigi að bæta hann. Félagið hafi fallist á að taka þátt í honum með því að greiða “eðlilegan bensínkostnað” en það geti ekki fallist á að greiða skv. kílómetragjaldi enda sé í slíku gjaldi tekið tillit til slits á dekkjum og almenns viðhalds, sem geti aldrei fallið hér undir. Félagið hafnar því að vinnutap föður hinnar slösuðu vegna flutningsins bætist úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Að krafa um annan ferðakostnað sé ekki studd gögnum og komi ekki til álita. Fram kemur og að slysátrygging skólabarna sé höfuðstólstrygging. Með vátryggingu þessari komi forráðamenn sveitarfélaga til

móts við foreldra ef barn þeirra kynni að lenda í alvarlegu slysi. Ekki megi ráða að váttrygging skuli bæta allan nauðsynlegan kostnað og ráðstafanir sem rétt og hæfilegt sé að grípa til. Félagið mótmælir því að 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga eigi hér við enda sé um summuváttryggingu að ræða sem ekki byggir á viðhorfum skaðabótaréttar. Innheimtuþóknun lögmanns sé ekki rædd í skilmálum og því hafnar félagið því að hún sé greiðsluskyld úr þessari váttryggingu. Félagið telur að krafa tjónþola sem reist sé á skaðabótasjónarmiðum eigi ekki rétt á sér. Það hafnar því að um óréttmæta neitun félagsins á greiðslu bótakröfunnar hafi verið að ræða.

Álit.

Ágreiningur aðila er um bótafjárhæð þ.e. hvað falli undir slysakostnað skv. fyrirbyggjandi skilmálum slysatryggingar skólabarna, hvaða fjárhæð skuli leggja til grundvallar við flutning hinnar slösuðu, annan ferðakostnað, vinnutap föður, vexti og lögmanskostnað.

Samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingu er slysakostnaður eingöngu greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur úr öðrum váttryggingum eða Tryggingastofnun ríkisins. Hámarksfjárhæðir vegna andláts, örorku og slysakostnaðar koma fram í váttryggingaskírteini og/eða endurnýjunarkvittun. Fyrirbyggjandi váttryggingaskilmálar skilgreina ekki hvað átt er við með slysakostnaði. Hér er um summuváttryggingu að ræða, slík váttrygging er ekki byggð þeim sjónarmiðum sem fram koma í 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Nefndin getur ekki fallist á að bótakrafa hinnar slösuðu geti stuðst við þau sjónarmið sem skaðabótalögin byggjast á. Þrátt fyrir þetta verður að telja að með slysakostnaði sé átt við þær ráðstafanir sem eðlilegt var að grípa til við flutning og umönnun hinnar slösuðu þ. á m. aksturskostnað en ekki afleitt tjón svo sem tafa föður frá bústörfum.

Með hliðsjón af framanrituðu skal váttryggingafélagið greiða ferðakostnað vegna aksturs hinnar slösuðu. Í því sambandi er rétt að miða við kílómetragjald sem ferðakostnaðarnefnd leggur til grundvallar. Frá og með 1. júlí sl. skal miða við 44,85 kr. pr. km. Ekki er gerð ítarleg grein fyrir kröfu um annan ferðakostnað í fyrirbyggjandi gögnum og kemur hann því ekki til álita hér.

Félagið skal greiða vexti af bótafjárhæðinni skv. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 sbr. ákvæði laga um vexti.

Váttryggður á rétt á því að váttryggingafélagið greiði hæfilegan lögmanskostnað. Nefndin getur ekki fallist á sjónarmið þess efnis að lögmanskostnaður sé ekki greiðsluskyldur. Váttryggðum var nauðsynlegt að leita sér aðstoðar lögmanns í þessu tilviki, en nefndin tekur ekki afstöðu til fjárhæðar hans.

Niðurstaða.

Slysakostnaður tekur til nauðsynlegs ferðakostnaðar. Við ákvörðun um ferðakostnað er rétt að lágmarki að taka mið af ákvörðun ferðakostnaðarnefndar frá því í júlí 2000, þ.e. 44,85 kr. pr. km. Váttryggingafélagið skal greiða vexti af bótafjárhæðinni skv. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 sbr. ákvæði laga um vexti. Váttryggður á rétt á því að váttryggingafélagið greiði hæfilegan lögmanskostnað.

Reykjavík 8. ágúst 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 210/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunar (A).

Líkamsmeiðsl 30.12. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 03.08. 2000.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Tjónstilkynning dags. 10.01. 2000.
4. Afrit ávísunar vegna greiðslu sjúkrakostnaðar.
5. Frásögn tjónþola dags. 14.02. 2000.
6. Bréf vátryggingafélagsins dags. 03.02. 2000.
7. Bréf lögmanns tjónþola dags. 15.02. 2000 og 19.05. 2000.
8. Símbref vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola dags. 15.06. 2000.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 16.08. 2000, hjálagt fylgdi afrit bréfs þess dags. 15.06. 2000 og bréfs til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 05.06. 2000, afrit ljósmynda og bréf lögmanns tjónþola til félagsins dags. 31.01. 2000.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 690/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Tjónþoli slasaðist er hann kom inn í húsnæði vátryggingataka. Þar eru hringdyr og féll hann um enda tepparennings, sem lá frá dyrunum til að varna hálfu á flísalögðu gólfinu. Við fallið axlarbrotnaði hann.

Tjónþoli telur að vátryggingatakinn (A) sé skaðabótaskyldur vegna þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru. Hann vísar m.a. til frásagnar starfsmanna A, um að tepparennurinn hafi verið alveg upp við hurðina þegar slysið átti sér stað og að teppið vildi verpast eða endar þess rúllast upp.

Vátryggingafélagið hefur, með vísan til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, fallist á bótaskyldu að hálfu vátryggingataka en að slysið verði að hluta rakið til gáleysis tjónþola sjálfs.

Álit.

Nefndin telur að A beri ábyrgð á umræddu slysi. Fyrirliggjandi frásögn starfsmanns A styður sjónarmið tjónþolans. Fram kemur efnislega að dregillinn hafi í upphafi náð fram að hurðinni en þar sem hann vildi verpast eða endar hans vildu rúllast upp, hafi hann verið stytur, en það hafi verið "eftir óhappið, sama dag eða daginn eftir." Einnig hafi mottu verið komið fyrir eftir óhappið til að koma í veg fyrir fleiri slík óhöpp. Það var óvarlegt af vátryggingataka að gæta þess ekki að umræddur tepparennur myndi ekki valda hættu fyrir þá viðskiptavini sem leið áttu um húsnæðið. Ráðstafanir voru gerðar í kjölfar slyssins til þess að fyrirbyggja að tjón yrði með þessum hætti aftur. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu tjónþola vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 29. ágúst 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 216/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys hjá R þann 12.1.1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.8.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 851/2000.
3. Lögregluskýrslur, þ. á m. skýrsla af M og átta vitnum og ljósmyndir.
4. Skýrsla Löggildingarstofu um slysið ásamt fylgigögnum.
5. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags. 10.7., 24.7., 2.8. 22.8. 2000.

Málsatvik.

Að morgni 12. janúar 1998 hafði bilun orðið í rafmagnslínu í eigu R, svonefndri Grafarholtslínu. Þurfti að skipta um staur í línunni, þar sem hún lá austan Vesturlandsvegur milli Reynisvatnsafleggjara og árinna Korpu. Var stefna línunnar á þessum slóðum u.þ.b. úr suðvestri til norðausturs. Norðan Korpu lá hún að svonefndri Úlfarsfellslínu, sem lá í stefnu frá suðri til norðurs, og lágu línurnar þar nánast samsíða á kafla uns þær voru teknar í jarðstreng vestur yfir Vesturlandsveg. Þar sem línurnar lágu saman, var Grafarholtslína vestan við Úlfarsfellslínu. Í hvorri línu voru þrír rafstrengir. Staurinn, sem skipta þurfti um, var fyrsti einfaldi burðarstaur frá tvístæðu norðan Reynisvatnsafleggjara, en norðan við staurinn voru svo þrír aðrir einfaldir burðarstaurar og voru þeir allir sunnan Korpu. Norðan árinna var hins vegar tvístæða og frá henni tók línan stefnu til norðurs samsíða Úlfarsfellslínu eins og fyrir getur í aðra tvístæðu, þar sem hún fór í jarðstreng yfir Vesturlandsveg. Í námunda við fyrstu tvístæðuna norðan Korpu var svo einfaldur staur í Úlfarsfellslínu. Þegar horft var til norðurs eftir Grafarholtslínu frá síðasta staur sunnan Korpu munu vórar Grafarholtslínu hafa borið í einangrara í staurnum í Úlfarsfellslínu. Áður en viðgerð hófst var spennan tekin af Grafarholtslínu og hún jafnframt jarðbundin. Á sama tíma var hins vegar full spennan á Úlfarsfellslínu eða 11.000 volt.

Umræddan morgun fór M ásamt fleiri vinnufélögum sínum hjá R að skipta um fyrrgreindan staur. Tókst sú viðgerð áfallalaust. Að því búnu var ákveðið að yfirfara bindingar (bensl) á rafmagnsstrengjunum við einangrara ofan á þverslám hinna burðarstauranna þriggja sunnan Korpu. Hins vegar stóð ekki til að athuga bindingar í tvístæðunum handan árinna, þar sem festingar á strengjunum við staurana er þar með öðrum hætti. FóR M ásamt einum vinnufélaga sínum, G, til að sinna þessu verkefni. FóR M fyrst upp í staurinn næst þeim staur sem upphaflega hafði bilað og skipt hafði verið um. G fór svo upp í annan staurinn og M upp í þann þriðja. G dvaldist um stund uppi í staurnum, sem hann fór upp í, þar sem hann þurfti að gera við bindingarnar. Að því loknu fór hann niður úr staurnum og gekk til norðurs upp á hitaveitustokk til að huga að M. Sá hann þá M uppi í staurnum í Úlfarsfellslínu, sem stóð næst fyrstu tvístæðunni í Grafarholtslínu norðan Korpu. Hélt þá M með annarri hendi í einn rafstrenginn í línunni en með hinn hendi hélt hann í járnstífu, sem hélt þverslánni fastri við sjálfan staurinn. Skömmu síðar féll hann til jarðar. M slasaðist mjög alvarlega.

M kvaðst ekkert muna eftir slysinu og gat því ekki gert grein fyrir tildrögum slyssins eða orsökum þess. Sex vinnufélagar M, sem voru við störf með honum á slysstað, báru að þeim hafi öllum verið ljóst að spennan hafði verið tekin af Grafarholtslínu, en spennan væri hins vegar á

Úlfarsfellslínu. Hafi þeir sérstaklega verið varaðir þeirri hættu sem af því stafaði. Þá kom fram hjá nokkrum vitnum að það hafi legið ljóst fyrir að ekki hafi þurft að fara upp í staura norðan Korpu, heldur einungis burðarstaurana þrjá að sunnanverðu.

Við rannsókn málsins kom fram að ekki hafði verið skipaður sérstakur öryggisvörður við framkvæmd verksins eða sérstakar merkingar settar á þá línu sem var með spennu eins og boðið er í grein 10.5 og 10.6 í reglum um rekstur, eftirlit og viðhald raforkuvirkja, sem gefnar voru út af Rafmagnseftirliti ríkisins, sbr. orðsendingu þess nr. 1/84.

Álit.

Fram er komið að línur Grafarholtslínu og Úlfarsfellslínu féllu saman þegar horft var til norðurs eftir Grafarholtslínu frá síðasta staur sunnan Korpu. Var veruleg hættu á að rugla línunum saman, þegar gengið var áfram eftir Grafarholtslínu yfir Korpu og í átt að staur þeim í Úlfarsfellslínu sem M slasaðist í. Undir þessum kringumstæðum var brýn nauðsyn að fylgja öryggisfyrirmælum í fyrrgreindum ákvæðum 10.5 og 10.6 í reglum Rafmagnseftirlitsins um rekstur, eftirlit og viðhald raforkuvirkja, bæði með því að hafa sérstakan öryggisvörð til staðar, svo og að merkja staurana í Úlfarsfellslínu, sem var með fullri spennu, til að vara viðgerðarmennina við þeirri miklu hættu sem af línunni stafaði. Þessar nauðsynlegu öryggisráðstafanir brugðust af hálfu R. Ber R meginábyrgð á því tjóni sem M hlaut í slysinu. Samkvæmt framburðum vitna þykir ekki vafi á því leika að M átti að vera fullkunnugt að Úlfarsfellslína var með fullri spennu. Jafnframt átti hann að vita að óþarft var að athuga bindingar í Grafarholtslínu norðan Korpu. Þá átti honum að vera ljóst að hann var að störfum við mjög hættulegar aðstæður og ríkrar aðgæslu var þörf. Þótt M hafi ekki getað tjáð sig um tildrög slyssins verður ekki hjá því komist að virða það honum til gáleysis að hafa farið upp í rafmagnsstaur sem tilheyrði Úlfarsfellslínu. Á M því að nokkru eigin sök á slysinu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að hann beri eigin sök að 1/3 hluta og R beri ábyrgð á tjóni hans að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu R hjá X.

Reykjavík, 12. september 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 222/2000

M v/A og Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.

Umferðaróhapp á Reykjanesbraut í Reykjavík þegar bifreið ók á steypurör, þ. 4.10. 1999.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 22.8.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 692/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 4.10.2000. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf lögmanns X dags. 6.9.2000.
5. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 27.5., 13.6. og 1.9.2000.

Málsatvik.

Ökumaður A ók Reykjanesbraut til suðurs á akrein lengst til hægri og segir ökumaðurinn að skyndilega hafi bifreið sem ók á undan A verið sveigt frá og hafi hann þá séð hvar steypurör rann á miðri akreininni til norðurs og hafi steypurörið lent á A. Ökumaður A taldi rörið komið frá malarbing sem var rétt við Reykjanesbrautina. Framkvæmdir voru við veginn og hafði X ehf. með þær að gera. Forsvarsmáður fyrirtækisins sagði að steypurörið væri búíð að vera á malarbingnum við hlið akbrautarinnar í nokkurn tíma. Af hálfu M er því haldið fram, að frágangur steypurörsins hafi ekki verið með nægjanlega tryggum hætti og hafi eiganda fyrirtækisins verið kunnugt um rörið á malarbingnum í nokkurn tíma án þess að hann að hefðist nokkuð. V segir að ósannað sé að tjónið verði rakið til sakar starfsmanna X eða ófullnægjandi frágangs og svo virðist sem ökumaður A hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu. Þá hafi verið um óhappatílik að ræða. Fram kemur í bréfi frá V, að steypurörið hafi staðið upp á rönd í malarhrúgunni og hafi gulur borði verið vafinn um það, en malarhrúgan verið í um metersfjarlægð frá veginum.

Álit.

Frágangur steypurörsins var ófullnægjandi. Þá skyldu verður að leggja á þá sem hafa með verklegar framkvæmdir að gera við fjölfarnar akbrautir, að þeir gæti fyllstu aðgátar og gangi þannig frá uppgreftri, munum og öðru að þetta valdi ekki hættu fyrir umferð um viðkomandi akbraut. Í umrætt sinn gætti verktaki þess ekki að ganga tryggilega frá steypuröri því sem um ræðir og ber hann fulla ábyrgð á því að rörið valt í veg fyrir A þar sem á það skorti af hans hálfu að tryggilega væri gengið frá steypurörinu. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi hvort að það voru starfsmenn verktakans eða aðrir, sem að komu hreyfingu á rörið. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi ekið með þeim hætti, að hann eigi að bera tjón sitt sjálfur eða hluta þess vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Tjón á A er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X ehf. hjá V.

Reykjavík. 26.9.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 224/2000

M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp í Hestfirði við Ísafjarðardjúp 12.07. 2000, ágreiningur um tjónvald.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.08. 2000.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Afrit ökurita B.
4. Afrit tveggja dóma Hæstaréttar nr. 93/1963 og 21/1971.
5. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar 11.09. 2000.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 881/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa, afstöðu aðila og ráðstafanir. Álitafnið er hvort nægjanlega sé sannað að skemmdir á A megi rekja til notkunar B.

Ökumaður A lætur þess efnislega getið að hann hafi mætt “stórum flutningabíl” í Hestfirði á tilteknum tíma. Flutningabifreiðin hafi komið á mikilli ferð á móti. Honum hafi tekist að forða árekstri en þegar “afturhluti flutningabílsins fór fram hjá kastaðist stór grjóthnullungur frá honum” á A. Hann kveðst ekki hafa getað séð númer bifreiðarinnar “enda hann í talsverðum rykmekki, en sáum að bíllinn var blár og gulur.” Í framhaldi þessa hafi hann farið til lögreglu.

Lögreglan tók framburðarskýrslu af meintum tjónvaldi þ.e. ökumanni B. Efnislega kemur fram að hann hafi verið á ferðinni í Hestfirði á svipuðum tíma og tjónsátburður máls þessa varð. Ökumaðurinn lætur þess getið að hann hafi mætt mörgum bifreiðum í Hestfirði en hann hafi “ekki tekið eftir því að grjót hafi skotist undan bifreiðinni... og lent á einhverri bifreið. Hann segir að ef bifreiðar stöðvi þegar hann sé kominn framhjá þeim og gefi merki um að eitthvað sé að, þá taki hann yfirleitt eftir því.” Hann kveðst ekki muna eftir því að hafa “skotið grjóti undan bifreiðinni og hann hafi ekki getað verið á of mikilli ferð þar sem að hraðatakmarkari sé í bifreiðinni.”

Vátryggingafélag A telur að ekki sé nægjanlega sannað að tjón á A hafi verið valdið af B.

Vátryggingafélag B hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin nægar líkur framkomnar fyrir því að skemmdir á A megi rekja til notkunar B. Verður lagt til grundvallar að bifreiðarnar hafi mæst í Hestfirði umræddan dag og að grjót hafi skotist undan B og á A. Bótaábyrgð er því fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu B.

Þess ber að geta að það er ekki skilyrði bótaskyldu í tilviki sem þessu að meintur tjónvaldur hafi orðið var við það að grjót hafi skotist undan bifreið hans.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. október 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 228/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í sundlaug þann 05.01. 2000

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30.08. 2000.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Læknisvottorð.
4. Bréf lögmans tjónþola M dags. 01.02. 2000, 25.02. 2000, 19.05. 2000, 22.06. 2000.
5. Bréf vátryggingafélagsins dags. 04.02. 2000, 02.06. 2000, 27.06. 2000, 26.07. 2000 og til nefndarinnar í tilefni af málskotinu dags.. 11.09. 2000.
6. Skýrslur starfsmanna vegna slyssins (ódagsettar).
7. Yfirlýsing forstöðumanns sundlaugarinnar dags. 13.01. 2000 og 26.04. 2000 og ódagsett.
8. Skriflegar frásagnir þriggja vitna (sundlaugargesta).
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 792/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Samkvæmt þeim varð slysið með þeim hætti að tjónþolinn M rann til á hálkubletti á gönguleið við heita potta sundlaugarinnar og féll á bakið með þeim afleiðingum að meiðsl hlutust af. Slysið mun hafa átt sér stað um kl. 09.40, en sundlaugin var opnuð gestum kl. 08.00.

Ágreiningur er milli aðila um bótaábyrgð þ.e. hvort rekja megi slysið til vanrækslu starfsmanna sundlaugarinnar.

M telur að af gögnum málsins megi ráða að starfsmenn sundlaugarinnar hafi vanrækt að morgni slysdagsins að gera hefðbundnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu sem stafaði af hálkublettum. Hann telur því að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar hegðunar starfsmanna eða annarra atvika sem vátryggingataki beri skaðabótaábyrgð á. Það vekur athygli á því að hálkublettir myndist fljótt á bökkum sundlauga við vetraraðstæður. Gestir sundlauga verði að sýna fyllstu aðgát við slíkar aðstæður.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin ósannað að slysið verði rakið til atvika sem vátryggingataki ber skaðabótaábyrgð á. Sundlaugargestir verða að gæta aukinnar aðgæslu við vetraraðstæður því búast má við hálkublettum.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 26. september 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 229/2000

M og
Vátryggingafélagið V v/A.

Umferðaróhapp innan við Múlagöng við Ólafsfjörð bifreiða , þ. 4.5. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 4/9.2000.
2. Bréf lögmanns V dags. 6.9.2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 4.5.2000.
4. Niðurstaða úr alkahólrannsókn dags. 17.5.2000.
5. Bréf tjónafulltrúa V dags. 12.7.2000.

Málsatvik.

Tilkynnt var til lögreglu að A væri mannlaustr eftir umferðaróhapp innan við Múlagöng, ökumaður hafði ekki komið heim til sín eða gefið sig fram og var því hafin leit að honum. Farþegi í bifreiðinni kom fram og sagði ökumann hafa hlaupið á undan sér og ætlað að ná í hjálp. Ökumaðurinn fannst síðan fyrst eftir rækilega leit, en hann hafði falið sig í göngunum. Þar sem ökumaður var grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis var dregið úr honum blóð og var niðurstaða mælingar sú að ökumaður væri með 0.86 prómill í blóði. Í lögregluskýrslu kemur fram, að ökumaður hafi misst stjórn á A og hafi bifreiðin runnið skáhallt út úr göngunum og fram af vestari vegabruninni og endastungist þar. Móðir ökumanns (M) er eigandi A og vátryggingartaki og lánaði M syni sínum bifreiðina í umrætt sinn og segist M ekki hafa vitað, að ökumaður hafi ekið undir áhrifum í umrætt sinn og hafi því ekki átt neinn þátt í umræddu slysi. M er með A í kaskótryggingu hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á, að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis og ekki fær um að stjórna ökutæki í umrætt sinn og vísar í því sambandi til ákvæða skilmála fyrir kaskótryggingu A.

Álit.

Ökumaður A var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn og var ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega eins og afleiðingar akstursins bera glögggt með sér. Ökumaður er sonur vátryggingartaka M og fékk A að láni í umrætt sinn. Ekkert liggur fyrir í málinu um að M hafi vitað eða mátt vita, að sonur hennar mundi aka bifreiðinni undir áhrifum áfengis eða með öðrum þeim hætti sem jafnað verði til stórkostlegs gáleysis. Þá liggur ekki fyrir, að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hann fékk bifreiðina lánaða eða að M hafi vitað það hafi um það verið að ræða. V. Þar sem að ekkert liggur fyrir um vitneskju M um gáleysislegan akstur sonar síns í umrætt sinn missir hún ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu sinni hjá hjá V vegna A í máli því sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

V ber að bæta M tjón á A úr kaskótryggingu (húftryggingu) bifreiðarinnar.

Reykjavík. 3.10.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 230/2000

M og
Vátryggingafélagið V.

Demantshring stolið á hóteli í Búdapest þ. 31.5. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 908/2000.
3. Bréf lögmanns M dags. 13.8.2000.
4. Bréf V dags. 19.7., 14.8., 24.8. og 19.9.2000.
5. Yfirlýsing farastjóra dags. 21.6.2000.

Málsatvik.

M var í hópferð erlendis og hafði tekið af sér giftingarhing og demantshring að kvöldi og lagt á náttborð í hótélherbergi sínu. Morguninn eftir gleymdi M að setja upp hringana en áttaði sig á því þegar hópurinn var kominn á stað frá hótelinu, en áleit, að það ætti að vera í lagi, þar sem þeir væru í hótélherberginu. Þegar M kom í hótélherbergið síðar um daginn voru hringarnir horfnir. Demantshringurinn fannst ekki þrátt fyrir ítarlega leit en giftingahringurinn fannst. M var með F+ farangurstryggingu hjá V og krefur bóta úr tryggingunni. Lögmaður M hafnar því, að það hafi verið gáleysi hjá M að skilja hringana eftir á hótélherberginu sínu og því verði ekki jafnað til þess að þeir hafi verið skildir eftir á almannafæri eða á glámbekk, þá er bent á, að það hafi verið vegna þess, að M þrútnaði á höndum að hún tók hringana af sér. V telur að M hafi ekki sýnt nægjanlega aðgát þegar hún skildi skartgripni eftir á borði hótélherbergis þar sem herbergin voru þrífín daglega. Þá bendir V á að til 8. 4.gr. í vátryggingaskilmálunum eigi við um þetta tilvik og hafnar bótaskyldu

Álit.

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að um þjófnað á demantshring M hafi verið að ræða. Þá er ekki um það deilt, að M hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 1.tl. 7.gr. vátryggingarskilmálanna. Í rökstuðningi sínum bendir V á 8.tl. 4.gr. vátryggingaskilmálanna. Sú tilvísun á ekki við þar sem ekki liggur fyrir eða haldið fram af V, að hótélherbergi M hafi verið ólæst í umrætt sinn. Lokað hótélherbergi sem hótélgestur hefur á leigu er ekki almannafæri. Hótélgestur hefur tímabundin einkaafnot af hótélherbergi sínu. Vátryggingaskilmálarnir undanskilja ekki tilvik sem þetta. M á því rétt á tryggingabótum úr hendi V vegna demantshrings þess, sem stolið var frá henni

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld úr farangurstryggingu hennar hjá V.

Reykjavík. 10.10.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 236/2000

M
og
Vátryggingafélagið X.

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu (kaskótryggingu) bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.9.2000 ásamt greinargerð málskotsaðila, dags. 11.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 543/2000.
3. Tjónstilkynning, dags. 27.4.2000.
4. Bréf X, dags. 1.10.2000 ásamt útdrætti úr skilmálum.

Málsatvik.

Þann 14. apríl 2000 ók M bifreiðinni A til vesturs eftir Þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi, í grennd við Skóga undir Eyjafjöllum. Skall þá á vonskuverður eins og hendi væri veifað og buldi grjót og annað lauslegt á A. Stuttu síðar sá M rúllubagga tvístrast á túni skammt frá. Skall hey úr bagganum á A og skók hana til. Loks kveður M að á Hellisheiði hafi skari bulið á A í verstu vindkviðum. Tjón mun hafa orðið á A af völdum þess er fauk á hana.

Húftryggingarfélag bifreiðarinnar hefur hafnað að bæta tjónið.

Álit.

Samkvæmt grein 1.3. í skilmálum, sem um húftrygginguna gilda, bætir vátryggingin tjón vegna áfoks af völdum óveðurs. Þó bætist ekki tjón af völdum sandfoks eða þess að möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið. Með óveðri er í grein þessari átt við að vindhraði, þegar tjónið varð, hafi náð 11 vindstigum samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs.

Í ljósi ákvæðis þessa bætist ekki tjón á A sem hlaust við það að sandur, möl eða önnur jarðefni fuku á hana. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort um hafi verið að ræða óveður í skilningi skilmálanna eða ekki. Þá liggja ekki fyrir mælingar Veðurstofu Íslands um vindhraða á þeim stað, þar sem tjónið varð, né heldur gögn um það að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu vegna óveðurs. Hefur því ekki verið sýnt fram á með fyrirbyggjandi gögnum að tjónið hafi orðið vegna áfoks af völdum óveðurs. Telst tjón sem varð á A í umrætt sinn ekki bótaskyldt úr húftryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A er ekki bótaskyldt úr húftryggingu (kaskótryggingu) hennar.

Reykjavík, 16. október 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 238/2000
M og
Vátryggingafélagið V v/fjölskyldutryggingar og
Vátryggingafélagið T v/A og
Vátryggingafélagið AB v/vélknúins hlaupahjóls (B).

Árekstur bifreiðar og hlaupahjóls með hjálparmótor á Tangarhöfða í Rvk. , þ. 14.7. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 872/2000.
3. Tjónaskýrsla dags. 14.7.2000.
4. Fréttatilkynning dómsmálaráðuneytisins nr. 26/2000.
5. Bréf V dags. 28.7.2000 og 25.9.2000.
6. Bréf T dags. 15.9. og 27.9.2000.
7. Bréf AB dags. 14.8. og 6.10.2000.
8. Bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga dags. 11.8.2000. (SÍT)

Málsatvik.

A ók út frá bílastæði yfir gangstétt út á akveg. Ökumaður A segist hafa verið að aka útkeyrsluna þegar hlaupahjólinu var ekið á hægra frambretti A. Ökumaður B segist hafa ekið í hlið A. Ökumenn segja rafmagnsskúr hafa hindrað útsýni. Eigandi A krefst m.a. bóta úr fjölskyldutryggingu eiganda B vegna tjóns á A. V hafnar bótaskyldu og bendir á ákvæði í tryggingarskilmálum því til stuðnings. Þá segir V að A hafi borðið að sýna sérstaka aðgát í umrætt sinn þar sem A var ekið yfir gangstétt og megi ökumenn eiga von á álíka hraðskreiðum ökutækjum á gangstéttum og B. Í bréfi T. kemur fram, að A hafi ekki getað átt von á því að vélknúnu ökutæki væri ekið eftir gangstéttinni og þrátt fyrir að A hafi verið með hlaupahjól á hægri hönd gildi ekki varúðarregla 25.gr umf.l. í þessu tilfelli og á það bent, að 11. og 13.gr. umf.l banni vélknúnum ökutækjum að aka á gangstéttum. Í bréfi SÍT. segir að vélknúin hlaupahjól séu skráningarskyld og skuli stjórnendur hafa réttindi til að stjórna bifhjóli, hafa hjálm, láta skrásetja ökutækið og kaupa fyrir það lögboðnar vátryggingar. Í bréfi ABÍ segir að A beri sök á árekstrinum þar sem A hafði hlaupahjól á hægri hönd og beri félagið því ekki bótaskyldu en ljóst sé að tjónið bætist ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar.

Álit.

Vélknúna hlaupahjól er létt bifhjól skv. umf.l. nr. 50/1987. Slík hjól þarf að skrá, þau þurfa að hafa lögboðnar vátryggingar og ökumenn þeirra lúta sömu reglum og aðrir ökumenn vélknúinna farartækja. Tjón A bætist því ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sbr. tryggingarskilmála. Ökumaður B ók of hratt að því er virðist og var með ökutækið á þeim stað þar sem því er bannað að aka. Af þeim ástæðum þykir rétt, að vélknúna hlaupahjól beri alla sök gagnvart A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hjá V h.f.

Tjón A bætist af AB sbr. 2. mgr. 18.gr. reglug. nr. 556/1993

Reykjavík. 16.10.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 241/2000

M
og
Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bætur fyrir öryggishjálmm úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 955/2000.
3. Lögregluskýrsla og tjónstilkynning áskamt ljósmyndum.
4. Útdráttur úr vátryggingaskilmálum.
5. Tvö bréf X, dags. 4.9. og 5.10.2000.

Málsatvik.

Þann 17. ágúst 2000 ók M bifhjóli austur Krúhóla í Reykjavík og ætlaði að beygja norður Krummahóla. Í beygjunni rann hjólið á hliðina og féll M í götuna. Við það kveður hann öryggishjálmm sinn hafa skemmst.

Hefur hann krafðið X um bætur fyrir hjálmminn úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hafði keypt hjá félaginu.

X hefur hafnað bótum, einkum með vísan til þess að hjálmmurinn teljist ekki til innbús, hvorki almenns né sérgreinds, sem vátryggingin taki til. Þá hafi hjálmmurinn í umrætt sinn verið “á” ökutæki en ekki “í” ökutæki sem sé skilyrði þess að bætur greiðist fyrir skemmdir á innbúi vegna þess að ökutæki lendir í umferðaróhappi.

Álit.

Innbústryggingin tekur til “skemmda á innbúi sem er í ökutæki er lendir í umferðaróhappi.” Ákvæði þetta ber að skilja svo að vátryggingin taki til innbús sem flutt er með ökutæki. Hvort notuð sé forsetningin “á” eða “í” í tengslum við það hvort innbú sé flutt með ökutæki getur ekki ráðið úrslitum um það hvort bótaskylda sé fyrir hendi eða ekki.

Í 2. gr. skilmála fyrir innbústrygginguna segir að vátryggingin taki til almenns og sérgreinds innbús í eigu vátryggðu. Með almennu innbúi er átt við lausafjarmuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Einnig nær vátryggingin til almenns viðlegubúnaðar og tómtundaáhalda. Með sérgreindu innbúi er átt við nánar tiltekna muni sem taldir eru upp í skilmálunum. Öryggishjálmmur er ekki meðal þeirra muna. Hjálmmur, eins og hér um ræðir, er hluti búnaðar eða klæðnaðar sem einvörðungu er notaður við akstur bifhjóla eða annarra sambærilegra ökutækja. Slíkt getur ekki talist vera lausafjarmunur sem fylgir almennu heimilishaldi. Þá telst hjálmmurinn ekki til viðlegubúnaðar eða tómtundaáhalda. M.ö.o. hjálmmurinn telst ekki vera hluti af almennu innbúi vátryggðs. Af því leiðir að téður hjálmmur fæst ekki bættur úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingarinnar.

Niðurstaða.

Tjón vegna skemmda á hjálmi M fæst ekki bætt úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar hans hjá X.

Reykjavík, 16. október 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 263/2000

M
og
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar T.

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á malbikshrógu við Sjómannaskólann í Rvk. þ. 5. 9. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.10.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1033/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2000. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf Vátryggingafélagsins X dags. 25.9.2000 og 30.10.2000.
5. Bréf frá starfsmanni Reykjavíkurborgar dags. 12.9.2000.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni austur Háaleitisbraut í Reykjavík og beygði til vinstri áleiðis að Sjómannaskólanum og ók þá á malbikshaug sem var í aðkeyrslunni og segist M ekki hafa tekið eftir haugnum þarna á veginum. Starfsmaður Reykjavíkurborgar segir í bréfi að malbikshrógan hafi verið þarna eftir verktaka á vegum borgarinnar og hafi hann ekki leyfi til að skilja eftir sig efnisafganga. V hafnar bótaábyrgð á þeim forsendum, að tjónið verði fyrst og fremst rakið til eigin sakar M þar sem malbikshrógan hafi verið auðsjáanleg og í beinni sjónlínu ökumanns í þessu tilviki og birtuskilyrði ekki verið óhagstæð. M segist hafa ekið á um 20 km. hraða í umrætt sinn.

Álit.

Fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar, að verktakanum T hafi ekki verið heimilt að skilja eftir efnisafganga á götunni svo sem hann gerði. Almennt eiga ökumenn að geta gert ráð fyrir því að götur séu auðar og hindrunarlaugar, en verða þó að gæta fullrar varúðar vegna þess, sem kann að koma upp á og þeirrar varúðar virðist M ekki hafa gætt sem skyldi í umrætt sinn og ber hann því nokkra sök á óhappinu. T viðhefur ekki varúðarreglur sem krefjast verður af verktökum við aðstæður sem þessar þ.e. að fjarlægja efnisúrganga af akvegum eða þá ef það er ekki gert að merkja þá staði þar sem eftir er að ganga frá akvegum með fullnægjandi hætti, en það gerði T ekki í þessu tilviki og ber því bótaábyrgð gagnvart M í þessu tilviki, sem bætist úr ábyrgðartryggingu hans hjá V. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að M beri 1/3 sakar og vátryggingin bæti 2/3.

Niðurstaða.

M ber tjón sitt sjálfur að 1/3 en 2/3 tjónsins bætist úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík, 14.11.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 267/2000

(M) og
Líftryggingarfélagið (V) v. sjúkra- og slysatriggingar.

Maður slítur hásin við knattspyrnuíðkun þ.18.3. 2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 18.10.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 718/2000.
3. Tjónstilkynning dags. 10.5.2000.
4. Sjúkrasaga M.
5. Bréf lögmanns M dags. 21.8 og 16.11.2000.
6. Bréf V dags. 25.4.5.6., 25.9.,30.9.,31.10. og 24.11. 2000.
7. Yfirlýsing vitnis dags. 13.11.2000.
8. Yfirlýsing læknis dags. 15.11.2000.

Málsatvik.

M var við knattspyrnuíðkun og varð fyrir því að slíta hásin. Í aðgerðarlýsingu þeirra sem önnuðust M kemur fram að M hafi slitið hásin á klassískum stað. M fór fram á bætur frá V og telur sig hafa orðið fyrir bótaskyldu slysi. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða í umrætt sinn og því hafi M ekki orðið fyrir slysi í hefðbundinni merkingu þess orðs. V bendir á að M segist hafa verið í baráttu um boltann við tvo aðra leikmenn þegar hann fékk spark í vinstra fót, en M hafi ekki greint frá þessu þegar hann kom til aðgerðar á slyshadeild, þá hafi M ekki getið um þetta við fyrri umfjöllun málsins. V telur því ósannað að hásinaslitnið megi rekja til sparks í fótinn. Lögmaður M vísar til gagna tl. 7 og 8 og telur þau sýna ótvírætt fram á að M hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn og því um bótaskyldu V að ræða. Nefndin aflaði gagna. Fram kemur í yfirlýsingu læknis að um slys hafi verið að ræða en ekki sjúkdóm, en í sjúkraskýrslu sé skráð að um sjúkdóm hafi verið að ræða, sem að mati læknisins stafar af því að sá læknir sem skýrsluna gerði sé útlendingur og hafi ekki fullt vald á íslenskri tungu. Þá kemur fram í yfirlýsingu vitnis að hann hafi verið í fótbolta með M í umrætt sinn og séð það sem gerðist en það hafi verið að M hafi verið að kljást við annan mann og hafi hinn maðurinn ætlað að sparka í boltann en rekist í M sem hafi fallið við.

Álit.

Skv. yfirlýsingu læknis kemur fram, að M hafi orðið fyrir sparki og fallið við. Yfirlýsing læknis er gefin þ. 18.3.2000 vegna bótamáls M á hendur V og verður því að líta svo á að læknirinn sé að lýsa því yfir, að hásinarslitnið verði í beinu framhaldi af því sparki í M sem læknirinn lýsir og er það lagt til grundvallar í málinu að þetta felist í yfirlýsingu læknisins og með vísan til þess þá er um bótaskyldt slys að ræða. Skv. framanrituðu þá varð M því fyrir sparki með þeim afleiðingum að hásin slitnaði. M varð því fyrir slysi í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr slysatriggingu M hjá V.

Reykjavík. 7.12 .2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2000

M
og

Líftryggingarfélagið X v/sjúkra- og slysatryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu í framhaldi af slysi 29.11. 1999

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.11. 2000.
2. Bréf váttryggingafélagsins til málskotsaðila dags. 08.02. 1999.
3. Símbref lögmans M dags. 21.01. 2000.
4. Bréf váttryggingafélagsins til lögmans M dags. 25.01. 2000.
5. Bréf lögmans M til váttryggingafélagsins dags. 26.01. 2000.
6. Bréf váttryggingafélagsins til lögmans M dags. 11.02. 2000.
7. Bréf lögmans M til váttryggingafélagsins dags. 21.02. 2000.
8. Yfirlýsingar 3ja vitna dags. 23.08. og 28.08. 2000.
9. Bréf lögmans M til váttryggingafélagsins dags. 07.09. 2000.
10. Bréf váttryggingafélagsins til lögmans M dags. 25.09. 2000.
11. Bréf lögmans M til váttryggingamiðlunarinnar X dags. 03.10. 2000.
12. Bréf váttryggingafélagsins til úrskurðarnefndar dags. 17.11. 2000, þar sem hjálaga fylgdi álitserð læknis dags. 14.10. 1999, læknisvottorð dags. 08.04. og 18.10.1999 og álitserð örorkunefndar dags. 10.02. 1998.
13. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 557/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn eru ítarleg og upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M tók sjúkra- og slysatryggingu með aðstoð váttryggingamiðlunarinnar X í janúar 1999, en sú váttryggingamiðlun miðlar m.a. á vegum umrædds váttryggingafélags. Með aðstoð starfsmanns X var fyllt úr umsókn um nefnda váttryggingu. Álitæfni máls þessa er m.a. hvort M hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni með hliðsjón af váttryggingarsamningalögum nr. 20/1954. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að váttryggingafélagið fékk ekki upplýsingar um öll slys sem M hafði lent í.

M telur að hann hafi upplýst starfsmann X, þ.e. “sölumann tryggingarinnar” um heilsufar sitt og fyrri slys við töku váttryggingarinnar.

Váttryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingarsamninga, þar sem svör M í umsókn um váttrygginguna hafi ekki verið í samræmi við heilsufar hans á þeim tíma er váttryggingin var tekin. Váttryggingafélagið telur að það hefði hafnað töku váttryggingarinnar. M telur að hann hafi ekki gefið rangar upplýsingar við töku váttryggingarinnar. Hann hafi skýrt sölumanni váttryggingarinnar “samviskusamlega frá slysum sínum og veikindum.” Hann vekur athygli á fyrirliggjandi yfirlýsingum vitna. Hann telur að leggja verði vitneskju sölumannsins að jöfnu við vitneskju váttryggingafélagsins í samræmi við almennar reglur samninga- og váttryggingaréttar. M vísar til þess að hann hafi verið í góðri trú við töku váttryggingarinnar. Hann hafnar tilvísun félagsins til 6. gr. laga um váttryggingarsamninga. M telur að félagið hefði einungis undanskilið ábyrgð sína vegna afleiðinga slyss M þann 15.01. 1999 ef þær upplýsingar hefðu legið fyrir, sem félagið telur sig hafa skort. M telur að félagið sé skuldbundið af því sem fram hafi komið í samtölum hans og “umboðsmanns félagsins” þ.e. starfsmanns X. Hann telur að félagið sé bundið af því sem þar hafi komið fram og að félagið geti ekki borið fyrir sig að það hafi ekki haft vitneskju um tiltekin atriði “ef umboðsmanni þess var um það kunnugt, enda gilda hér um almennar reglur samningaréttar um umboð.”

Vátryggingafélagið lætur þess m.a. efnislega getið að ágreiningur aðila sé um það hvort upplýsingar M við töku vátryggingarinnar leiði til þess að félagið sé laust mála skv. ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um vátryggingarsamninga. Félagið vísar til fyrirliggjandi umsóknar um vátrygginguna og þeirra upplýsinga sem þar koma fram sem óþarft er að rekja hér í þessari umfjöllun. Félagið getur þess að í niðurlagi umsóknarinnar lýsi M því yfir sem umsækjandi að “hann hafi sjálfur svarað spurningum umsóknarinnar og samþykkir að hún ásamt vátryggingaskilmálum séu undirstaða og grundvöllur vátryggingarsamningsins milli hans og félagsins.” Þá vísar félagið og til þess að í lok yfirlýsingarinnar lýsi hann því yfir að hann hafi lesið yfirlýsinguna og að “öll svör við spurningum umsóknarinnar eru ítarleg og rétt.” Félagið telur að það verði eingöngu bundið á grundvelli upplýsinga sem fram koma í umsókninni sjálfri enda verði umsóknin ásamt vátryggingaskilmálum grundvöllur þess vátryggingarsamnings sem átti að gilda milli aðila. “Aðrar upplýsingar sem vátryggingamiðlunin hefur hugsanlega fengið en koma ekki fram í umsókninni geta ekki bundið félagið.” Vátryggingamiðlunin starfi sjálfstætt í skjóli leyfisveitingar og sé að öllu leyti óháð félaginu. Henni beri að gæta hagsmuna vátryggingartaka og vátryggjenda sbr. 3. mgr. 82. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994. Miðlunin starfi ekki sem umboðsmaður félagsins. Félagið verði ekki bundið af mistökum miðlunarinnar í þessu efni varðandi upplýsingagjöf af hálfu miðlunarinnar. Félagið hafnar kröfu M um að í gildi hafi verið bindandi vátryggingasamningur um slysa- og sjúkratryggingu þegar hann slasaðist í nóvember 1999.

Álit.

Nefndin telur nægilega í ljós leitt að upplýsingaskylda gagnvart vátryggingafélaginu hafi verið vanrækt. Hin vanræкта upplýsingarskylda hefur í þessu tilviki í för með sér að fallist er á sjónarmið vátryggingafélagsins þess efnis að vátryggingin hefði ekki verið tekin ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir. Bótaréttur er því ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingu sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Lögmaður M beindi þeim tilmælum til nefndarinnar að hún afli skýrslu eða yfirlýsingar frá starfsmanni vátryggingamiðlunarinnar um það sem honum var kunnugt um og fram fór milli hans og M við töku vátryggingarinnar. Lögmaðurinn vísar til þess að hann hafi farið fram á þetta við vátryggingafélagið en án árangurs. Nefndin telur ekki ástæðu til að verða við framanritaðri beiðni lögmannsins. Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að vátryggingamiðlari starfar sjálfstætt við miðlun vátrygginga. Hann er ekki umboðsmaður vátryggingafélags eða vátryggingafélaga. Honum ber að gæta hagsmuna beggja aðila þ.e. vátryggingartaka og vátryggjenda sbr. 3. mgr. 82. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum. Hafi starfsmaður vátryggingamiðlunarinnar búið yfir upplýsingum sem hann mátti vita að vátryggingafélagið hafi þurft að vera kunnugt um bindur það ekki hendur vátryggingafélagsins. Hafi starfsmaðurinn gert mistök við miðlun vátrygginga getur e.t.v. reynt á bótaábyrgð miðlunarinnar og um leið lögboðna starfsábyrgðartryggingu vegna miðlunar vátrygginga.

Niðurstaða.

Bótaréttur er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi slysa- og sjúkratryggingu.

Reykjavík 7. desember 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Vinnuslys í ostagerð þann 11.8.1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.11.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 262/1999.
3. Lögregluskýrslur ásamt ljósmyndum af vettvangi.
4. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 15.10.1998, ásamt ljósmyndum.
5. Læknisvottorð, dags. 26.2.1999.
6. Bréf lögmans M, dags. 1.9.1998, 30.11.1998, 18.2.1999
7. Bréf X, dags. 2.2.1999.

Málsatvik.

M var að morgni 11. ágúst 1997 að störfum í ostagerð A. Var hann við sérstakt ostakar, þar sem framleidd er kotasæla, og var að koma fyrir hræribúnaði sem fest er við drifbúnað fyrir ofan mitt karið. Hræribúnaðurinn er tindóttur armur á öxli og vegur 18,2 kg. Honum var komið fyrir á þann hátt að hann var settur ofan í botn karsins og síðan lyft um 4 cm upp í lás á drifbúnaðinum og um leið er honum stýrt í sæti sitt. Að svo búnu er lásnum lokað. Þurfti að lyfta hræribúnaðinum upp í karið og síðan að beygja sig yfir brún karsins meðan hann var festur við drifbúnaðinn. Bleyta var á gólfum í kringum karið, þegar slysið varð. M var í stígvélum sem eru sögð vera stöm á blautu gólfi. Vinnuaðstaða hafði verið óbreytt við ostakarið frá árinu 1955. M mun hafa unnið í 10 ár hjá A, en um tveggja mánaða skeið við umrætt ostakar.

M kvaðst hafa haldið á hræribúnaðinum með báðum höndum og verið með handleggja beina í 90° horni frá öxlum. Hann hafi þurft að beygja sig aðeins fram yfir brún karsins sem var í mittishæð. Hann hafi þá runnið í bleytu á gólfinu og fengið hnykk á bakið. Stuttu síðar hafi hann farið á Slysadeild. Kom í ljós brjósklos í baki og hefur hann þurft að gangast undir skurðaðgerðir af þeim sökum.

Í umsögn Vinnueftirlitsins segir að orsök slyssins megi rekja til þess að of mikið álag hafi verið á líkamann miðað við stöðu M, þ.e. að hann hafi verið að lyfta of miklu m þunga of langt frá sér. Þá segir að hálsa á gólfi hafi einnig getað leitt til þess að M hafi runnið til og við það fengið hnykk á bakið. Af hálfu eftirlitsins voru gerðar athugasemdir, helst að því er varðar vinnuaðstöðu við framleiðslu kotasælu þannig að hún uppfylli reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar.

Af hálfu M er talið að vinnuaðstaða sem hann þurfti að búa við hafi ekki verið forsvaranleg. Hún hafi brotið í bága við ýmis ákvæði í fyrrgreindum reglum nr. 499/1994, svo og ákvæði laga nr. 467/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Auðveldlega og án mikils kostnaðar hefði verið hægt að koma fyrir gólfgrindum til að koma í veg fyrir að starfsfólk rynni til í bleytu á gólfinu. Þá hafi oft verið kvartað yfir vinnuaðstöðu við gerð kotasællunnar.

Bótum hefur verið hafnað af hálfu tryggingafélagsins. Er á því byggt að ekki hafi verið kvartað yfir vinnuaðstöðu við ostakarið að öðru leyti en því að nota þurfti skóflur til að moka úr karinu. Aðstaða við karið hafi í engu verið frábrugðin því sem verið hafði til fjölda ára. Bleyta á gólfi sé

hluti af starfsumhverfi mjólkuriðnaðar og til staðar voru stígvél, sem voru stöm í hálfu, fyrir starfsfólk til að nota. Þá hafi það ekki verið ofraun að lyfta hræriverkinu upp í lásinn á drifbúnaðinum.

Álit.

M kveðst hafa runnið í bleytu á gólfinu og fengið hnykk á bakið. Ekki verður séð að gólf hafi í umrætt sinn verið hálli af völdum bleytu en venjulegt var. Samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins var M í stígvélum sem eru sögð vera frekar stöm á blautu gólfi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að það verði virt A til sakar þótt bleyta hafi verið á gólfum. Þá verður heldur ekki talið að meiðsl M megi rekja til þess að hann hafi verið að handleika of þunga byrði. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ennfremur að telja ósannað að slysið megi rekja til ófullnægjandi eða hættulegrar vinnuástöðu við ostakarið eða að slysið gerst með þeim hætti að A beri bótaábyrgð á líkamstjóni M. Að framangreindu virtu verður bótaábyrgð ekki lögð á A vegna þess líkamstjóns sem M hlaut, er hann rann á gólfinu.

Niðurstaða.

A ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 12. desember 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 285/2000

M og Vátryggingafélags (V) v/skilmála F+ tryggingar.

Óhapp þegar lampi féll í gólf og brotnaði þ.24.12.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 15.11.2000.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 474/2000.
3. Tjónstilkynning dags. 4.2.2000.
4. Ljósmyndir.
5. Bréf Vátryggingafélags (V) dags. 29.3., 3.4. og 23.11.2000.
6. Tölvupóstur og fax v/verðmats á lampa. dags. 23.11. og ódags.

Málsatvik.

Skv. tjónstilkynningu var fjölskylda M í jólaboði þegar tveggja ára sonur M sem var að leika sér inni flæktist í rafmagnssnúru sem var á lampa sem stóð á bekk og féll lampinn í gólfið og brotnaði. M er með F+ tryggingu hjá V og krefst bóta vegna tjónsins og að því er virðist er byggt á því að M hafi ekki sinnt aðgæsluhlutverki sínu með drengnum nægjanlega vel. V hafnar bótaskyldu og telur að húsráðendur geti ekki átt bótakröfu á barnið þar sem þeir hafi samþykkt veru þess í húsinu, þá hafi staðsetning lampans verið hættuleg auk þess sem V telur hæpið að um bótaskyldu sé að ræða vegna fjölskyldutengsla. V hafnar því að drengurinn hafi verið eftirlitslaus í umrætt sinn.

Álit.

Óhappið varð með þeim hætti að drengurinn flæktist í rafmagnssnúru með þeim afleiðingum að lampinn féll í gólfið. M var í umrætt sinn í boði ásamt fjölskyldu sinni og fleira fólki. Ekki verður séð að frágangur lampans og rafmagnssnúru sem við hann var tengd hafi verið viðunandi. Sök verður því ekki lögð á forráðamenn drengsins vegna þessa óhapps. Tjón þetta er því ekki bótaskyld úr F+ tryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki bótaskyld úr F+ tryggingu M hjá V.

Reykjavík, 19.12.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 288/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys við nýbyggingu Grafarvogskirkju í Reykjavík þann 4.1.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20.11.2000 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tilkynning atvinnurekanda til Vinnueftirlits ríkisins um slysið, ódagsett.
4. Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlits ríkisins, dags. 5.1.2000.
5. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 5.1.2000, ásamt ljósmyndum.
6. Skýrsla verkstjóra, dags. 16.5.2000.
7. Skýrsla málskotsaðila (óundirrituð), dags. 8.9.2000.
8. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 19.4.2000 og 20.7.2000.
9. Bréf X, dags. 30.5.2000, 24.7.2000, 8.11.2000 og 6.12.2000.

Málsatvik.

Þann 4.1.2000 var M við störf í nýbyggingu Grafarvogskirkju á vegum vinnuveitanda síns, A. M mun vera trésmiður að mennt og vann við að saga úr gólfplötu fyrir stigaopi á millilofti í eldhúsi kirkjunnar. Féll hann þá niður um opið og niður á steingólf. Var fallið um 2,90 m og hlaut hann nokkra áverka á baki og víðar. Lögregla var ekki kvödd á vettvang og Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið morguninn eftir að það gerðist. Engin vitni munu hafa orðið að slysinu.

Í umsögn Vinnueftirlitsins er haft eftir verkstjóra hjá A að það hafi verið 22 mm spónaplata sem M hafi verið að saga og hann hafi notað stingsög við verkið. Hann mun hafa kropsið við verkið, haldið sögninni með hægri hendi og með þeirri vinstri um bútin sem hann var að saga. Þegar hann var búinn að saga la ngleiðina í gegnum plötuna hafi búturinn brotnað með þeim afleiðingum að slinkur kom á M. Hafi honum þá skrið fótur í sagi á gólfinu og hann fallið niður um opið.

Í greinargerð með málskoti segir að M hafi verið að setja upp gólfbita og límtré í milliloft í eldhúsi kirkjunnar samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Við verkið hafi hann léttan vinnupall á hjólum. Þegar að því kom að M skyldi hefja vinnu við gerð gats fyrir hringstiga, hafi verkstjórinn viljað nota vinnupallinn við önnur verk. Hafi hann því tekið pallinn frá M, en í staðinn látið hann fá léttan álstiga til að komast upp á milliloftið. Eftir því sem M sagaði lengra fyrir opinu hafi hann færst lengra frá stiganum. Hafi hann þá staðið upp og ætlað ná í stigann. Þá hafi það gerst að spónaplatan hafi svignað undan þunga M, þar sem endi hennar hafi verið frír, og hann runnið til í sagi á plötunni. Hann hafi ekki náð til stigans og fallið niður á gólfið fyrir neðan.

Í niðurlagi fyrrgreindrar umsagnar Vinnueftirlitsins segir að slysið virðist helst mega rekja til þess að engar fallvarnir hafi verið við stigaopið. Gerð var krafa um að tryggt yrði að fallvarnir væru fyrir hendi við vinnu eins og hér um ræðir.

Af hálfu M er því haldið fram að varhugavert hafi verið að vinna við þær aðstæður sem þarna voru og kröfðust þess að ítrustu varúðar skyldi gætt. Það hafi verið á ábyrgð A að sjá til þess að starfsmönnum sé ekki gert að vinna við óviðunandi aðstæður eða ófullnægjandi öryggisbúnað m.a. með vísan til reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Er talið að orsök slyssins megi

rekja til þess að vinnupallurinn, sem M hafði haft til verksins, var tekinn af honum og honum falið að framkvæma verkið án þess að hafa vinnupallinn eða tryggilegar fallvarnir að öðru leyti.

Af hálfu tryggingafélags A er talið að ósannað sé að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar eða hættulegrar starfsaðstöðu sem A beri ábyrgð á. Hins vegar megi slysið einkum rekja til óaðgæslu M sjálfs. Er á það bent að trésmiðir í kirkjunni hafi haft til afnota tvo vinnupalla á hjólum, sem þeir færðu á milli verkefna án afskipta verkstjóra, auk fjölda hentugra vinnupalla sem hafi staðið í nokkurra metra fjarlægð frá M. M hafi verið fullfær um að meta aðstæður og gera viðeigandi öryggisráðstafanir án sérstakrar handleiðslu verkstjóra, en hann sé húsasmiður að mennt með afar langa starfsreynslu í störfum eins og hann vann við, er hann slasaðist.

Álit.

Málsaðilar bera um það með sitt hvorum hætti hvaða búnaður var M tiltækur til að varna því að hann félli niður á gólf, er hann vann við að saga op á milliloftið. Frásögn M er í stuttu máli á þann veg að hann hafi haft til afnota léttan vinnupall á hjólum, sem tekinn hafi verið af honum, en í staðinn hafi hann fengið álstiga til að notast við er hann sagaði opið. Á hinn bóginn er því haldið fram af A að M hafi getað notað tugi hentugra vinnupalla sem hafi verið á gólfi kirkjunnar í nokkurra metra fjarlægð frá honum. Þessari staðhæfingu hefur ekki beinlínis verið andmælt af hálfu M. Verður að ætla að fleiri vinnupallar hafi verið á vinnusvæðinu, sem M hafi getað notað við verkið, en einungis sá sem tekinn var af honum. Verkstjóri eða aðrir fyrirsvarsmenn A virðast engu að síður ekki hafa lagt það til við M að hann tæki annan vinnupall í stað þess sem var tekinn heldur látið duga að hann notaði álstigann. Þess hefur því ekki verið gætt sem skyldi af hálfu A að M hefði nægar fallvarnir eins og m.a. mælt er fyrir um í greinum 33.2 og 33.9 í B. hluta IV. viðauka um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Af þessum sökum ber A nokkra ábyrgð á líkamstjóni M. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að M, sem er trésmiður að mennt, átti að gera sér grein fyrir að fallvarnir voru ófullnægjandi og mögulegt var fyrir hann að bæta úr því. Þá sýndi hann talsvert gáleysi er hann færði sig til á spónaplötunni þannig að hún svignaði undan honum. Á hann því einnig sök á því hvernig fór. Að öllu athuguðu þykir rétt að A beri ábyrgð á líkamstjóni M að hálfu og M beri sjálfur tjón sitt að hálfu vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

X bæti líkamstjón M að hálfu úr frjálstri ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 19. desember 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 304/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna skemmda á glerborði þann 27.10. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið 07.12. 2000.
2. Tjónstilkynning dags. 05.11. 2000.
3. Bréf málskotsaðilans dags. 16.11. 2000.
4. Vátryggingaskilmálar fjölskyldutryggingar.
5. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 20.11. 2000.
6. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar dags. 18.12. 2000.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1232/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingartaki og eiginkona hans voru í heimsókn heima hjá M. Þau sátu við lágt glerborð í stofu. Mun eiginkona vátryggingartaka hafa rekið glas í brún glerborðsins með þeim afleiðingum að það brotnaði upp úr borðinu. Er glerplatan talin ónýtt.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu, það telur að tjónið verði ekki metið vátryggðum til sakar, heldur hafi hér verið um óhappatilvik að ræða, sem leiði ekki til skaðabótaskyldu. Félagið vísar til almennra reglna skaðabótaréttar um gáleysismat en það telur viðurkennt í íslenskum og dönskum rétt að vægu sakarmati skuli almennt beitt í tilvikum sem þessum.

M fjallar um aðstæður á vettvangi í málskotinu og það sem fram hafi farið milli aðila. Hann telur að rekja megi tjón máls þessa til gáleysis tjónvalds og því sé bótaábyrgð fyrir hendi “samkvæmt íslenskum skaðabótalögum.”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum getur nefndin ekki fallist á að bótaréttur sé fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða en ekki saknæmt atferli aðila.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 16. janúar 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 313/2000

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bæjarfélags

Eignatjón af völdum leka úr fráveitukerfi bæjarfélags 09.08. 2000

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.12. 2000.
2. Lögregluskýrslur (fjöldi skýrslna).
3. Greinargerð málskotsaðilans dags. 25.09. 2000.
4. Greinargerð tæknifræðings og verkfræðings bæjarins dags. 23.08. 2000.
5. Bréf bæjarlögmanns, dags. 31.08. 2000, til vátryggingafélagsins.
6. Ódagsett minnisblað vátryggingafélagsins Y (annars félags) vegna flóða sem urðu.
7. Upplýsingar um sjávarföll í ágúst 2000 og vottorð um veður.
8. Yfirlitstekningar vegna fráveitunnar.
9. Ljósmyndir.
10. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar dags. 18.01. 2001 þar sem hjálaga fylgdi tölvupóstur bæjarlögmanns dags. 16.01. 2001, símbref félagsins til bæjarlögmanns dags. 05.01. 2001, bréf félagsins til tjónpola dags. 27.11. 2000, bréf félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 27.11. 2000, tölvupóstur Tjónanefndar dags. 08.11. 2000 og 15.11. 2000, vottorð Veðurstofu Íslands, bréf vátryggingafélags Y dags. 09.10. 2000.
11. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1237/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Samkvæmt þeim varð tjón hjá allnokkrum eigendum fasteigna, þegar vatn flæddi upp úr niðurföllum, sem tengd eru fráveitukerfi bæjarins og olli m.a. skemmdum á gólfefnum og lausafármunum. Álitæfni er hvort M eigi skaðabótarétt á hendur bæjarfélaginu vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. Um málsatvik og afstöðu aðila vísast til fyrirliggjandi ganga sem óþarft er að geta ítarlega, en eftirfarandi skal getið til upplýsingar.

M gerir kröfu til lagnakerfis bæjarins að það sé hverju sinni í lagi og sé til þess hæft að flytja frá húsum skolp og annað, sem í lagnir bæjarins eigi að fara. Hann vísar til þess að rigningin hafi ekki verið slík að hún hafi átt að koma á óvart, hann telur að lagnakerfið eigi að geta tekið við rigningu sem þessari og að bæjarfélagið hafi ekki lagt fram gögn til stuðnings fullyrðingum sínum um að ekki sé unnt að gera þá kröfu að lagnakerfið geti tekið við því vatnsmagni sem raun varð á. Hann vísar og til þess að framkvæmdir á vegum bæjarins stóðu yfir, “búið var að binda einhverjar lagnir í kerfinu og gat vatn um þær lagnir því ekki runnið til sjávar.” Gera verði þá kröfu til bæjarfélaga að starfsmenn séu viðbúin því að bregðast við ef eitthvað kemur upp á t.d. hressileg rigning. Hann telur að “bindum laganna hafi verið óforsvaranleg þar sem ekki virðist hafa verið búið svo um hnúta að unnt hafi verið að losa “blindstíflu” ofan frá.” Hann telur að rekja megi tjónið til mannlegra mistaka. Hann vísar til greinargerðar bæjarverkfræðings (tæknifræðings) þar sem fram kemur “þegar lóðarbelgirnir loks náðust, fór strax að lækka

í fráveitukerfinu”. M vísar og til þess að lágstreymt hafi verið og því flóðhæðin “væntanlega ekkert með tjónið að gera”. Hann spyr og hvort íbúar megi búast við “reglulegum skolpgusum þegar það er hásjávað og rigning”. Hann telur og að engin hlutlaus úttekt sérfræðings hafi verið gerð á orsökum tjónsins. Varhugavert sé að leggja til grundvallar einhliða staðhæfingar starfsmanna bæjarins um að allt hafi verið gert sem í mannlegu valdi stóð til að fyrirbyggja tjón. Hann telur óupplýst í hvaða ástandi lagnir voru og að ekki liggja fyrir upplýsingar um “hvort aðskotahlutir hafi verið í lögnunum eða hvort lagnirnar hafi verið signar eða úr lagi”.

Vátryggingafélagið hafnar skaðabótaábyrgð vátryggingartaka (bæjarins), það telur ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Skaðabótaábyrgð verði eingöngu reist á sakargrundvelli í tilviki sem þessu og að um sönnunarstöðu fari eftir almennum reglum. Það telur að lagnakerfi vátryggingartaka standist þær lágmarkskröfur, sem gerðar verða til slíkra kerfa almennt. Það telur að í því tilviki sem hér er til umræðu hafi vatnsmagn af “ófyrrisédum og óviðráðanlegum ytri aðstæðum orðið svo mikið, að fráveitukerfið hafi ekki annað því.” M.a. er bent á að hástreymt hafi verið (þó ekki stórstreymi) og að úrkoma hafi verið óvenju mikil eða allt að 11,5 mm. á klst. En mest á um 15-20 mín. tímabili. “Telur vátryggingartaki ósannað að framkvæmdir við kerfið hafi leitt til tjónsins, en óvíst sé hvort tjóni hefði verið afstýrt þrátt fyrir að framkvæmdir stæðu ekki yfir.” Af skýringum vátryggingartaka verði jafnframt ráðið, að starfsmenn hafi hvorki sýnt af sér mistök eða vanrækslu við störf sín og þeir hafi brugðist skjótt við og með eðlilegum hætti þegar flóðsins varð vart. Félagið vísar m.a. til þess að í greinargerð tæknifræðings bæjarins komi fram að vatnsstaða í brunnum hafi farið “hægt minnkandi vegna mikillar rigningar eftir að síðasta haftið í lögnunum var losað.”

Álit.

Upplýst er að unnið var við endurbætur á fráveitukerfi bæjarins á þessum tíma. Gera verður kröfu til bæjarfélaga að lagnakerfi þeirra geti flutt það vatnsmagn þ. á m. skolp, sem gera má ráð fyrir að flytja þurfi. Misbrestur virðist hafa orðið á þessu. Með hliðsjón af framanrituðu er aukin sönnunarbyrði lögð á vátryggingartaka þ.e. bæjarfélagið við afgreiðslu málsins. Fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á að rekja megi tjónið til ófyrrisjáanlegra atvika. Ósannað er og að tjónið megi ekki rekja til þeirra endurbóta (framkvæmda) sem stóðu yfir.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er fallist á bótaábyrgð.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 31. janúar 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 321/2000

M
og
Vátryggingafélagið X / A og B

Árekstur á Eyrarvegi á Selfossi við gatnamót Lágheiðar þann 21.11.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.12.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt vettvangsupprætti.
4. Bréf ökumanns A, dags. 28.11. og 14.12.2000, ásamt athugasemdum á vettvangsupprætti.
5. Bréf ökumanns B, dags. 3.12.2000 og 7.1.2001.
6. Skýrsla vitnis, dags. 28.11.2000.

Málsatvik.

Vörubifreiðinni A sem dró festivagn var ekið suður Eyrarveg. Á eftir A var ekið bifreiðinni B. Á móts við Lágheiði var A sveigt til vinstri og síðan beygt til hægri inn á vinnusvæði vestan Eyrarvegar, þar sem unnið var að gatnagerð og jarðvegsvinnu vegna byggingaframkvæmda. Í sömu andrá var B ekið hægra megin fram úr A. Rakst þá hægra framhorn A í vinstri hlið B þannig að B færðist til hægri að mestu leyti út fyrir akbrautina. Bjart var af degi, sólskin og þurrt færi, þegar áreksturinn varð. Engin merki voru á árekstrarstað vegna framkvæmdanna vestan götunnar.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað inn á vinnusvæðið. Til að komast þangað hafi hann farið yfir á vinstri helming Eyrarvegar og síðan beygt til hægri og ætlað þar áfram eftir akbraut sem verið var að laga. Hann hafi ekið mjög rólega og ekki orðið var við B fyrr en árekstur varð. Hann kvaðst ekki geta fullyrt að hann hafi gefið stefnumerki til hægri, en taldi að svo hafi verið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið mjög rólega á eftir tveimur vörubifreiðum að hann taldi. Þeirri fremri hafi verið beygt til vinstri austur Lágheiði, en þeirri aftari að vinstri brún akbrautarinnar og taldi ökumaður B að henni yrði einnig ekið inn á Lágheiði. Ekki minntist hann þess að hafa séð stefnumerki á aftari bifreiðinni. Hann hafi því ekið hægra megin fram úr B og verið kominn langt fram með bifreiðinni, þegar henni var beygt til hægri. Hann hafi hemlað en ekki tekist að koma í veg árekstur.

Í síðari skýrslu kvað ökumaður A að engri vörubifreið hafi verið ekið á undan sér eins og ökumaður B hafi haldið fram. Áleit ökumaður A að ökumaður B hafi hugsanlega talið sjálfa A vera eina bifreið og festivagninn, sem A dró, aðra bifreið.

Eitt vitni kvað ökumann A hafa gefið stefnumerki til hægri, þegar hann ætlaði að beygja inn á vinnusvæðið. Þá hafi engin bifreið verið á undan A.

Álit.

Ökumaður A sveigði bifreið sinni yfir á vinstri hluta Eyrarveggar til móts við gatnamót Lágheiðar áður en hann beygði til hægri inn á vinnusvæðið vestan Eyrarveggar. Þótt aksturslag sem þetta hafi verið óhjákvæmilegt til að koma svo stórri bifreið sem A var með festivagninum inn á vinnusvæðið þá var það ekki í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að aka skuli sem næst hægri brún akbrautar og beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. ufl. hvíldi ennfremur sú skylda á ökumanni A að ganga úr skugga um að unnt hafi verið að taka beygjuna án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt, og gefa umferð á eftir sér sérstaklega gaum. Þessi skylda var enn ríkari en ella í ljósi þeirra aðstæðna sem sköpuðust á götunni, er hann tók beygjuna. Ökumaður A vissi á hinn bóginn ekki af ferðum B fyrr en árekstur varð. Þá var akstur A yfir á vinstri akrein Eyrarveggar til þess fallinn að gefa ökumanni B tilefni til að ætla að A yrði beygt til vinstri austur Lágheiði. Eins og hér stóð á var því afar brýnt að gefa stefnumerki um fyrirhugaða beygju til hægri tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, sbr. 2. og 4. mgr. 31. gr. ufl. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki talið nægilega sannað að ökumaður A hafi gefið stefnumerki með greinilegum hætti og í tæka tíð þannig að ökumaður B hafi átt möguleika til að haga akstri sínum með tilliti til þess að A yrði beygt til hægri. Að þessu virtu verður að telja að ökumaður A hafi orðið á slík mistök, er hann undirbjó fyrirhugaða beygju til hægri, að hjá því verði ekki komist að leggja á hann sök á árekstrinum. A var beygt til vinstri og eins og áður getur var akstur A til þess fallinn að gefa ökumanni B tilefni til að ætla að A yrði beygt til vinstri. Við þessar aðstæður mátti ökumaður B gera ráð fyrir að honum væri heimilt að aka hægra megin fram úr A, sbr. 1. mgr. 21. gr. ufl. Samkvæmt þessu eru ekki talin næg efni til að leggja sök á ökumann B vegna áreksturs þessa.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 31. janúar 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727
